

Júní 2019



Menntun fyrir alla – horft fram á veginn

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðuneytis um niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2018, ásamt tillögum um hvernig festa megi betur í sessi stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla á Íslandi

Skýrsluhöfundar:

Dr. Birna Svanbjörnsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Dr. Edda Óskarsdóttir, aðjúntk við Háskóla Íslands og starfsmaður Evrópumíðstöðvar

Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri

Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Dr. Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri

Trausti Þorsteinsson, dósent við Háskólann á Akureyri

SAMANTEKT OG YFIRLIT UM TILLÖGUR	3
1. INNGANGUR	6
2. MÚRINN – VARÐAN	8
3. FRÆÐILEGT SAMHENGI	10
VIÐHORF	10
STEFNA OG SÝN	11
SAMSTARF OG SAMTAL	12
MENNTUN KENNARA OG STARFSÞRÓUN	13
STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR OG ÞARFIR ÞEIRRA: PERSÓNUMIÐUN EÐA EINSTAKLINGSMIÐUN	14
NÁM OG KENNSLA – FJÖLBREYTT NÁMS- OG KENNSLUUMHVERFI	15
NÁMSMAT	16
LÆRDÓMSSAMFÉLAG OG KENNSLUFRÆÐILEG FORYSTA	18
<i>Kennslufræðileg forysta</i>	19
4. VISTKERFI MENNTUNAR (ECO-SYSTEM)	21
UMGJÖRÐ RÍKISINS – RÁÐUNEYTI	22
UMGJÖRÐ SVEITARFÉLAGA	23
SKÓLINN SEM STOFNUN	24
NÁMSRÝMI	25
NEMANDINN	26
5. TILLÖGUR UM AÐGERÐIR	27
1. NEMANDINN	27
2. KENNARAMENNTUN OG STARFSÞRÓUN	28
3. LÆRDÓMSSAMFÉLÖG	29
4. STARFSADSTÆÐUR Í SKÓLUM	30
5. MAT Á SKÓLASTARFI	31
6. SKÓLAÞJÓNUSTA	33
7. SAMSPIL KERFA OG NÝTING FJÁRMAGNS	34
6. LOKAORÐ	36
HEIMILDIR	37
FYLGISKJAL 1	44

Samantekt og yfirlit um tillögur

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er gerð að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kjölfar fundar sem efnt var til um allt land til að ræða um menntun fyrir alla sem lið í mótun menntastefnu til 2030.


Á fundunum með fulltrúum leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundþjónustu, foreldrum, skólaþjónustu, skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu unnu þátttakendur hópverkefni þar sem þeir íhuguðu skilgreiningu sem lögð var fram á menntun fyrir alla og reyndu að sjá fyrir sér helstu hindranir sem stæðu í vegi fyrir virkri þátttöku nemenda í skólasamfélaginu og hvernig unnt væri að ryðja þeim úr vegi eða gera þær óskaðlegar. Að lokum komu þátttakendur sér saman um tíu mikilvægustu aðgerðirnar til að efla menntun fyrir alla og settu þær í forgangs röð í mynd af vörðu. Niðurstaða þessarar forgangsröðunar er nánar útskýrð í skýrslunni sjálfri.

Því næst í skýrslunni er umræðan um menntun fyrir alla sett í fræðilegt samhengi í köflum um viðhorf, stefnu og sýn, samstarf og samtal, menntun kennara og starfsþróun, stuðning við nemenda og þarfir þeirra, nám og kennslu, námsmat, lærdómssamfélag og kennslufræðilega forystu.

Þetta fræðilega baksvið er síðan dregið saman í líkan af vistkerfi menntunar sem sýnt er hér til hliðar.

Í skýrslunni eru að lokum settar fram tillögur í sjö

liðum sem miða að því að efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum. Tillögurnar eru byggðar á grunni niðurstaðnanna sem birtast í vörðunni, fræðilegu samhengi og síðast en ekki síst á vistkerfinu sem nefnt er að framan. Tillögurnar eru byggðar á því að sameiginlegt markmið allra aðgerðanna sem í þeim felast sé að auka gæði náms allra nemenda og að menntakerfið í heild beri sameiginlega ábyrgð á því. Engu að síður er gengið út frá því að ábyrgð á tilteknum málaflokkum geti tilheyrt einu eða fleiri lögum í vistkerfinu sérstaklega og séu á ábyrgð hagsmunaaðila og stjórnenda sem þar starfa.



Tillögurnar í hnotskurn eru í eftirfarandi töflu.

Nr.	Tillögur	Námsrými nemenda	Skólinn sem stofnun	Umgjörð sveitarfélaga	Umgjörð ríkisins
1.	Markmið allra tillagna beinist að því að nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu, tilheyri styðjandi námssamfélagi í skóla þar sem fjölbreytileiki er virtur, búi við sambærileg gæði námsreynslu og námsumhverfis, fái vitsmunalega kerfjandi viðfangsefni sem hæfa þeim, nái árangri og hafi lýðræðislegan rétt til sjálfræðis og þátttöku í ákvörðunum um nám og annað skólastarf.				
2.	Kennaramenntun og starfsþróun				
2.1	Lögð verði áhersla á að styrkja kennslufræði menntunar fyrir alla og leiðsagnarmat í kennaramenntun og starfsþróun kennara.		x	x	x
2.2	Fjölgað verði verulega tækifærum kennara til að sameina faglegt nám og starfsþróun.	x	x	x	x
2.3	Kennslufræði menntunar fyrir alla verði þungamiðja starfsþróunaráætlana og starfsþróunar í hverjum skóla.	x	x	x	
2.4	Stuðningur við starfsþróun kennara og þróun lærdómssamfélaga í skólum verði eitt af lögbundnum hlutverkum þeirra háskóla sem annast menntun kennara.			x	x
3.	Lærdómssamfélög				
3.1	Þróun faglegra lærdómssamfélaga verði skilgreind sem lykilþáttur í þróun skólastarfs.	x	x	x	x
3.2	Gerð verði áætlun um eflingu lærdómssamfélaga í skólum landsins með sameiginlegu átaki.	x	x	x	x
3.3	Stofnað verði fag- eða samstarfsráð um menntun fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.				x
4	Starfsaðstæður í skólum				
4.1	Leikskólakennurum verði tryggður tími til að sinna undirbúningi og starfsþróun á vinnutíma.			x	
4.2	Gert verði átak til að fjölga menntuðum leikskólakennurum.			x	x
4.3	Haldið verði áfram að rannsaka orsakir vaxandi álags og kulnunar meðal kennara og ráðist í breytingar á starfsumhverfi þeirra á grundvelli niðurstaðna.	x	x	x	x
5.	Mat á skólastarfi				
5.1	Gert verði átak til að efla sjálfsmat í skólum á öllum skólastigum og hagnýtingu þess sem leiðsagnarmats.	x	x	x	x
5.2	Sett verði viðmið um gæði skólastarfs, sem taka mið af menntun fyrir alla.		x	x	x
5.3	Tryggt verði að skólar njóti stuðnings við framkvæmd og úrvinnslu sjálfsmats.	x	x	x	x
5.4	Gert verði átak til að styðja skóla á öllum skólastigum í að hagnýta niðurstöður ytra mats.	x	x	x	x
6.	Skólaþjónusta				
6.1	Komið verði á heildstæðri skólaþjónustu sem nær til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.			x	x
6.2	Skólaþjónusta verði eflid og gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki sínu á öllum skólastigum skv. reglugerð nr. 584/2010: „að efla skóla sem faglegar stofnanir ...“.			x	x

6.3	Dregið verði úr vægi læknisfræðilegrar nálgunar að viðfangsefnum skólaþjónustu en þess í stað lögð áhersla á stuðning við kennara og skóla.	x	x	x	x
6.4	Minni sveitarfélög myndi landshlutasamtök um rekstur skólaþjónustu.			x	
6.5	Komið verði á virkara og víðtækara samstarfi milli háskóla og skólaþjónustu um starfsþróun og rannsóknir á skólasterfi.		x	x	x
6.6	Reglugerð um skólaþjónustu verði endurskoðuð, sett viðmið um starfshætti þjónustunnar og Menntamála-stofnun falið að annast reglubundið ytra mat á þjónustunni á grundvelli þeirra.			x	x
7.	Samspil kerfa og nýting fjármagns				
7.1	Haldið verði áfram því starfi sem hafið er við að endurskoða útdelingu fjármagns frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og sveitarfélögum þannig að hún sé í þágu menntunar fyrir alla og nýtist sem best við að efla lausnir innan sem utan skóla til að stuðla að henni.			x	x
7.2	Unnið verði skipulega að því að koma á samhæfingu þeirra þjónustukerfa utan skólanna (skólaþjónustu, félags- og velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu) sem styðja einstaka nemendur, fjölskyldur og skóla við að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda á heildrænan hátt.		x	x	x
7.3	Skólar fái markvissan stuðning og kennslumiðaða ráðgjöf (e. school based consultation) frá skólaþjónustu við að innleiða starfshætti sem samhæfa vinnu sérfræðinga innan skólans í málefnum einstakra nemenda og sérfræðinga utan hans.	x	x	x	x

1. Inngangur

Á haustmánuðum 2018 var boðað til funda með fulltrúum allra sveitarfélaga í landinu til að ræða um menntun fyrir alla¹, sem lið í mótun nýrrar menntastefnu til 2030 (hér eftir nefnd fundaröðin). Eitt af markmiðum menntastefnunnar er að tryggja að allir í skólasamfélaginu² líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Í skýrslu Evrópumíðstöðvar um sérþarfir og menntun án aðgreiningar (2017) varðandi framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi³ kemur m.a. fram að efna þurfi til víðtækrar umræðu um inntak stefnunnar og innleiðingu hennar á meðal þeirra sem koma að uppeldi og menntun barna og ungmenna. Í kjölfarið stóð mennta- og menningarmálaráðherra og stýrihópur um menntun fyrir alla fyrir fundaröð (sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/08/09/Motun-menntastefnu-Islands-til-arsins-2030-fundarod-i-haust>) um allt land til að bregðast við einum af sjö niðurstöðum úttektarinnar: „Tryggt verði að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur“. Í skýrslunni kemur fram að þessi tillaga sé undirstaða þeirra sem á eftir fylgja og varði alla þætti tengslakerfis menntunar án aðgreiningar: nærkerfi, miðkerfi, stofnanakerfi og heildarkerfi.

Haldinn var 41 fundur, 18 morgunfundir og 23 síðdegisfundir. Á morgunfundunum var fundað með forsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga og ábyrgðaraðilum mennta-, félags- og heilbrigðismála ásamt fulltrúum frá Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Menntamálastofnun, Heimili og skóla, kennaramenntunarstofnunum og aðilum úr stýrihópi um eftirfylgni úttektar um menntun fyrir alla. Á síðdegisfundunum var fundað með fulltrúum leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundapjónustu, foreldrum, skólaþjónustu, skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu (sjá frekari upplýsingar um fyrirkomulag fundanna og þátttöku í Áfangaskýrslu, fylgiskjal nr. 1)

Fræðsluerindi um inntak menntastefnu um menntun fyrir alla, sem flutt var á síðdegisfundunum, var í höndum starfshóps sem skipaður var sérfræðingum úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Í starfshópnum voru dr. Birna Svanbjörnsdóttir, lektor við HA, dr. Edda Óskarsdóttir, aðjúntk við HÍ og starfsmaður Evrópumíðstöðvar, dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við HA, Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar við HA, dr. Rúnar Sigþórsson, prófessor við HA, og Trausti Þorsteinsson, dósent við HA. Erindið var í tveimur hlutum og flutningur hverju sinni í höndum tveggja fulltrúa hópsins. Í kjölfar erindisins var verkefni lagt fyrir þátttakendur í hópum. Verkefnið ber heitið

¹ Hugtakanotkun á íslensku um það sem á ensku er jafnan nefnt *inclusive education* eða *inclusive school* hefur tekið nokkrum breytingum á síðustu árum, samhliða þróun umræðunnar á ýmsum vettvangi. Höfundar skýrslunnar taka ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að nota tiltekið orðalag umfram annað en benda á að í núgildandi lögum og aðalnámskrám er orðasambandið *skóli án aðgreiningar* notað. Það er einnig ríkjandi í fræðilegum hluta þessarar skýrslu en í tillögugerðinni er orðalagið *menntun fyrir alla* ríkjandi. Það þótti bæði þjálfa í ýmsum samsetningum og vísa fram á veginn, meðal annars með tilvísun til mótunar menntastefnu til 2030.

² Þegar talað er um *skóla*, *skólastarf* og *skólasamfélag* í skýrslunni er jafnan vísað til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nema annað sé tekið fram.

³ Hér eftir er heiti stofnunarinnar jafnan stýtt í *Evrópumíðstöðin* og heiti skýrslunnar í *skýrsla Evrópumíðstöðvar* (2017) og á nokkrum stöðum er, þar sem við á, talað um *úttektarhóp Evrópumíðstöðvarinnar*.

Múrinn og var fyrirmyndin sótt í bókina *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólasterfi* (Rósa Eggertsdóttir o. fl., 2002) en starfshópurinn lagaði það að viðfangsefni fundanna. Yfirskrift verkefnisins var *Menntun fyrir alla – Að ryðja hindrunum úr vegi* (sjá fylgiskjal 1). Það var þríþætt og lokaafurðin var varða með tíu atriðum sem hver hópur fyrir sig kom sér saman um að væru mikilvæg til að efla menntun fyrir alla. Vörður allra hópanna, þar sem þessum atriðum var raðað í forgangs röð, voru síðan greindar svo úr varð ein lokavarða sem tillögur skýrslunnar byggja meðal annars á.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er í sex köflum auk fylgiskjala. Að loknum inngangi er hópverkefninu lýst. Því næst er fræðileg samantekt í sama anda og fyrirlestrar hópsins í fundaröðinni þar sem fjallað er um menntun fyrir alla og lærdómssamfélög frá ýmsum sjónarhornum. Þessari samantekt er ætlað að undirbyggja tillögur skýrslunnar um aðgerðir til að efla menntun fyrir alla í íslenska skólakerfinu. Því næst er kynning á líkani um menntakerfi án aðgreiningar undir heitinu „Vistkerfi menntunar“. Líkanið er sett fram til að varpa ljósi á lagskiptingu menntakerfisins og hvernig einstök lög þess og samhæfing þeirra hafa áhrif á nám nemenda. Fimmti kafli skýrslunnar er tillögur höfunda hennar um aðgerðir til að efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum. Tillögurnar eru bæði tengdar niðurstöðum hópverkefnisins og vistkerfi menntunar, bæði hvað varðar aðgerðir og ábyrgðarskyldu gagnvart framkvæmd þeirra. Að endingu eru lokaorð þar sem nauðsyn framtíðarsýnar og áframhaldandi þróunarstarfs er áréttuð.

2. Múrin – Varðan

Markmið verkefnisins var að gefa þátttakendum færi á að íhuga það sem þeir teldu að stæði í vegi fyrir því að skólastarf einkenndist af menntun fyrir alla og sjá jafnframt fyrir sér hvernig ryðja mætti hindrunum úr vegi eða gera þær óskaðlegar. Um leið þurftu þátttakendur að ígrunda og samræma hugmyndir sínar um hvað hugtakið þýddi í raun og veru og hvers konar starfshættir samrýmdust skólastarfi sem hefði slíka menntun að leiðarljósi. Í verkefninu var gengið út frá eftirfarandi skilgreiningu:

Með menntun fyrir alla er átt við opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglínga þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í slíku menntakerfi er litið á fjölbreytileika sem meginreglu og leitast við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu með merkingarbærri námskrá, skilvirkri kennslu og nauðsynlegum stuðningi.

Verkefnið var í þremur hlutum:

- Í fyrsta hluta unnu þátttakendur hver fyrir sig; íhuguðu skilgreininguna á menntun fyrir alla sem gengið var út frá í verkefninu og áttu að sjá fyrir sér þá þætti sem þeir töldu að stæðu í vegi fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu (þ.e. að skilgreina fyrir hvað steinarnir í múrnum stæðu).
- Í öðrum hluta unnu þátttakendur í pörum, samræmdu það sem þeir skráðu í fyrsta hluta og ræddu og skráðu niður það sem þeir töldu unnt að gera til að ryðja hverri hindrun úr vegi eða gera hana óskaðlega (þ.e. brutu niður múrinn).
- Í þriðja hluta sameinaðist hópurinn og hvert þar kynnti niðurstöður sínar úr öðrum hluta. Hópurinn kom sér síðan saman um tíu mikilvægustu aðgerðirnar til að efla menntun fyrir alla og raðaði þeim í forgangsröð (þ.e. byggðu vörðu).

Þátttakendur voru númeraðir og þeim skipað í sex til átta manna hópa. Tilviljun réði samsetningu hópanna. Tveir til tíu hópar voru á hverjum fundi. Áður en vinnan hófst var hver hópur beðinn að tilnefna umræðustjóra og ritara sem fékk tölvu og minnislykil til umráða og hafði það hlutverk að skrá lokaniðurstöðu hópsins í þriðja hluta verkefnisins (þ.e. uppbyggingu vörðunnar) og skila til fundarstjóra. Upplýsingar um greiningu niðurstaðna úr hópverkefninu er að finna í Áfangaskýrslu (sjá fylgiskjal nr. 1). Niðurstöðurnar sjálfar voru settar fram í Vörðu (mynd 1) sem lýsir forgangsröðun þátttakenda á þeim viðfangsefnum sem þeir töldu brýnast að bregðast við.



Mynd 1. Varðan – niðurstöður úr hópavinnu

Þemu vörðunnar endurspeglar því „ákall“ skólasamfélagsins um breytingar. Við ritun skýrslunnar var „ákallið“ greint nánar og úr urðu sex þemu sem tillögurnar í 5. kafla eru meðal annars byggðar á. Þemur eru: *Kennaramenntun og starfsþróun, lærdómssamfélag, starfsaðstæður í skólum, mat á skólastarfi, skólaþjónusta og samspil kerfa*. Í öðru lagi eru tillögurnar byggðar á fræðilegum skrifum, innlendum og erlendum, sem tengjast þemum vörðunnar og í þriðja lagi á líkani af vistkerfi menntunar (sjá 4. kafla) sem sýnir á táknrænan hátt samsetningu menntakerfis sem heild og hvernig mismunandi lög þess hafa áhrif á nám nemenda.

3. Fræðilegt samhengi

Í þessum kafla er gerð grein fyrir því fræðilega samhengi sem menntun fyrir alla er sprottin úr, með sérstakri áherslu á leiðir til að þróa skólastarf fyrir alla. Áhersla er lögð á að draga fram íslenskar rannsóknir sem tengjast viðfangsefninu.

Viðhorf

Líklega er *viðhorf til skóla án aðgreiningar* (e. inclusive education) sá hluti heildarsamhengis menntunar fyrir alla sem hvað mest hefur verið rannsakaður á alþjóðlegum vettvangi. Viðhorf er hins vegar afar flókið fyrirbæri, ekki síst vegna þess hversu nátengt það er okkar persónulega sjálfi, skilningi okkar á heiminum og þeim aðstæðum sem við búum í. Þessar rannsóknir, sem flestar hafa yfirskriftina *viðhorf til skóla án aðgreiningar*, fjalla einnig um afar breitt svið, allt frá viðhorfi til þess að fötluð börn séu í almennum skólum til þess að sinna nemendum með fjölbreyttar þarfir. Í tilfelli kennara og skóla án aðgreiningar hefur til dæmis komið í ljós að munur er á viðhorfum almennra bekkjarkennara og sérkennara (Rannveig Klara Matthíasdóttir, Amalía Björnsdóttir og Dóra S. Bjarnason, 2013), að persónuleg reynsla kennara hefur áhrif (Hermína Gunnþórsdóttir, 2010), sem og menntun og starfsreynsla, og svo mætti lengi telja. Því er mikilvægt að rannsóknir og kannanir um viðhorf séu túlkaðar út frá því samhengi sem þær eru gerðar í; þær eru vissulega afmarkaðar í sjálfu sér en gefa samt sem áður mikilvægar vísbendingar um það hvernig starfsfólk skóla og foreldrar hugsa um fyrirbærið skóla án aðgreiningar.

Í erlendum yfirlitsrannsóknnum sem fjallað er um í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (2010) hefur t.d. komið í ljós að gjarnan má skipta viðhorfi kennara í tvo flokka. Annars vegar eru það viðhorf sem einkennast af *fastheldni* í skoðunum (e. traditionalism). Þær fela í sér hugmyndir um menntun þar sem áhersla er á raunverulegan sannleika og reglur, hina vitsmunalegu hlið og mælikvarða á menntun, námsgreinar, trúarleg og siðferðileg gildi, hefðir, aga og val kennarans og undirbúning fyrir frekara nám. Hins vegar eru viðmið sem einkennast af hugmyndum um *framfarir* (e. progressivism) og heildræna sýn á menntun barnsins. Samkvæmt þessum hugmyndum er litið er svo á að menntun einkennist af áherslu á þarfir og áhuga barnsins, frelsi barnsins og kennarans, frjálslyndi, mikilvægi lífsreynslu í menntun, gæði kennslu kennara og náms nemenda, lýðræðislegan þegnskap og líkamlegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska. Þeir sem hafa neikvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar aðhyllast öllu heldur skoðanir sem flokka má sem fastheldnar frekar en framfarasinnaðar.

Í erlendum yfirlitsrannsóknnum, sem dæmi eru um, er reynt að greina undirliggjandi ástæður fyrir ólíkum viðhorfum og hvað það er sem veldur andstöðu eða samþykki við menntastefnu sem einkennist af skóla án aðgreiningar. Í rannsókn Avramidis og Norwich (2002), sem er greining á rannsóknnum á viðhorfum til blöndunar (e. integration) og skóla án aðgreiningar (e. inclusion) sem gerðar voru á árunum 1980–2000, kemur fram að engin ein skýring sé haldbær til að útskýra viðhorf kennara. Þeir benda hins vegar á að viðhorf kennara sé þeim mun jákvæðara því meiri viðeigandi fræðslu sem þeir hafa fengið, ásamt upplýsingum og stuðningi frá stjórnendum. Þeir benda jafnframt á að skoðanir og viðhorf kennara gegni lykilhlutverki við framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar.

Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (2010), þar sem rýnt er í hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara um skóla án aðgreiningar, kemur fram að fyrri reynsla af hvers kyns

margbreytileika birtist í jákvæðara viðhorfi viðmælanda til skóla án aðgreiningar. Þetta átti við um kennara í báðum löndum. Þetta er einnig vel þekktur þáttur í öðrum rannsóknum (sbr. Elhoweris og Alsheikh, 2006). Athyglisvert er hins vegar að þessi reynsla kennara er ekki tengd kennaranámi þeirra, heldur t.d. því sem þeir gera í frítíma sínum; samskiptum þeirra við fjölskyldur þar sem er fólk með fötlun; uppeldi þeirra og áhrifum samstarfsfólks. Annað form reynslu sem skilar sér í jákvæðu viðhorfi til margbreytileika er sú reynsla sem kennarar afla sér með kennslu nemenda sem hafa margvíslegar þarfir. Kennarar tjá sig einlæglega um að það sé erfiðara og meira krefjandi að hafa slíka nemendur í almennum bekkjum en telja jafnframt að sú reynsla geri þá að betri kennurum fyrir öll börn.

Í rannsókn Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2006), sem fjallaði m.a. um breytingar á störfum kennara, kom fram að kennarar voru ekki allir sáttir við framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar og töldu margir að hún kallaði á aukna vinnu sem hvorki væri gert ráð fyrir í tíma né launum. Þessi niðurstaða er í raun staðfest í nýlegri rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2014) en þar kom fram að hugmyndir kennara um skóla án aðgreiningar eru mótsagnakenndar; þeir sjá ekki að „inclusion“ sé hluti af starfi þeirra og líta á „inclusion“ sem viðbót við kennslu hins „normal“ nemanda.

Stefna og sýn

Þegar rýnt er í opinber stefnuskjöl, svo sem þróun laga og aðalnámskráa síðustu tuttugu til þrjátíu árin, má segja að hugmyndafræðileg áhersla á menntun fyrir alla verði skýrari með hverri endurnýjun (Gretar L. Marínsson og Dóra S. Bjarnason, 2016). Núgildandi lög og aðalnámskrá taka af allan vafa um hlutverk skólans sem lýðræðislegs vettvangs samstarfs, ábyrgðar og virðingar fyrir manngildi þar sem leitast skal við að útrýma hvers konar mismun og aðgreiningu (lög um leikskóla nr. 90/2008; lög um grunnskóla nr. 91/2008; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Í úttektarskýrslu Evrópumíðstöðvarinnar (2017) kemur fram að flestir viðmælendur töldu að löggjöf og opinber stefnumörkun á sviði menntunar án aðgreiningar væri bæði markviss og ítarleg. Hins vegar væri framkvæmd stefnunnar erfiðleikum bundin (bls. 59). Í skýrslunni er dregin sú ályktun að skólasamfélagið hafi hvorki skýra mynd af hugtakinu menntun án aðgreiningar né fullnægjandi skilning á því og þar af leiðandi liggi ekki nægilega skýrt fyrir hvað skólastarf á þeim grundvelli felur í sér. Þessi viðhorf enduróma víða í íslenskum rannsóknum þar sem stjórnendur, kennarar og foreldrar telja að himinn og haf sé á milli opinberrar stefnumótunar og framkvæmdar í skólum (sjá t.d. Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016; Rannveig Klara Matthíasdóttir, Amalía Björnsdóttir og Dóra S. Bjarnason, 2013).

Ríkið setur menntastefnu í landinu sem sveitarfélögum⁴ er ætlað að framfylgja. Sveitarfélögin reka einnig skólaþjónustu sem á að styðja við starf skóla og kennara.⁵ Um hana gildir sérstök reglugerð um

⁴ Í skýrslunni er langoftast vísað til sveitarfélaga á þann almenna hátt sem hér er gert og þá jöfnum höndum átt við Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög án þess að gera sérstakan greinarmun þar á.

⁵ Hér er nauðsynlegt að áréttast að með skólaþjónustu er átt við þá þjónustu sem fellur undir reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 584/2010). Árið 2016 varð sú breyting á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) að í stað heitisins *sérfræðiþjónusta* grunnskóla var tekið upp heitið *skólaþjónusta* grunnskóla. Sambærileg breyting hefur þó hvorki verið gerð á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) né reglugerðinni um sérfræðiþjónustu (nr. 584/2010). Í skýrslunni er jafnað talað um *skólaþjónustu* nema þar sem vísað er til skjala sem enn eru í gildi án þess að hugtakinu hafi verið breytt í þeim.

sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 584/2010). Í reglugerðinni kemur fram að sérfræðipjónustan taki bæði til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra, sem og til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Sérfræðipjónustan skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á (sbr. 2. gr.).

Á sveitarfélögum hvílir því rík ábyrgðarskylda og hlutverk hvað stuðning varðar. Í rannsókn Helga Gíslasonar og Önnu Kristínar Sigurðardóttur (2016) á stefnu sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar kom hins vegar fram að sveitarfélögin sem rannsökuð voru styðjast að miklu leyti við niðurstöður læknisfræðilegra greininga við úthlutun fjármagns en ekki kennslufræðilegt mat á þörfum nemenda. Höfundar draga þá ályktun að sú sýn sem birtist í stefnuskjölum sveitarfélaga um hlutverk stoðþjónustu sé enn að nokkru leyti í ósamræmi við stefnuna um skóla án aðgreiningar og að mikil þörf sé á að skýra betur hvað stefnan felur í sér í daglegu starfi grunnskóla. Sambærilega niðurstöðu má sjá í skýrslu Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands um samantekt á lögum og fræðilegu efni um skóla án aðgreiningar (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Þar kemur fram að ramminn um samstarf menntageirans og félags- og heilbrigðiskerfisins sé brotakenndur og óskýr og til að uppfylla ákvæði laga og alþjóðasamþykktta betur en nú er gert þurfi að styðja sveitarfélög og skóla til frekari sveigjanleika.

Samstarf og samtal

Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* kom fram (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014) að foreldrar og starfsmenn skóla töldu samstarf sín á milli nauðsynlegt fyrir velferð og nám barna og unglunga. Jafnframt kom fram að umsjónarkennarar ættu frekar frumkvæði að samskiptum við foreldra vegna hegðunar barns en vegna námsins. Foreldrar sögðust á hinn bóginn frekar eiga frumkvæði að samskiptum við skólann vegna náms barna sinna en hegðunar. Allmargar smærri rannsóknir og meistaraþrófsverkefni gefa til kynna að talsvert skorti á hvers konar samstarf og samtal bæði innan skóla, milli heimilis og skóla, þvert á skólastig og við ytri stofnanir, sérstaklega varðandi þá nemendur sem þurfa viðbótarstuðning til náms. Í meistaraþrófsrannsókn Sigurðar Arnars Sigurðssonar (2013) í einum grunnskóla á Íslandi rannsakaði hann sýn foreldra á sérkennslu barna sinna. Niðurstöðurnar gefa til kynna að verulega skorti á samráð við foreldra um sérkennsluna og að upplýsingar skorti um skipulag og markmiðssetningu. Þannig er foreldrum t.d. ekki ljós munurinn á því sem kallast sérkennsla og því sem kallast stuðningur. Þátttakendur eru jafnframt sammála um að ráðgjöf til foreldra og forráðamanna skorti.

Nýleg rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (2016), sem fjallaði um sjónarhorn mæðra barna sem þurfa mikinn stuðning til náms, leiddi í ljós skort á faglegu samtali um nám barnanna í skólanum og um það hvernig nýta mætti þátttöku þeirra í viðfangsefnum utan skóla í náminu (t.d. tónlistarnámi og félags- og tómstundastarfi), og skort á samtali innan skólans, milli kennara barnanna. Sambærilegar niðurstöður má sjá í rannsókn á námi nemenda af erlendum uppruna (Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl, 2018) en þar er ein meginniðurstaða að skortur sé á gagnkvæmu samstarfi og samtali milli heimils og skóla hvað þessa nemendur varðar. Höfundar telja að afleiðingar þessa misbrests geti skýrt, að hluta til, af hverju foreldrar nemenda af erlendum uppruna eiga erfitt með að skilja skólastarfið

eins og niðurstöður rannsóknarinnar benda til. Sambærilegar niðurstöður má sjá í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Susan Rafik Hama (2018) varðandi nemendur og foreldra sem hafa stöðu flóttafólks.

Á síðari árum hefur fagfólki, öðrum en almennum kennurum, fjölgað í íslenskum skólum, sérkennurum þar á meðal. Enn virðist nokkuð í land að samstarf þessari aðila sé samvirkt á þann hátt að nemandinn og þarfir hans séu í brennidepli sem og áherslur stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Vísbendingar um þetta má t.d. sjá í niðurstöðum rannsóknar Rannveigar Klöru Matthíasdóttur, Amalíu Björnsdóttur og Dóru S. Bjarnason (2013) en þar kom fram ákveðin mótsögn sem felst í því sem sérkennarar sögðu um viðhorf sín annars vegar og hins vegar um það kennsluumhverfi sem þeir nýttu helst fyrir þá nemendur sem þeir sinntu. Á sama tíma og flestir sérkennarar töldu sig hafa jákvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar sögðust þeir kenna nemendum í sérkennslustofum eða sérkennsluveri að hluta eða öllu leyti og einungis 3% sögðust sinna sérkennslu í almennri kennslustofu. Höfundar telja að þessar niðurstöður, sem byggja á svörum 74% þeirra sérkennara sem fengu könnunina senda (en það voru allir félagsmenn í félagi íslenskra sérkennara), bendi til þess að samstarfi bekkjarkennara og sérkennara sé ábótavant og að slík vinnubrögð stuðli frekar að því að rjúfa tengsl þessara tilteknu nemenda við bekkinn og bekkjarfélagana og byggi upp hindranir milli þeirra sem eru skilgreindir sem almennir kennarar og nemendur og hinna, þ.e. nemenda með sérþarfir og sérkennara.

Menntun kennara og starfsþróun

Rannsóknir sýna að gæði kennara og kennslu eru líkleg til að hafa hvað mest áhrif á árangur menntunar. Samkvæmt OECD (2011) geta gæði menntakerfis ekki orðið meiri en gæði þeirra kennara og stjórnenda sem starfa í kerfinu (bls. 235). Sérstaklega er talið að áhrif kennara séu mikil fyrir nemendur sem standa höllum fæti námslega eða félagslega (Mincu, 2015). Þar af leiðandi má segja að aukin gæði kennslu séu tengd gæðum kennaramenntunar og starfsþróunar kennara sterkum böndum (OECD, 2012). Í raun þarf að líta kennarastarfið þeim augum að það sé í stöðugri þróun út starfsævina og að kennaranámið sé grunnurinn að þeirri þróun (Schleicher, 2016). Til að styðja við þessa áherslu ætti opinber stefnumótun að miða að því að forgangsraða þáttum sem hafa mestu áhrifin á kennarastarfið og styrkja til dæmis þátt samstarfs með innleiðingu og handleiðslu.

Kennaranám sem styður við skóla fyrir alla þarf að byggjast á jafnvægi milli fræða og kennslu á vettvangi (Mincu, 2015). Jafnframt er mikilvægt að huga að því í kennaramenntuninni að kennaranemar tileinki sér þrautseigju, jákvæð viðhorf gagnvart fötlun og trú á hæfni allra nemenda óháð því hversu ólíkar þarfir þeirra eru (Tübele, 2008). Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri) (2015) og félagar leggja ennfremur til að áhersla verði lögð á kennslufræði fjölmennningarlegrar menntunar fyrir alla kennara, sem muni styðja þá í að taka ábyrgð á nemendum af erlendum uppruna.

Fagrád um símenntun og starfsþróun kennara (2016) telur að þörf sé á að auka þann tíma sem kennaranemar eru í vettvangsnámi auk þess sem bæta þurfi handleiðslu, ráðgjöf og stuðning við kennara almennt. Í verkefni Evrópumíðstöðvar er sneri að þróun kennaranáms fyrir skóla án aðgreiningar (Evrópumíðstöðin, 2012) kom fram að markmið kennaranáms ætti að vera að mennta nýja kennara sem starfa í anda hugmyndafræðinnar, eru áhrifaríkir í kennslu og eru sérfræðingar í faginu. Sérstaklega styðja niðurstöður verkefnisins við þá röksemdafærslu að grunnildi kennslu í skólum án aðgreiningar skipti höfuðmáli til að ná þessum markmiðum (Watkins og Donnelly, 2014). Þessi gildi eru:

- Að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda – litið sé á fjölbreytileika sem auðlind og styrk í skólastarfi. Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast:
 - skilningi á námi án aðgreiningar,
 - því hvaða augum kennarinn lítur fjölbreytileika meðal nemenda.
- Að veita öllum nemendum stuðning – kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri. Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast því að
 - efla nemendur í fræðum og framkvæmd, og huga jafnframt að félagslegum og tilfinningalegum þroska,
 - nýta skilvirkar kennsluaðferðir fyrir fjölbreytta nemendahópa.
- Að geta unnið með öðrum – samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg. Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast
 - samstarfi við foreldra og aðstandendur,
 - samstarfi við ýmsa aðra sérfræðinga á sviði menntamála.
- Að þroskast í starfi – kennsla er námsferli og kennurum ber að stunda símenntun. Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast:
 - fagmennsku kennara,
 - almennu kennaranámi sem undirstöðu faglegrar starfsþróunar.

(Evrópumiðstöðin, 2012)

Kennarar sem byggja á þessum gildum að baki skóla án aðgreiningar og eru tilbúnir til að vinna með fjölbreyttar þarfir nemenda eru þeir sem búa til kennslufræðina sem þarf fyrir skóla fyrir alla.

Hlutverk kennara er í sífelldri þróun og nemendahópar verða stöðugt fjölbreyttari. Þessi þróun krefst þess að kennarar rækti með sér það viðhorf að hugsa eins og rannsakendur sem leitast stöðugt við að finna nýjar lausnir og nýjar aðferðir til að bæta starf sitt (Niemi og Nevgi, 2014). Starfendarannsóknir eru áhrifarík leið að styðja kennara í þróunarstarfi og efla þá í kennslu (Hafdís Guðjónsdóttir, 2005; Hafþór Guðjónsson, 2011). Samkvæmt Hafþóri Guðjónsyni (2011) verða starfendarannsóknir þar sem leik-, grunn- eða framhaldsskólakennarar rannsaka eigið starf sífellt algengari hér á landi og telja kennarar sem þær stunda að þær hjálpi þeim að takast á við áskoranir í starfi og styðji þá við að þróa og endurbæta skólastarf. Rannsóknirnar eru þannig umbótamiðaðar og markmiðið er að hver og einn kennari sem leggur stund á þær í eigin starfi bæti starfið í skólanum. Hver athöfn sem styður við skóla án aðgreiningar skiptir máli og allir sem starfa í menntakerfinu geta haft áhrif til lengri og styttri tíma.

Stuðningur við nemendur og þarfir þeirra: Persónumiðun eða einstaklingsmiðun

Hér á landi er, í viðmiðum um gæðastarf í grunnskólum, lögð áhersla á að skólar fylgi aðalnámskrá og stefnu viðkomandi sveitarfélags auk þess að nám sé lagað að þörfum nemenda (Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2012). Þörfin fyrir einstaklingsmiðaða námskrá fyrir suma nemendur er einnig inni í viðmiðinu og þá skiptir máli að huga að því hver áhrif slíkrar námskrár eru á kennslu- og starfshætti í kennslustofunni.

Það er mikilvægt að átta sig á því að einstaklingsmiðun (e. differentiation) felur í sér að kennarinn er í aðalhlutverki við að gefa fyrirmæli og aðlaga til að koma til móts við námsþarfir nemendahópa eða einstakra nemenda. Persónumiðun, aftur á móti, þýðir að nemendur stýra sínu eigin námi, bera ábyrgð á því að tengja námið við áhugamál sín og taka virkan þátt í því að hanna eigin nám (Bray og McClaskey, 2014).

Í flestum löndum Evrópu sem stefna að menntun fyrir alla er aðlögun og stuðningur við lýði í einhverju formi. Einstaklingsnámskrár skilgreina venjulega kennslufræðilegan stuðning, persónumiðun, umhverfisþætti og samvinnu kerfa, ásamt áætlunum um eftirfylgd og endurskoðun. Mjög oft eru upplýsingar í einstaklingsnámskrá er varða heilsufar og þarfir nemenda með fatlanir. Þegar best lætur inniheldur hún líka allar upplýsingar um hvernig á að tryggja félagslega og námslega þátttöku fatlaðra nemenda á ýmsum stigum og í ýmsum þáttum lífsins (sjá Evrópumíðstöðin, 2009a, 2009b, 2010). Ferillinn við gerð einstaklingsnámskrár ætti því að krefjast aðkomu starfsfólks skóla (kennara, sérkennara, þroskaþjálfara), þjónustumiðstöðva (s.s. kennsluráðgjafa, sálfræðinga, annarra sérfræðinga) og, þar sem við á, heilsugæslu (hjúkrunarfræðinga og lækna). Mikilvægast er þó að hafa nemendur sjálfa með í ráðum, fjölskyldur þeirra og talsmenn.

Brýnt er að stýra ferlinu markvisst til að tryggja að einstaklingsnámskrá leiði ekki til áherslu á einstaklingskennslu eða þrengri námskrá og að hún styðji árangursríkar leiðir til að nýta úrræði þannig að stuðningur sé órjúfanlegur þáttur bekkjarstarfs. Það er því vert að spyrja sig hvort einstaklingsnámskrá sé alltaf besta leiðin áfram, sér í lagi í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað varðandi kortlagningu úrræða. Í auknum mæli er litið á stuðning sem stigvaxandi úrræði sem gefur öllum nemendum rétt til að fá stuðning á þeim tíma sem þeir þurfa til að auðvelda þeim áframhaldandi nám. Það má því færa rök fyrir því að öllum nemendum ætti að fylgja sveigjanleg áætlun fyrir einstaklinga eða hópa um þann námsstuðning sem þeir þurfa og hafa aðgang að.

Nám og kennsla – Fjölbreytt náms- og kennsluumhverfi

Í skýrslu OECD (2013) eru nemendur, kennarar, efni og auðlindir skilgreind sem kjarnaþættir framsækni í skólasterfi. Það þýðir að endurhugsa þarf hvernig nemendahópurinn er samsettur og hvernig á að nálgast hann, endurskipuleggja samvinnu kennara, endurskoða efni sem nýtt er í námi og kennslu, t.d. í ljósi tækniframfara, og athuga hvernig hægt er að nýta auðlindir skólans og samfélagsins betur.

Macleod o.fl. (2015) komust að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að í þeim skólum sem hefur gengið vel að bæta árangur nemenda sem standa höllum fæti hefur verið byrjað á því að taka á „grunninum“ en með því er átt við áherslu á ástundun og hegðun, háar væntingar, þróun gæðakennslu og þróun hlutverks stuðningsfulltrúa. Þegar grunnurinn er kominn hafa þessir skólar snúið sér að sértækari umbótum svo sem að styðja við félags- og tilfinningalegar þarfir nemenda, takast á við námsþarfir einstaklinga, stuðla að því að nota gögn á árangursríkan hátt og fá fjölskyldur meira inn í skólana.

Margir rannsakendur (t.d. Racionero og Padrós, 2010) eru sammála um að nám sé félagsleg athöfn sem byggist á samræðum á jafnréttisgrunni á milli nemenda og á milli nemenda og kennara eða annarra. Því má segja að það sé mikilvægt að þróa samvirka hópvinnu nemenda með það fyrir augum að efla nám og snúa fjölbreytileika nemenda upp í tækifæri til þess að ná árangri í námi (Elboj og Niemela, 2010).

Í íslensku samhengi kemur fram að áhersla á einstaklingsmiðun hafi hvatt til hugsunar er byggist á aðgreiningu þar sem litið er á þarfir einstaklingsins sem vandamál sem þarf að laga en ekki sem vandamál sem hægt er að taka á í skipulagi kennslu og starfi bekkjarins (Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2014). Í niðurstöðum Starfsháttarannsóknarinnar, er fram fór á árunum 2009–13, kom fram að kennsla þar sem kennari byrjar á fyrirlestri eða kynningu og nemendur vinna síðan í vinnubækur og fyrirfram ákveðin verkefni sé sú leið sem mest sé farin í skólum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

Þrátt fyrir að það megi víða sjá merki um jákvæða þróun í skólum með aukinni teymiskennslu, auknu samstarfi kennara, aukinni þemavinnu og þróun lærdómssamfélaga (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2010), þá kemur líka fram að dagskrárvaldi kennarans sé sjaldan storkað (Ólafur Páll Jónsson, 2016). Vissulega eru til undantekningar, en þó virðast nemendur hafa fá eða engin tækifæri til að hafa áhrif á nám eða starf í skólum, á gildi náms og markmiða eða til að nýta hæfni sína til gagnrýni og sköpunar (Edda Óskarsdóttir, 2017).

Hafdís Guðjónsdóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir (2012) gerðu rannsókn á nýsköpunarmennt, þar sem hlutverk kennarans er ólíkt því sem sjá má í hefðbundinni kennslu. Þar er litið á nemendur sem sérfræðinga í eigin hugmyndum og kennarinn sé til leiðsagnar og stuðnings. Þær telja að þess háttar vinnubrögð fari vel saman við menntun fyrir alla, sem líkt og nýsköpunarmennt, byggir á því að þróa hæfni nemenda til athafna og þróa gagnrýna og skapandi hugsun með því að takast á við raunveruleg vandamál. Í annarri rannsókn á kennslufræði nýsköpunarmenntar (Svanborg R. Jónsdóttir, 2015) kom fram að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt krefjist þess af kennurum að þeir gefi eftir stjórnina til nemenda og lagi faglega sjálfsmýnd sína að þessu hlutverki. Þessi áhersla samræmist því sem kemur fram í skrifum Gretars L. Marinóssonar og Dóru S. Bjarnason (2016) en þau skilgreina skóla margbreytileikans á þann hátt að þar sé skólustarf skipulagt þannig að hlutverk kennarans sé að styðja nemendur til þekkingarsköpunar.

Rannsóknir sýna einnig að gott jafnvægi milli kennslu sem blandar saman hugsmíðahyggju og beinni kennslu sé áhrifaríkast og sé viðeigandi nálgun fyrir árangursríkt nám (Creemers, Kyriakides og Antoniou, 2013).

Námsmat

Í verkefni Evrópumíðstöðvar um skipulagningu stuðnings er lögð áhersla á að lögmál menntunar fyrir alla séu lögð til grundvallar við skipulag og framkvæmd námsmats. Þar segir ennfremur að námsmat í skóla fyrir alla sé í auknum mæli skipulagt sem símat af bekkjarkennurum til að styðja við nám nemenda. Slíkar matsaðferðir gera skólum og kennurum kleift að taka ábyrgð á öllum nemendum sínum og að takast á við þarfir þeirra (Evrópumíðstöðin, 2013). Í þessum hluta verður fjallað um áskoranirnar við að þróa slíkt námsmat og hlutverk þess við að stuðla að námi nemenda.

Í skýrslu EACEA/Eurydice (2009) kemur fram að ef aðeins er lögð áhersla á að meta takmarkaða námsþætti umfram aðra á prófum sé hætta á að kennarar og nemendur einblíni á þá þætti og þannig muni það þrengja áherslur í námskránni. Í skýrslunni er lagt til að kennarar blandi niðurstöðum prófa við aðrar matsleiðir því það muni auðvelda þeim að taka ákvarðanir um nám nemenda og það geti einnig stutt þá við að bregðast við því áhyggjuefni að prófniðurstöður sýni aðeins árangur nemenda á ákveðnum

tímamarki en gefi ekki heildarmynd af stöðu hans. Skólakerfi í mörgum löndum Evrópu og víðar upplifa áskoranir við framkvæmd námsmats vegna spennu sem myndast á milli námskrár og námsmats (Garner o.fl., 2012) og sérstaklega á milli áætlaðrar og metinnar námskrár (Davies og Elliott, 2012). Muskin (2015) bendir á að: „Þar sem þessar tvær aðgerðir eru ekki samstilltar – allt of algengt fyrirbæri – er virkni beggja í hættu“ (bls. 5).

Í nýlegri endurskoðun á námskrá og námsmats- og einkunnakerfum í Ástralíu komu í ljós vísbendingar um að oft stýri matstækin (s.s. samræmd próf) námskránni og það geti haft neikvæðar afleiðingar bæði fyrir kennslu og námskrá, einkum þegar nemendur með flóknari þarfir eiga í hlut (sjá nánar í Kefallinou og Donnelly, 2016; Muskin, 2015).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er mat á stöðu og framförum nemenda eðlilegur þáttur í skólasterfi. Þannig er fylgst með hvort nemendur standist markmið aðalnámskrár og þeir hvattir til að ná árangri, og einnig er námsmatið nýtt til að kanna hvort þeir þurfi frekari stuðning í námi. Í Aðalnámskrá segir einnig að leggja skuli áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að börn og unglingar ígrundi nám sitt með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða næstu skref. Leiðsagnarmat miðar að því fylgjast með og sjá stöðuna meðan á námi stendur í námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum. Námsmenning sem byggir á leiðsagnarmati þjónar áherslum aðalnámskrár og tekur til grunnþátta menntunar, lykilhæfnipátta og áherslupátta (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Anna Kristín Sigurðardóttir (2007) bendir á að mest sé um vert í skóla án aðgreiningar að kennarar beiti fjölbreyttum aðferðum við námsmat og nýti niðurstöður við áætlanagerð og markmiðssetningu, þar með talið einstaklingsbundið símat sem tengist markmiðum hvers nemanda. Ein leið sem styður við þetta mat eru svokallaðar verk- eða námsmöppur (e. portfolio). Í slíkri matsvinnu felst m.a. markmiðssetning, skráning á framförum og mat á árangri, og áhersla er lögð á að nemendur taki virkan þátt í að velja sýnishorn af verkefnum sem þeir eru ánægðir með og vilja hafa í möppunni. Þróun námsmats er í átt til meiri fjölbreytni, s.s. varðandi aukið sjálfsmat nemenda, jafningjamat og mat á hópvinnu.

Margir rannsakendur hafa skilgreint leiðsagnarmat og endurgjöf sem bestu leiðirnar til að stuðla að árangri nemenda í námi (Hattie, 2009; Mitchell, 2014). Leiðsagnarmat (e. formative assessment) getur falið í sér þátttöku nemenda í matsferlinu og það gerir þeim kleift að taka virkari þátt í námi sínu. Leiðsagnarmat er yfirleitt framkvæmt í samvinnu við aðra (Higgins o.fl., 2014) og getur haft veruleg jákvæð áhrif á árangur nemenda (Dwyer og Wiliam, 2011). Leiðsagnarmat setur nemandann í miðju matsferlisins og býr til grunn að því að laga nám að áhuga nemenda og hæfni.

Mikilvægt er að kennarar skilji muninn á eðli og tilgangi leiðsagnarmats annars vegar og lokamats (e. summative assessment), sem fer fram í lok náms eða námstímabils, hins vegar og átti sig á hvaða matsaðferðir eiga við hverju sinni. Andrade o.fl. (2012) kalla á „jafnvægi“ milli þess að nota leiðsagnarmat, kannanir og lokamat til að styðja við nám. Þeir benda á að nemendur verði að læra hvernig þeir geta nýtt sér endurgjöfina til að endurskoða vinnu sína, dýpka skilning og stjórna eigin námi. Þannig er brýnt að kennarar læri að einstaklingsmiða kennslu og námsmat og átti sig á því hvernig hægt er að sameina leiðsagnarmat, kannanir og lokamat og túlka niðurstöður á merkingarbæran hátt. Einnig ættu stefnumótandi aðilar að hanna og nýta leiðir til námsmats sem eru í jafnvægi á þann hátt sem lýst er að framan og upplýsandi en ekki íþyngjandi fyrir þá sem þær eru ætlaðar (Andrade o.fl., 2012).

Frá sjónarhóli menntunar fyrir alla er mikilvægt að mat á stöðu nemenda á öllum skólastigum taki til þátttöku, framfara og árangurs þeirra – sér í lagi þeirra sem standa höllum fæti vegna aðstæðna eða fötlunar. Þetta er mikilvægt, ekki síst til að átta sig á hvaða stuðningur gæti nýst nemendum og eins hvort sá stuðningur sem þeir hljóta sé að skila sér.

Lærdómssamfélag og kennslufræðileg forysta

Hugtakið lærdómssamfélag er vel þekkt í íslenski skólamálaumræðu og á undaförnum árum hefur gjarnan verið lögð áhersla á mikilvægi þess að innleiða starfshætti þess til að styrkja innviði og tryggja umbætur í skólakerfinu (sjá til dæmis Skýrslu Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara (2016) og Skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar (2017)). Það kom einnig skýrt fram í vinnu þátttakenda í fundaröðinni um menntun fyrir alla haustið 2018 og birtist sem ein varðan í þeirri vinnu.

Áherslumunur getur verið á einstökum skilgreiningum á hugtakinu lærdómssamfélag en samstaða virðist vera meðal fræðimanna um að mikilvægustu einkenni þess séu: sameiginleg ábyrgð á námi og árangri nemenda sem markmiða alls skólastarfs, sameiginleg sýn og gildi, starfsþróun og samvirk fagmennska sem birtist meðal annars í skipulegum félagastuðningi, teymiskennslu og lausnamiðaðri samræðu, ígrundun og þekkingarsköpun. Enn fremur má nefna stjórnskipulag og forystu sem setur umbætur á oddinn og leitast við að valdefla (e. empower) kennara sem umboðsmenn breytinga (e. agents of change) og skapa þeim starfsumhverfi sem miðar að tengslamyndun og samvinnu (DuFour og Fullan, 2013; Hargreaves og Fullan, 2012). Þannig er hugmyndafræði lærdómssamfélaga nátengd hugmyndum um fagmennsku og starfsþróun en sýnt hefur verið fram á að það eru kennarar og stjórnendur sem eru skuldbundnir hugmyndafræðinni sem einkum stuðla að varanlegum breytingum og námi (Fullan og Hargreaves, 2016).

Gildi á borð við traust, virðingu, stuðning og hvatningu eru nauðsynleg í árangursríku samstarfi og gegnir teymisvinna því mikilvæga hlutverki að efla slík gildi og tryggja tækifæri til samvinnu og náms á starfsvettvangi (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Darling-Hammond og Richardson, 2009; Hall og Hord, 2011).

Raunverulegt lærdómssamfélag er flókið fyrirbæri og það er krefjandi viðfangsefni að koma því á og varðveita virkni þess. Það verður ekki til nema í glímu skólasamfélagsins við þróunarstarf. Sú vinna er á ábyrgð fagmanna sem eru reiðubúnir til að læra saman og takast á um hugmyndir og útfærslur. Grundvöllur þeirra er hæfni og vilji kennara til takast á við gagnrýna og ögrandi umræðu um gildi og starfshætti hvers annars, frekar en að steypa skólastarfið í þægindaramma hópsálar (e. groupthink) þar sem allir hugsa eins (Hargreaves, 2007).

Í rannsóknum Birnu Svanbjörnsdóttur á innleiðingu og þróun lærdómssamfélags (2015, 2019) kemur skýrt fram að markviss stuðningur og leiðsögn við kennara og aðra fagaðila í starfsaðstæðum skiptir sköpum við að innleiða, þróa og viðhalda lærdómssamfélagi. Eins er mikilvægt að verkferlar, dagskipulag og innri aðstæður í skólanum styðji við samstarf.

Rannsóknir á lærdómssamfélögum í breskum skólum benda til að skilvirkni lærdómssamfélaga megi meta á þrenns konar mælikvarða. Það er hvernig þeim tekst að efla nám og félagslega hæfni nemenda, hvernig þeim tekst að efla faglegt nám, starfsþróun, frammistöðu og jákvæðan starfsanda meðal

starfsmanna, og á hversu skilvirkan hátt skipulag og stjórnunarhættir innan skólans stuðla að þróun og viðgangi lærdómssamfélags (Bolam, McMahon, Stoll, Thomas og Wallace, 2005).

Í Skýrslu Evrópumíðstöðvar (2017) er ítrekað varað við því að skortur á sameiginlegri sýn kunni að valda því að framkvæmd við innleiðingu stefnunnar um menntun fyrir alla verði yfirborðskennd og vandamálemiðuð og að ranghugmyndir um stefnuna standi framkvæmd hennar fyrir þrifum. Því er mikilvægt að beina sjónum að markvissu námi um hvað menntun fyrir alla þýðir í raun og veru, hvers konar starfshættir eigi þar við og hvers konar starfshætti þurfi að uppræta.

Kennslufræðileg forysta

Í fræðaheiminum ríkir nokkur sátt um mikilvægi forystu og flestar rannsóknir staðfesta að sterkir kennslufræðilegir leiðtogar hafi áhrif á námsárangur og að breytingar sem eiga að bæta nám nemenda séu svo að segja óhugsandi án virkrar kennslufræðilegrar forystu.

Kennslufræðileg forysta beinist að starfinu í skólastofunni; að því að móta sýn um kennsluhætti og þróun þeirra og fylgja henni eftir með starfsþróun kennara og mati á árangri hennar og störfum kennara sem byggt er á margvíslegum gögnum og heimsóknum í kennslustofur, ásamt endurgjöf og beinum stuðningi.

Fræðimenn eru líka á einu máli um að kennslufræðileg forysta sé ekki eins manns verk heldur margra. Það breytir þó ekki því að hún er á ábyrgð skólastjórans og forysta hans er lykillinn að því að dreifa forystuhlutverkum, skilgreina verkaskiptingu og ábyrgðarsvið og fylkja saman þeim sem taka að sér forystuhlutverk.

Í nýrri grein Barkar Hansen og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2018) kynna þau niðurstöður langtímarannsóknar á hlutverki skólastjóra í grunnskólum hér á landi í um aldarfjórðung en þau hafa m.a. skoðað hvernig skólastjórar líta á hlutverk sitt sem faglegir leiðtogar. Rannsóknirnar voru gerðar árin 1991, 2001, 2006 og 2017. Öll árin sögðust skólastjórnendur mestum tíma í þáttinn stjórnun og umsýsla, þ.e. viðfangsefni sem snúa að fjármálum, rekstri og skrifstofuhaldi, en hefðu gjarnan viljað eyða meiri tíma í viðfangsefni tengd þróun námskrár, kennsluháttum, kennsluskipulagi og námsefni. Höfundar telja þetta til marks um að ósamræmis gæti milli yfirlýstra og raunverulegra gilda skólastjóra.

Birtingarmynd þess að efla þurfi faglegra forystu skólastjóra mátti sjá í starfsháttarannsókn í íslenskum skólum en niðurstöður hennar gefa til kynna að skólastjórar fari lítið inn í kennslustundir til að rannsaka kennslu og nám eða leiðbeina um kennslufræðilega þætti. Skólastjórar sögðust leiðbeina um kennslu og nám með óformlegum hætti og með því að skapa aðstæður en síður markvisst og formlega (Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2014). Í rannsókn Trausta Þorsteinssonar og Amalíu Björnsdóttur (2016) kom einnig fram að hlutverk stjórnenda á sviði kennslufræðilegrar forystu væru oft óskýr og niðurstöður bentu til að áform um að efla kennslufræðilega forystu í grunnskólum hefðu ekki gengið eftir. Svipaðar niðurstöður er að finna í nýrri rannsókn í einum skóla sem unnið hefur að innleiðingu og þróun lærdómssamfélags í nokkur ár. Þar lögðu stjórnendur sig fram um að skapa aðstæður fyrir samstarf og þróun faglegra vinnubragða í skólanum en virðast ekki þekkja nægilega vel til starfa kennara í kennslu og eiga ekki markvissa og reglulega umræðu við þá um kennslu, nám og leiðir til umbóta (Birna Svanbjörnsdóttir, 2019). Í rannsókn um Byrjendalæsi í íslenskum skólum (Sigríður Margrét Sigurðardóttir, María Steingrímsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2017) tóku skólastjórar alvarlega það hlutverk sitt að marka

stefnu og fá samstöðu um sameiginlega sýn um að innleiða og þróa Byrjendalæsi en sýndu takmarkaða forystu um að efla kennslu og nám almennt.


Með tilliti til hugmynda um menntun fyrir alla mætti gera ráð fyrir að viðfangsefni er tengjast námsaðlögun væru framar í forgangs röðun í starfi skólastjórnenda. Í framangreindri rannsókn Barkar Hansen og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2018) kom fram að viðfangsefni sem tengdust námsaðlögun skipuðu sjöunda sætið af tíu í röð um það hvernig skólastjórar vörðu tíma sínum (raunveruleg röðun) og sjötta sæti um það og hvernig þeir hefðu kosið að verja tíma sínum (ákjósanleg röðun). Höfundar telja athyglisvert hversu aftarlega þetta viðfangsefni er í forgangs röðun og að þess hefði mátt vænta að það væri framar. Þeir taka einnig fram að æskilegt væri að rannsaka tengsl skólastjóra við þetta viðfangsefni nánar til að öðlast á því betri skilning og styðja þá í kennslufræðilegri forystu sem því tengist. Áþekkar niðurstöður komu fram í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (2010) og Hermínu Gunnþórsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar, (2014) en þar kom fram meðal íslenskra kennara að málefni sem varða hugmyndafræðilegan grunn skóla án aðgreiningar séu sjaldan til umræðu innan skólans. Fáir kennarar séu nægilega kunnugir hugmyndum um skóla án aðgreiningar og þeir fáu sem eitthvað þekki til hafi þekkingu sína meðal annars frá starfsfélögum sem leggja stund á frekara nám og sumir hafi heyrt um þær á námskeiðum eða fyrirlestrum.

4. Vistkerfi menntunar (ECO-system)

Skóli án aðgreiningar er hugmyndafræði sem hefur áhrif á skipulag menntakerfa, skóla, skólustarfs og kennslu. Hugmyndafræðin er einnig mikilvægur þáttur í að skapa samfélög sem gera ráð fyrir öllum, eru án aðgreiningar, og draga úr mismunun og fordómum sem stuðla að skólaforðun og brottfalli (Evrópumiðstöðin, 2015). Undirstöðumarkmið skólakerfisins er þannig að gefa öllum nemendum tækifæri til að fá merkingarbæra hágæða menntun í heimaskóla við hlið jafnaldra sinna. Þetta markmið er áskorun fyrir stefnumarkandi aðila og þá sem starfa í skólakerfinu til að finna leiðir til að brjóta tengslin á milli þess að standa höllum fæti, ganga illa í skóla og eiga takmörkuð tækifæri í lífinu, og stefna að jafnræði og árangri fyrir alla nemendur.

Til að gera sér betur grein fyrir hvernig hægt er að þróa menntakerfi fyrir alla er hjálplegt að hugsa um hvernig kerfið er samansett. Þannig má gera greinarmun á stjórnslu eða stefnumörkun um menntun fyrir alla, starfsemi og skipulagi skóla og kennslufræði eða námi og kennslu í skóla án aðgreiningar (Florian og Black-Hawkins, 2011; Florian og Spratt, 2013). Í vistkerfi menntunar fyrir alla eru kynntar helstu stoðir og ferlar sem hafa áhrif á þátttöku allra nemenda og þarf að hafa í huga við að hámarka tækifæri til náms. Í vistkerfinu er litið svo á að þroski og nám skapist af samskiptum einstaklingsins við umhverfið. Vistkerfið byggir á hugmyndum Bronfenbrenner (Anderson, Boyle og Deppeler, 2014).

Mynd 2 sýnir að nemandinn er umkringdur samtengdum kerfum sem eiga samskipti hvert við annað og mynda vistkerfið. Það er samansett af fjórum lögum utan um nemandann: Yst er umgjörð ríkisins (ráðuneyti), þá umgjörð sveitarfélaga, skólinn sem stofnun og loks námsrými nemenda. Innan hvers lags starfa hagsmunaaðilar sem hafa ákveðin hlutverk og bera ábyrgð á því að móta skóla og menntakerfi sem tekur á móti og menntar alla. Í miðju kerfisins er síðan nemandinn og hafa önnur lög þess bein og óbein áhrif á hann í leik og starfi.



Mynd 2. Vistkerfi menntunar.

Menntakerfi fyrir alla er ekki einangrað fyrirbæri. Það er undir áhrifum menningar og samfélags og samfélagslegrar þróunar í landinu. Alþjóðlegir samningar og sáttmálar sem Ísland er aðili að, svo sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, lög um málefni fatlaðra og Salamanca-yfirlýsingin, hafa einnig áhrif á hvernig menntakerfið hefur þróast. Innan kerfisins er stöðugt streymi milli laganna þar sem hvert lag er nátengt því næsta og ekki er hægt að taka þau úr samhengi hvert við annað. Forysta, samstarf og ígrundun eru síðan mikilvægir þættir þvert á og innan hvers lags. Samskipti þvert á lögin og ákvarðanatataka í hverju lagi hafa mismikil áhrif á starfsfólk og stjórnendur skóla, á nemendur og á foreldra. Ólíkir þættir í kerfinu umhverfis nemandann hafa síðan áhrif á gæði þátttöku hans, árangur og viðveru í skólanum.

Hér á eftir verður fjallað um hvert lag í vistkerfinu.

Umgjörð ríkisins – ráðuneyti

Í ysta lagi kerfisins er að finna þá umgjörð sem er mikilvæg til að styðja við menntun fyrir alla. Hér má finna lög og reglugerðir sem ráðuneyti framfylgja og stýra starfi í öðrum lögum kerfisins. Til að styðja við menntun fyrir alla þurfa þessi lög og reglugerðir að byggjast á lögmálum um jafnræði og mannréttindi og stefna að því að auka þátttöku nemenda og draga úr útilokun frá samfélagi, menningu og námskrá almennra skóla (Booth, Ainscow, Black-Hawkins, Vaughan og Shaw, 2000). Þótt löggjafarvaldið og stefnumótandi aðilar séu mikilvægir í þessu lagi geta þeir ekki einir og sér látið menntakerfið verða án

aðgreiningar. Engu að síður er hlutverk þeirra að láta koma skýrt fram til hvers er ætlast af skólum án þess að gefa forskrift um leiðina (Pijl og Frissen, 2009). Stefnumarkandi aðilar geta aftur á móti stutt við framkvæmdina með því að fjarlægja hindranir í reglugerðum, hvetja til aukinnar starfsþróunar fyrir kennara og forðast fjárveitingaleiðir sem snúast um formlegar greiningar á nemendum. Hlutverk stefnumörkunar er að gefa skýra sýn á það hvernig á að framkvæma menntun fyrir alla og hvernig framkvæmdin byggir á sameiginlegri ábyrgð allra þeirra er starfa í menntakerfinu og þeirra sem eru í forystu og móta stefnuna.

Stefnumótandi aðilar og rannsakendur hafa áttað sig á því og viðurkenna að það er gjá á milli þess sem ætlast er til samkvæmt lögum og reglugerðum og þess sem gerist í skólum. Markmiðin og tilgangurinn sem eru sett fram í lögum og reglugerðum fyrir menntakerfið eru ekki alltaf í raun túlkuð á þann hátt að útkoman verði árangursríkt starf í skólum (Watkins og Meijer, 2016). Helstu áhrifaþættir um þróun menntunar fyrir alla í þessu lagi eru:

- Lög og reglugerðir sem byggja á réttindum og styðja við jafnræði: Þessi stefnumörkun ætti að horfa til framtíðar og tryggja að hugtök um menntun fyrir alla séu skýr til að auðvelda sameiginlegan skilning á stefnunni.
- Námskrá og námsmat: Allir nemendur ættu að hafa aðgang að markmiðum sem leggja grunninn að viðeigandi námi og gefa til kynna að árangri sé náð.
- Að nemendur hafi aðgengi að skóla í sínu hverfi með jafnöldrum: Kerfið ætti að vera þannig uppbyggt að það auðveldi öllum nemendum að fara í hverfisskóla með hópi jafnaldra.
- Stjórnábyrgð og fjárveitingar: Ólík svið stjórnábyrgðar þurfa að vera með skýr ábyrgðarhlutverk og fjárveitingar þurfa að efla afkastagetu kerfisins og styðja við jafnræði.
- Kennaramenntun sem býr kennara undir að vinna með fjölbreytni: Í gegnum kennaramenntunina ættu allir kennarar að þróa með sér hæfni til að vinna með fjölbreyttum hópi nemenda.
- Eftirlit, gæðastjórnun og ábyrgð (árangur, hagkvæmni og áhersla á jafnræði): Hér ætti að vera skýr áhersla á samþykkt viðmið um gæðamenntun sem inniheldur margvíslega mælikvarða um árangur, þannig að hlutaðeigendur séu ábyrgir fyrir þáttum sem skipta máli og hafa áhrif á árangur nemenda.

Umgjörð sveitarfélaga

Í næst ysta lagi kerfisins er samfélagið sem skólinn starfar í og það skipulag sveitarfélaga sem leik- og grunnskólar starfa innan. Þetta skipulag ætti einnig að styðja við þátttöku nemenda. Mikilvægir þættir í þessu lagi eru:

- Samhengi milli stiga innan menntakerfisins og milli skóla: Hér er átt við námskrá og kennslufræði sem styður nemendur í gegnum skólakerfið frá leikskóla og upp á háskólastig. Skipulag stuðnings auðveldar tilfærslu á milli skólastiga og býr nemendur undir að takast á við fullorðinsárin.
- Samstarf þvert á stofnanir og svið: Til að mæta ólíkum þörfum allra nemenda þarf stuðningur að vera aðgengilegur frá ólíkum fagaðilum sem vinna saman að því að styðja við nemendur (þ.e. frá

heilbrigðissviði, félagsmálasviði og skólaþjónustu). Sérþekking þessara aðila ætti að hjálpa starfsfólki til að mæta áskorunum og auka þannig viðbragðsgetu skóla og samfélags.

- Samfélagsleg skuldbinding: Samfélagið ætti að skuldbinda sig til að stuðla sameiginlega að góðri menntun fyrir alla nemendur með því að viðurkenna að menntun fyrir alla sé hluti af þróun allra skóla. Þeir sem starfa og búa í samfélaginu ættu að leyfa því að njóta sérþekkingar sinnar, til dæmis í námskrá skóla, með viðburðum utan skóla og með því að styðja við fjölskyldur.

Skólinn sem stofnun

Næst innsta lagið í kerfinu er skólinn sem stofnun en segja má að starfið í hverjum skóla stjórnist af hefðum, menningu, skólabrag, gildum og hugmyndafræði, ásamt skipulagi stjórnunar og samstarfi innan skóla, við foreldra, við ytri aðila og við nánasta samfélag skólans. Þættir í þessu lagi hafa bein áhrif á reynslu nemandans í skólanum. Þróun starfs í skóla fyrir alla krefst forystu með sterka sýn á menningu sem er styðjandi og býður alla velkomna (White og Jones, 2011). Þeir sem bera ábyrgð á þessu sviði eru skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk stoðþjónustu og almennt starfsfólk skóla. Mikilvægir þættir í þessu lagi eru:

- Skipulag stuðnings: Litið er á stuðning við alla nemendur og sérstaklega þá sem hafa þörf fyrir aukinn stuðning. Í auknum mæli ætti að leitast við að nýta úrræði til að styðja við hæfni allra skóla til að beita snemmtækri íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðum þegar hindranir í námi koma í ljós frekar en að bregðast við einstaklingum eftir að þeir eru komnir í vanda með ferli sem endar á því að nemandi fær greiningu. Stuðnings er einnig þörf fyrir kennara til að gera þá hæfari til að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps.
- Starfsþróun: Fagleg starfsþróun ætti að styðja alla kennara og stjórnendur til að þróa hæfni til að bregðast við fjölbreytileika. Kennarar ættu að nýta rannsóknir og taka upp þrautalausnanálgun í starfi sínu – biðja um stuðning frá sérfræðingum þegar þörf krefur, en nýta hana til að bæta nám fyrir alla.
- Forysta: Leiðtogar í skóla fyrir alla þróa menningu sem einkennist af jákvæðni og trausti í samskiptum. Þeir fá hlutaðeigendur með sér í forystuhlutverk og í sjálfsrýni til að auka mikilvægi þess að greina hvað er að gerast í kringum þá og nýta gögn til að þróa starf sitt.
- Samvinna: Samvinna er notuð til að styðja við nýsköpun og faglega starfsþróun. Samstarfi á jafningjagrunni er komið á milli skólastjóra og starfsfólks og við foreldra og aðra lykilaðila (s.s. vinnuveitendur í samfélaginu, aðra skóla, háskóla o.s.frv.).
- Allir skipta máli: Skóli er skipulagður á þessum grunni með engar fyrirfram ákveðnar skoðanir á getu eða hæfni. Stjórnendur og kennarar taka ábyrgð á öllum nemendum og skuldbinda sig til að vinna með og meta alla að jöfnu. Þeir forðast ákvarðanir sem eru aðeins til hagsbóta fyrir suma nemendur og vinna að auknu jafnræði. Skólar taka tillit til bakgrunns og einkenna allra nemenda og skipuleggja með þeim til að skapa aðgengileg og menningarnæm tækifæri, og nýta viðeigandi úrræði.
- Þátttaka fjölskyldna: Þessi þáttur á að hluta til heima í þessu lagi og að hluta til í innsta laginu sem snýr að nemandanum, þar sem foreldrar geta í sumum tilvikum unnið mjög náið með skólum.

Námsrými

Námsrýmið er næst nemandanum og felur í sér alla þá þætti sem eru umhverfis hann þar sem hann upplifir formlegt og óformlegt nám. Kennarinn er hér í lykilhutverki og hvernig hann skipuleggur nám og kennslu og bekkjarstarf og -menningu í samstarfi við aðra kennara og starfsfólk stoðþjónustu.

Í menntunarfræðum er kennslufræði hugtak sem er notað til að útskýra þau margvíslegu flóknu málefni er varða faglega kennslu. Kennslufræði er samsett úr þeirri athöfn að kenna og þeim hugmyndum, gildum og viðhorfum sem upplýsa, viðhalda og réttlæta þá athöfn (Alexander, 2013). Samkvæmt Florian (2014) er kennslufræði menntunar fyrir alla nálgun að kennslu og námi sem styður kennara í að bregðast við einstaklingsmun milli nemenda, en forðast jaðarsetningu sem getur orðið þegar ekki er komið fram við alla nemendur á sama hátt.

Þetta lag felur í sér hvernig kennari bregst við hverju sinni gagnvart náms- og félagslegum aðstæðum í kennslunni. Í því felst þörf til að ígrunda gildi og ferla sem tengjast kennslufræðinni og bera þau saman við lögmál menntunar fyrir alla og spyrja sig: að hvaða marki eru kennsluaðferðir eða námskrá útilokandi, jaðarsetjandi eða lítillækkandi fyrir einstaka nemendur eða hóp af nemendum? Að hvaða leyti viðurkenna þær og byggja á auðlindum nemenda og reynslu? (Andrews og Yee 2006; Armstrong, 2011; Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir, 2016). Mikilvægir þættir í þessu lagi eru:

- Tækifæri til félagslegrar þátttöku: Samskipti sem byggja á trausti milli starfsfólks og nemenda og innan nemendahópsins stuðla að styðjandi lærdómssamfélagi sem allir eiga aðild að án aðgreiningar. Kennarar gera nemendum kleift að taka þátt í og nýta merkingarbær námstækifæri. Þeir skapa námsumhverfi og námsrými sem eykur tækifæri til samskipta og gagnkvæms stuðnings.
- Merkingarbær námstækifæri sem skipta nemendum máli: Sveigjanleg námskrá ætti að gefa tækifæri til að skipuleggja námstækifæri þar sem unnið er þvert á námsgreinar. Námskráin ætti að leggja áherslu á þætti er viðkoma heilbrigði, samskiptum og tilfinningum, tjáningu og samskiptum, tungumáli, fagurfræði, þekkingu á umhverfinu og á heiminum, stærðfræði, nýrri tækni og siðferðilegum og andlegum þáttum.
- Leiðir til að auka námshæfni: Kennarar þurfa þekkingu á innri og ytri þáttum sem hafa áhrif á nám, áhrifum af því að setja nemendur í hópa á mismunandi hátt og mikilvægi þess að nemendur tileinki sér vaxtarhugarfar. Einnig þurfa þeir að hafa trú á að hæfni hvers nemanda sé breytanleg. Kennarar ættu að tryggja virka þátttöku nemenda í daglegum störfum og námi í gegnum persónumiðað nám og styðja nemendur til að vera virkir í eigin námi.
- Persónumiðun og leiðbeinandi námsmat: Hlutverk kennarans er að vera leiðbeinandi fyrir nemendur. Leiðbeinandi námsmat styður við persónumiðun með því að veita endurgjöf fyrir næstu skref. Hér tekur kennarinn því sem gefnu að hann geti ekki spáð fyrir um námshæfni nemenda til framtíðar og einbeitt sér að því að lyfta þeim upp og býr sig undir að þeir komi honum á óvart með árangri sínum.
- Margvíslegar leiðir til tjáningar og nýtingar margmiðlunar: Námstækifæri ættu að gera nemendum kleift að taka þátt og svara á ólíka vegu til að draga úr hindrunum fyrirfram.

Nemandinn

Eiginleikar nemandans, í miðju skýringarmyndarinnar, ættu ekki að hafa áhrif á kerfið eða skilvirkni náms án aðgreiningar, heldur ættu samskipti og samtengingar milli skipulags og umhverfis að ákvarða velgengni hans. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur myndu gjarnan vilja fá að hafa meiri áhrif á skólastarf og nám sitt og þeir hafa óskað eftir að fá að hafa meira val um hvernig og hvað þeir læra (Edda Óskarsdóttir, 2017; Levin, 2000; Rúnar Sigþórsson, Anna Lind Pétursdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2014). Því má segja að hver ákvörðun og framkvæmd í kerfinu ætti að byggja á því að hún komi nemendum til góða og stuðli að því að þeir séu þátttakendur, nái árangri og finni að þeir tilheyri í skólanum (Ainscow og Miles, 2008).

Þátttaka nemenda þýðir að þeir taki virkan þátt í öllum þáttum menntunar, bæði þeim sem snúa að bóklegu sem verklegu námi og félagslegri þátttöku. Þetta þýðir einnig að nemendur taka þátt í ríkulegum og þroskandi námsverkefnum og vinna með jafnöldrum sínum í námskrá sem skiptir þá máli (Evans, 2015). Nemendur ættu að hafa rödd í málefnum sem skipta máli fyrir nám þeirra og það krefst þess að kennarar skapi vettvang eða rými fyrir lýðræðislegar umræður við nemendur, bæði eina og í hópi (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2018; Portela, 2013; Todd, 2008). Nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá ættu að vera virkir þátttakendur í mótun þeirrar námskrár ásamt foreldrum sínum eða forráðamönnum. Þeir ættu að hafa sterka rödd varðandi nám sitt og fá jafnvel skólafélaga til stuðnings á fundum. Námskráin ætti að vera framsýn og stefna þangað sem nemandinn vill sjá sjálfan sig við enda skólaársins, skólastigsins eða annars staðar í framtíðinni.

Árangur þýðir að námsleg markmið varða þarfir einstaklinga innan marka námskrárinnar og að námsmat er merkingarþætt og leiðbeinandi (Slee, 2011). Að setja merkimiða á nemendur eða setja þá saman í hóp eftir væntanlegri hæfni getur stutt við þá hugmynd að sumir hafi lítið fram að færa í eigin námi eða námi annarra. Þess háttar hallahugsun getur líka haft áhrif á kennara þannig að þeim finnist að geta eða hæfni sé óbreytanleg og lítið sé hægt að gera við því. Þetta hugarfar, sem kalla má festuhugarfar eða festusjálfi (e. fixed mindset), veldur lágum væntingum til nemenda og dregur úr möguleikum þeirra til að ná árangri (Hart, Drummond og McIntyre, 2007).

Það að tilheyra samfélagi í skólanum þýðir að allir nemendur eru gildir og viðurkenndir aðilar að skólanum og framlag þeirra og það sem þeir standa fyrir er metið að verðleikum (Gonzalez o.fl., 2005). Þeir verða að finna að þeir fá athygli og að viðvera þeirra í skólanum skipti máli og ennfremur að aðrir virði hæfileika þeirra og hafi trú á þeim (Aspin, 2007). Nemendur geta verið næmir fyrir andrúmsloftinu í skólastofunni, en með því að gera þá ábyrga fyrir að móta það geta þeir eignast hlutdeild í námsumhverfinu og byggt upp traust gagnvart kennaranum og bekkjarfélögum (Buchholz og Sheffler, 2009).

5. Tillögur um aðgerðir

Í þessum kafla eru settar fram tillögur um aðgerðir til að efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum. Tillögurnar eru byggðar á niðurstöðum fundaraðarinnar 2018 og fræðilegu efni sem sett er fram í 3. kafla skýrslunnar, og tengdar við vistkerfi menntunar sem fjallað er um í 4. kafla. Tillögurnar eru enn fremur settar, eftir því sem við á, í samhengi við niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvarinnar (2017), tillögur úttektarhópsins (bls. 115 og áfram) og lyftistangirnar þrjár fyrir þróun menntakerfisins sem fjallað er um á bls. 137 í skýrslunni.

Eins og í líkaninu af vistkerfi menntunar (mynd 2) er gengið út frá því í tillögunum að nemandinn sé miðpunktur aðgerðanna og meginmarkmið þeirra sé, eins og segir í upphafi kaflans, „að gefa öllum nemendum tækifæri til að fá merkingarbæra hágæða menntun í heimaskóla við hlið jafnaldra sinna og ... finna leiðir til að brjóta tengslin á milli þess að standa höllum fæti, ganga illa í skóla og eiga takmörkuð tækifæri í lífinu, og stefna á jafnræði og árangur fyrir alla nemendur.“ Í tillögunum er enn fremur gengið út frá því að þrátt fyrir að vistkerfinu sé skipt í lög þar sem mismunandi hagsmunaaðilar og stjórnendur bera ábyrgð myndi það eigi að síður heild þar sem lykilaðilar í hverju lagi bera sameiginlega ábyrgð á aðgerðum.

1. Nemandinn

Markmið allra þeirra tillagna sem hér eru settar fram beinist að því að nemendur:

- séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu,
- tilheyri styðjandi lærdómssamfélagi í skóla þar sem fjölbreytileiki er virtur,
- búi við sambærileg gæði námsreynslu og námsumhverfis,
- fái vitsmunalega kerfjandi viðfangsefni sem hæfa þeim,
- nái árangri,
- hafi lýðræðislegan rétt til sjálfræðis og þátttöku í ákvörðunum um nám og annað skólastarf.

Það er á ábyrgð menntakerfisins í heild að uppfylla þessi markmið en hvert lag þess sem sýnt er á mynd 2 ber engu að síður ábyrgð á mismunandi þáttum. Það að uppfylla markmiðin stendur vissulega og fellur með viðhorfum, þekkingu og starfsháttum kennara og annarra sem starfa með nemendum að menntun þeirra frá degi til dags. Engu að síður er mikilvægt að hafa hugfast að skólinn er ekki eyland og það sem gerist í námsrými nemenda byggist á sameiginlegri ábyrgðarskyldu þeirra sem eru í forsvari fyrir hverju lagi vistkerfisins sem líkanið sýnir. Þess vegna er áriðandi að þeir sem starfa með nemendum í námsrými þeirra⁶ finni að þeir séu hluti af heild og eigi kost á stuðningi, bæði innan og utan skóla. Þetta er eitt af því sem liggur til grundvallar líkaninu og kom skýrt fram í niðurstöðum fundaraðarinnar 2018 (mynd 1) þar sem þátttakendur ítrekuðu mikilvægi þess að mæta þörfum nemenda og hlusta á raddir þeirra (nr. 6), sem og mikilvægi þess að þróa nám og kennslu í átt að fjölbreytni og sveigjanleika (nr. 7), og ítrekuðu jafnframt

⁶ Hér er átt við kennara, stjórnendur og eftir atvikum aðra sérfræðinga sem starfa innan skóla í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í tillögunum er vísað til þessa hóps sem kennara nema annað sé tekið fram.

nánast í öllum öðrum steinum vörðunnar þætti sem falla undir önnur lög vistkerfisins og styðja við þetta. Sömu viðhorf endurspeglast enn fremur í tillögu úttektahóps Evrópumíðstöðvarinnar (2017, bls. 115–141), ekki síst í 1. tillögu hópsins (bls. 115), sem sögð er undirstaða þeirra sem á eftir fylgja, um að „allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur“.

2. Kennaramenntun og starfsþróun

Námsrými er það lag sem stendur næst nemandanum í vistkerfi menntunar (mynd 2) og þar ráðast gæði náms og árangur þess. Til þess að uppfylla markmið sem sett eru fram í kaflanum um nemandann hér á undan þarf að styrkja þekkingu kennara á kennslufræði menntunar fyrir alla (e. inclusive pedagogy) og tók þeirra á að beita henni. Um kennslufræði menntunar fyrir alla er fjallað nánar í fræðilegum hluta skýrslunnar (3. kafla) en kjarna hennar má skilgreina sem skipulag náms og kennslu sem miðar að því að má út skilin milli nemenda með því að fjölga námstækifærum sem standa öllum til boða fremur en að aðgreina viðfangsefni sem ætluð eru fáum nemendum (European Agency for Special Needs and Inclusive Education, 2018). Í kaflanum er einnig lögð áhersla á hlutverk leiðsagnarmats sem er samofið kennslu og námi og styður við nám nemenda og verður þar með ekki skilið frá öðrum hugmyndum um kennslufræði menntunar fyrir alla. Með öðrum orðum má segja að viðhorf kennara, þekking þeirra og tók á kennslufræði menntunar fyrir alla ráðist af menntun þeirra, sérfræði og fagmannlegri afstöðu til kennarastarfsins, sjálfstrausti og því umboði (e. agency) sem þeir telja sig hafa til sjálfstæðra ákvarðana um framkvæmd aðalnámskrár. Allt þetta birtist í starfi með nemendum sem einkennist af vönduðum undirbúningi og kennsluáætlunum, bekkjarstjórnun og samskiptum í námsrými nemenda, fjölbreyttum kennsluháttum, leiðsagnarmati, samræðum og öðrum samskiptum við nemendur, rödd nemenda og lýðræðislegri þátttöku í ákvörðunum og hvernig nám fer fram í félagslegu samhengi.

Í fundaröðinni 2018 kom fram sterkt ákall um að beina athygli að menntun og starfsþróun kennara og stjórnenda og stuðningi við hana (mynd 1, nr. 3 og 5). Í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar (2017) er enn fremur lögð áhersla á sömu þætti, til dæmis í 3. og 4. kafla, þar sem fjallað er um stuðning við starfsfólk til að framkvæma stefnuna um menntun fyrir alla og taka mið af henni í daglegu starfi, og í 7. kafla, þar sem meðal annars er fjallað um kennaramenntun og starfsþróun. Í þessum köflum er meðal annars lögð áhersla á hlutverk háskóla og skólaþjónustu í starfsþróun og stuðningi við skóla. Enn fremur lýtur 5. tillaga úttektahópsins (bls. 128) að þessu sama. Í skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju Jónsdóttur (2019) kemur enn fremur skýrt fram að skólastjórnendur í Reykjavík telja mikilvægt að efla samstarf við háskólana um starfsþróun (bls. 53).

Í ljósi framangreindra þátta eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- 2.1 Lögð verði áhersla á að styrkja kennslufræði menntunar fyrir alla (e. inclusive pedagogy) og leiðsagnarmat í kennaramenntun og starfsþróun kennara þannig að slík kennslufræði verði lykilorð í öllum kennslufræðinámskeiðum í kennaranámi á grunn- og framhaldsstigi og að námskrá kennaranáms endurspegli hana.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu liggur hjá þeim háskólastofnunum sem mennta kennara en þarf einnig að endurspeglast í þeim lögum og reglugerðum sem þær starfa eftir.

- 2.2 Fjölgæð verði verulega tækifærum kennara til að sameina faglegt nám og starfsþróun (e. professional learning and development, sbr. t.d. Fullan og Hargreaves, 2016) á sviði kennslufræði menntunar fyrir alla, innan sem utan skóla.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu liggur í nokkrum lögum vistkerfisins. Innan skóla liggur hún hjá skólastjórnendum, kennurum sjálfum og stéttarfélögum þeirra. Utan skóla starfar til dæmis Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda á vegum mennta- og menningar- málaráðuneytisins og er ráðuneytinu til ráðgjafar um málaflokkinn. Aðrir mikilvægustu ábyrgðar- og framkvæmdaraðilar utan skóla eru menntavísindadeildir háskólanna sem, eftir atvikum í samstarfi við skólaþjónustu sveitarfélaga, móta slík námstækifæri og sníða að þörfum einstakra skóla og kennarahópa.

- 2.3 Kennslufræði menntunar fyrir alla verði þungamiðja starfsþróunaráætlana skóla og starfsþróunar í hverjum skóla þar sem kennarar efla sig í starfi með þátttöku í þróunarstarfi og lausnum sem spretta af þörfum einstakra nemenda, með skólamiðaðri ráðgjöf til dæmis frá ráðgjöfum skólaþjónustu (sjá einnig í tillögum um eflingu skólaþjónustu).

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu er margþætt. Að því er varðar leik- og grunnskóla hvílir hún á sveitarfélögum sem veita fjármunum til starfsþróunar í skólum og skipuleggja skólaþjónustu. Á framhaldsskólastigi ber ríkið hliðstæða ábyrgð. Á öllum skólastigum liggur ábyrgðin jafnframt hjá stjórnendum skóla sem bera ábyrgð á að gera áætlanir um starfsþróun og þar með ráðstöfun slíkra fjármuna og fylgja þeim eftir. Fagleg ábyrgð innan skóla hvílir einnig óhjákvæmilega á kennurum og stéttarfélögum þeirra.

- 2.4 Stuðningur við starfsþróun kennara og þróun lærdómssamfélaga í skólum verði eitt af lögbundnum hlutverkum þeirra háskóla sem annast menntun kennara og viðkomandi háskólar móti stefnu um hvernig þeir rækja slíkt hlutverk.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu hvílir jöfnum höndum á háskólunum sjálfum, ríkisvaldinu, þeim sem taka ákvarðanir um rannsóknarumhverfi háskólakennara og mat á rannsóknarvirkni þeirra, sveitarfélögum og skólum. Ljóst er að tillagan kallar á breytingar á lögum um opinbera háskóla. Einnig er tómt mál að tala slíkt hlutverk háskóla nema því fylgi fjármagn og að þátttaka í starfsþróun og samstarf við skóla og skólaþjónustu geti orðið hluti af starfsskyldum kennara og hvatar til þess felldir inn í stigamatskerfi háskólakennara. Loks má segja að háskólar munu ekki geta rækt þetta hlutverk sitt nema í nánú samstarfi við skóla, sveitarfélög og skólaþjónustu við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

3. Lærdómssamfélög

Flestum fræðimönnum á sviði skólaþróunar ber saman um að skólinn sé vettvangur breytingastarfs (e. the centre of change) og að árangur þess standi og falli með þeim sem þar vinna. Á síðustu árum hafa margir fræðimenn á þessu sviði notað hugtakið lærdómssamfélag sem nokkurs konar samnefnara yfir skólamenningu og margvíslega þætti sem þurfa að vera til staðar í skólum til þess að efla þá sem faglegar stofnanir sem geta tekist á við faglegt nám og þróunarstarf á skilvirkan hátt. Meðal þeirra eru sameiginleg sýn og samábyrgð á námi nemenda, faglegt nám, starfsþróun og þekkingarsköpun, kennslufræðileg

forysta, teymisvinna, ígrundun og sjálfsmat. Um lærdómssamfélög er nánar fjallað í fræðilegum kafla skýrslunnar (3. kafla).

Höfundar skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar (2017) benda á sjálfstæði skóla sem einn af styrkleikum íslenska skólakerfisins sem og aðalnámskrá sem beinlínis gerir ráð fyrir að skólar skipuleggi starf sitt, með eigin skólanámskrá, út frá hæfni nemenda og grunnþáttum menntunar. Í samantekt á niðurstöðum fundaraðarinnar haustið 2018 (mynd 1) má víða sjá kallað eftir ýmsum einkennum lærdómssamfélaga, til dæmis samstarfi og teymisvinnu (nr. 2), starfsþróun og faglegu námi (nr. 3), sameiginlegri stefnu og sýn (nr. 8) og forystu (nr. 10); enn fremur að unnið sé með inntak hugmyndafræðinnar um menntun fyrir alla og kennarar aðstoðaðir við að greina starfshætti sem styðja við hana eða hamla henni. Umræður og mótun viðhorfa þeirra sem vinna að menntun án aðgreiningar sem einni af lyftistöngum þróunarstarfs í menntakerfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017) endurspeglar hugmyndir um mikilvægi lærdómssamfélaga og það gera einnig ýmsar tillögur úttektaþróunar (sama heimild), til dæmis 3. tillaga.

Í ljósi framangreindra þátta eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- 3.1 Þróun faglegra lærdómssamfélaga verði skilgreind sem lykilþáttur í þróun skólustarfs.
- 3.2 Gerð verði áætlun um eflingu lærdómssamfélaga í skólum landsins með sameiginlegu átaki, undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis með þátttöku háskóla sem annast kennaramenntun og vinna að starfsþróun, sjóða sem veita styrki til þróunarstarfs í skólum og skólaþjónustu í samstarfi við háskólastofnanir.
- 3.3 Stofnað verði fag- eða samstarfsráð um menntun fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að vinna að stefnumótun um málaflökkinn og vera menntayfirvöldum til ráðgjafar um þróun hans, meðal annars með eflingu starfsþróunar og annarra innviða lærdómssamfélaga.

Ábyrgð á framkvæmd þessara þriggja tillagna liggur í öllum lögum vistkerfis menntunar og árangur mun ekki nást nema með samstilltu átaki þeirra sem bera ábyrgð á þeim: mennta- og menningarmálaráðuneytis, háskóla, Sambands íslenskra sveitarfélaga, einstakra sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra, skóla sjálfra, stjórnenda og annarra starfsmanna þeirra.

4. Starfsaðstæður í skólum

Ein af niðurstöðum Evrópuskýrslunnar (bls. 91) er að það megi með „með góðum rökum halda því fram að íslenska menntakerfið búi við tiltölulega góða fjármögnun“, enda þótt ráðstöfun fjármagns sé gagnrýnd í skýrslunni. Skólar á Íslandi eru að jafnaði vel búnir hvað varðar húsakost, starfsumhverfi og búnað. Á leikskólastigi er þó ekki allt sem sýnist í þeim efnunum. Í nýlegri rannsókn Kristínar Dýrfjörð (2017) lagði hún könnun fyrir leikskólakennara þar sem spurt var um undirbúningstíma og álagsþætti í starfi í leikskólum. Svörum skiptir hún í eftirfarandi sex þætti: Börnin, undirbúningur, vinnuaðstaða við undirbúning, ytri kröfur, virðingarleysi, starfsmannamál. Í stuttu máli má segja að svörin beri með sér að þátttakendur telji að of mög börn séu í rými, hljóðvist sé léleg, undirbúningstími ónógur og vinnuaðstaða við undirbúning léleg, skilning skorti á eðli starfs leikskólakennara, lítill sveigjanleiki sé í vinnutíma og skortur sé á menntuðum leikskólakennurum.

Af framangreindum heimildum má ráða að kennarar búi við verulegan aðstöðumun eftir skólastigum, til dæmis hvað varðar möguleika til að sinna undirbúningi og starfsþróun á vinnutíma. Þar stendur leikskólinn höllum fæti og í niðurstöðum fundaraðarinnar 2018 kom fram sterkt ákall um breytingar á því.

Jafnframt berast fréttir, m.a. frá samtökum kennara, um vaxandi álag í starfi og aukna tíðni kulnunar meðal leik- og grunnskólakennara (sjá, t.d. Bára Hulda Beck, 2017; Guðríður Arnardóttir, 2017; Kulnun í starfi er vaxandi vandamál hjá kennurum, 2018; Samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara, 2017; Sigrún Daníelsdóttir, 2017). Flest í framangreindum gögnum bendir til að þetta álag tengist einkum starfsumhverfi kennara, svo sem skorti á stuðningi við kennara á vettvangi, meðal annars við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og innleiða nýjar námskrár, skorti á teymisvinnu og félagastuðningi, og óánægju með aðbúnað, tæki og gögn. Sigrún Daníelsdóttir (2017) tekur einnig skýrt fram í pistli sínum að mikilvægt sé að „átta sig á því að það eru ekki nemendurnir sem eru vandamálið heldur aðstæður í skólum“. Það verður þess vegna að líta svo á að þær tillögur sem hér eru lagðar fram muni hafa jákvæð áhrif á margt af því sem veldur álagi í starfsumhverfi kennara og einnig má benda á tillögur úttektaþróunar Evrópumíðstöðvarinnar (2017) til dæmis 6. tillögu (bls. 131).

Í ljósi framagreindra þátta eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- 4.1 Að leikskólakennurum verði tryggður tími til að sinna undirbúningi og starfsþróun á vinnutíma.
- 4.2 Að gert verði átak til að fjölga menntuðum leikskólakennurum.
- 4.3 Að haldið verði áfram að rannsaka verði hvað veldur vaxandi álagi og kulnun meðal kennara og ráðist í breytingar á starfsumhverfi þeirra á grundvelli niðurstaðna slíkrar rannsóknar.

Ábyrgð á framkvæmd þessara tillagna hvílir á aðilum í mörgum lögum vistkerfis menntunar. Þeir þættir í starfsumhverfi skóla sem hér hafa verið nefndir eru einkum á ábyrgð þeirra sem reka skólana, ríki og sveitarfélögum og enn fremur á ábyrgð stjórnenda og annarra starfsmanns skóla að byggja upp starfsumhverfi sem er styðjandi og mæti þörfum kennara fyrir stuðning og starfsefningu. Til að fjölga menntuðum leikskólakennurum hlýtur að þurfa samstillt átak ríkis og sveitarfélaga.

5. Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er nátengt hugmyndum um lærdómssamfélög en hefur einnig skírskotun til menntakerfisins í heild. Ytra sem innra mat á skólastarfi getur verið mikilvægt hreyfiafl skólaþróunar en því aðeins að vel sé staðið að framkvæmd þess; það sé byggt á skýrum og rökstuddum viðmiðum um alla þætti skólastarfs og feli í sér skipulega söfnun og túlkun gagna sem lýsa starfinu og hægt er að bera saman við viðmiðin til að dæma um gæði og skilvirkni skólastarfsins. Tilgangurinn ætti að vera að veita þeim sem bera ábyrgð á skólastarfi og framkvæmd menntastefnu upplýsingar sem gera þeim kleift að fylgjast með starfsemi menntakerfisins, tryggja gæði og stuðla að umbótum.

Bæði innra og ytra mat er lögbundið viðfangsefni á öllum skólastigum. Í leik- og grunnskólum ber sveitarfélögum að fylgja því eftir að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi (lög um leikskóla nr. 90/2008, 19. gr.; lög um grunnskóla nr. 91/2008, 37. gr.) og mennta- og menningarmálaráðuneyti ber að fylgja eftir ytra mati í framhaldsskólum (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 42. grein).

Ytra mat á skólum er unnið af Menntamálastofnun og Reykjavíkurborg og Menntamálastofnun hefur sett ítarleg viðmið um ytra mat á hennar vegum (Menntamálastofnun, 2018). Á vef MMS kemur fram að ef mat bendir til þess að þörf sé á umbótum skuli sveitarstjórn (í tilviki leik- og grunnskóla) senda Menntamálastofnun umbótaáætlun. Að öðru leyti er fátt vitað um hvernig sveitarfélög og ríki uppfylla framangreinda lagaskyldu sína um að matið leiði til umbóta, hvernig almennt er brugðist við þeirri umbótaþörf sem lýst er í samantekt Menntamálastofnunar á niðurstöðum ytra mats 2013–2018 (Þóra Björk Jónsdóttir, 2018) eða hvernig Menntamálastofnun fylgir eftir þeim umbótaáætlunum sem hún kallar eftir. Af framangreindri samantekt Menntamálastofnunar má ráða að ýmislegt vanti upp á að sjálfsmat skóla uppfylli þau viðmið um sjálfsmat sem sett eru í ytra matinu og í samantektinni segir (Þóra Björk Jónsdóttir, 2018, bls. 8): „Umbóta er þörf víða í innra mati og hægt að segja að þar þurfi að taka til hendi við að koma á góðum vinnubrögðum bæði hvað varðar framkvæmd og umbótastarf í kjölfar matsins.“

Loks má nefna að eitt af því sem fram kemur í samantekt eftir fundaröðina haustið 2018 er ákall um að krafa verði gerð um að skólanámskrá og önnur viðmið um starf skóla, sem augljóst er að leggja til grundvallar mati í skólastarfi, endurspegli stefnuna um menntun fyrir alla. Mat á skólastarfi hlýtur einnig að koma við sögu ef framkvæma á tillögur úttektahóps Evrópumíðstöðvarinnar (2017), einkum tillögur nr. 2 og 3.

Í ljósi mikilvægis mats á skólastarfi eru gerðar eftirtaldar tillögur:

- 5.1 Gert verði átak til að efla sjálfsmat í skólum á öllum skólastigum og hagnýtingu þess sem leiðsagnarmats.
- 5.2 Sett verði viðmið um gæði skólastarfs, sem taka mið af menntun fyrir alla, og eflingu þeirra innviða skólastarfs sem fjallað er um í þessum tillögum. Hér er til dæmis bent á viðmið Menntamálastofnunar um ytra mat og sjálfsmatskerfið *How good is our school?* (Education Scotland, 2015) sem verið hefur í þróun í Skotlandi í meira en 20 ár og hefur nú verið gefið út í 4. útgáfu.
- 5.3 Tryggt verði að skólar njóti stuðnings við framkvæmd og úrvinnslu sjálfsmats og þróunaráætlanir í kjölfar þess.

Ábyrgð á framkvæmd þessara framangreindra tillagna (5.1–5.3) hvílir á ríkinu, bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun, sveitarfélögum og skólum. Þróun viðmiða sem skólar geta nýtt við innra mat þarf að vera í nánú samstarfi milli þessara aðila, með þátttöku stéttarfélaganna kennara og skólastjóra, og matsfræðinga á vegum háskóla. Ábyrgð á stuðningi við skóla ætti að liggja hjá skólaþjónustu á vegum þeirra sem reka skóla á hverju skólastigi, ríkis vegna framhaldsskóla og sveitarfélaga vegna leik- og grunnskóla.

- 5.4 Gert verði átak til að styðja skóla á öllum skólastigum í að hagnýta niðurstöður ytra mats og gera þróunaráætlanir á grundvelli þess.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu hvílir, á sama hátt og ábyrgð á tillögum 5.1–5.3, á þeim sem reka skóla á hverju skólastigi, eftir atvikum með aðkomu Menntamálastofnunar sem umsjónaraðila ytra mats; ríkinu vegna framhaldsskóla og sveitarfélögum vegna leik- og grunnskóla.

6. Skólaþjónusta

Í þessum tillögum hefur verið ítrekað að enda þótt sú framkvæmd menntunar fyrir alla sem snýr að nemandanum standi og falli með starfinu sem fer fram í skólum og kennslurýmum verður að hafa hugfast að hvorki skólinn sem stofnun né starfsvettvangur kennara með nemendum eru eyland heldur hluti af stórri heild – menntakerfi þjóðar, sem hér er nefnt vistkerfi menntunar (mynd 2). Stuðningur menntakerfisins í heild við starf skóla er lykilatriði. Það á jafnt við starf kennara og annarra fagmanna sem vinna með nemendum í því lagi vistkerfisins sem næst er þeim og einnig við starfið í skóla fyrir alla í næsta lagi þar fyrir utan.

Í þessum tillögum er gengið út frá því að skólaþjónusta sveitarfélaga sé ætlað veigamikil hlutverk við að stuðla að umbótum í skólastarfi og að hlutverk hennar felist meðal annars í ráðgjöf við kennara og þátttöku í starfsþróun, mati á skólastarfi, og samhæfingu sérfræðinga innan skóla sem utan sem koma að málefnum nemenda sem þurfa stuðning í skóla. Mikilvægt er þó að áréttu að skólaþjónustan á ekki að vera „viðgerðarþjónusta“ sem leysir „vanda“ nemenda með sértækum úrræðum eða meðferð undir stjórn og á ábyrgð sérfræðinga sem standa utan við almennt skólastarf. Þvert á móti er skólaþjónusta í þessum tillögum ætlað hlutverk við *skólamiðaða ráðgjöf* (e. school based consultation) (Gutkin og Curtis, 1990). Slík ráðgjöf er byggð á sameiginlegri lausnaleit sérfræðinga, kennara og foreldra þar sem samspil nemenda og þarfa þeirra og námsumhverfis eru í forgrunni og lögð er áhersla á að laga kennslu, nám og námsumhverfi þörfum nemenda (sjá einnig Sigrún Harðardóttir, 2015). Skólinn afsalar sér hvorki ábyrgð á aðgerðunum né valdi yfir þeim heldur ber hana ásamt ráðgjafanum.

Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skráðar 28 skólaskrifstofur og 20 grunnskólar sem sveitarfélög reka eru þar taldir utan skólaskrifstofu. Enda þótt upplýsingar skorti um ýmislegt sem varðar starfshætti skólaþjónustunnar gefur samt augaleið að margar þessara skrifstofa eru of litlar einingar til að vera til þess bærar að veita skólum og kennurum ráðgjöf og fjöldi skóla utan skólaskrifstofu er einnig umhugsunarefni í ljósi þess lögbundna hlutverks sveitarfélaga að tryggja að skólaþjónusta sé veitt leik- og grunnskólum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Framangreindar tölur bera með sér að skólaþjónusta sé mjög dreifð og mismunandi eftir landsvæðum, og í niðurstöðum fundaraðarinnar kom fram ákall um að jafna aðgengi að skólaþjónustu og þjónustu við einstök börn eftir landsvæðum og óháð búsetu. Í ljósi þess mikilvægis skólaþjónustunnar er mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggi ytra mat á starfsemi þjónustunnar á sama hátt og á starfsemi skólanna sjálfra.

Margt bendir einnig til þess (Rúnar Sigþórsson, 2013; Skýrsla Evrópumíðstöðvar, 2017 og fyrstu niðurstöður yfirstandandi rannsóknar nokkurra af skýrsluhöfundum um skólaþjónustu) að áhersla skólaþjónustunnar á þjónustu við nemendur með sérstakar þarfir sé klínísk fremur en skólamiðuð, í þeim skilningi að fremur sé leitað orsaka erfiðleika nemenda hjá þeim sjálfum en í námsumhverfi og námsskipulagi þeirra. Í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar (2017) er enn fremur gagnrýnt að ráðstöfun fjármagns einkennist af því að veita fjármagni sem til ráðstöfunar er til aðgreinds hóps nemenda í stað þess að nýta það í þágu menntunar fyrir alla nemendur.

Sem stendur er engin skólaþjónusta við framhaldsskóla og frá fulltrúum þeirra á fundum í fundaröð mennta- og menningarmálaráðuneytisins kom fram gagnrýni á það og ákall um breytingar. Engin haldbær

rök eru fyrir því að framhaldsskólar þurfi síður á skólaþjónustu að halda en önnur skólastig. Sama máli gegnir um tónlistarskóla.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- 6.1 Komið verði á heildstæðri skólaþjónustu sem nær til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- 6.2 Skólaþjónusta verði stórefld þannig að henni sé gert kleift að sinna því lögboðna hlutverki sínu á öllum skólastigum sem nú er bundið í reglugerð nr. 584, 2010, þ.e. „að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á“, auk þess að styðja nemendur og foreldra.
- 6.3 Með breyttum viðmiðum og vinnureglum um úthlutun og nýtingu fjármagns vegna einstakra nemenda verði dregið úr vægi læknisfræðilegrar nálgunar að viðfangsefni þjónustunnar en þess í stað lögð áhersla á hlutverk skólaþjónustu í stuðningi við kennara og skóla sem beinist að starfi kennara og samhæfingu annarra sérfræðinga sem starfa í námsrými nemenda í skólum. Sterkt ákalla er til dæmis um ráðgjöf á vettvangi frá stjórnendum grunnskóla í Reykjavík (Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir, 2019). Sama á væntanlega við um öll skólastig, ekki síst framhaldsskóla í ljósi umræðu um brotthvarf og erfiða líðan nemenda þar (sjá t.d. Sigrún Harðardóttir, 2015)
- 6.4 Minni sveitarfélög myndi landshlutasamtök um rekstur skólaþjónustu sem gerir þeim kleift að stofna einingar sem eru nægilega stórar til að standa undir ráðgjafarhlutverki sínu. Eins og skipulagi skólaskrifstofa er nú háttað verður að telja líklegt að einungis skólaskrifstofur stærstu sveitarfélaganna hafi burði til að breyta starfsháttum sínum í þá veru sem lagt er til í 1. og 2. tillögu.
- 6.5 Komið verði á virkara og víðtækara samstarfi milli háskóla og skólaþjónustu um starfsþróun og rannsóknir á skólastarfi.
- 6.6 Reglugerð um skólaþjónustu verði endurskoðuð, meðal annars með hliðsjón af því hlutverki hennar sem lýst er í þessum tillögum; sett verði viðmið um starfshætti þjónustunnar og Menntamálastofnun falið að annast reglubundið ytra mat á þjónustunni á grundvelli þeirra.

Ábyrgð á öllum framangreindum tillögum liggur bæði hjá ríki og sveitarfélögum; ábyrgð á skólaþjónustu við leik- og grunnskóla hjá sveitarfélögum en ábyrgð á skólaþjónustu við framhaldsskóla hjá ríkinu sem rekstraraðila þeirra. Hér eru ekki gerðar tillögur um rekstrarform eða framkvæmd þeirrar heildstæðu skólaþjónustu sem lagt er til að komið verði á fót, en benda má á þá leið að gera þjónustusamninga um þessa þjónustu við skólaskrifstofur sveitarfélaga, eins og bent er á í 7. grein reglugerðar nr. 584/2010, og/eða háskólastofnanir, auk þess sem framhaldsskólum ber að leita samninga við næstu heilsugæslu um heilbrigðisþjónustu.

7. Samspil kerfa og nýting fjármagns

Eins og að framan segir bendir margt til þess að læknisfræðileg sjónarmið séu ríkjandi í viðbrögðum við málefnum einstakra nemenda sem rata í erfiðleika í skólakerfinu. Orsakanna er gjarnan leitað hjá barninu sjálfu fremur en námsumhverfi eða öðrum aðstæðum sem það býr við í skóla eða á heimili. Í skýrslu

Evrópumiðstöðvarinnar (2017) er gagnrýnt að þetta leiði til ofuráherslu á greiningar á ýmsum flokkum einstaklingsþarfa sem síðan eru notaðar til að réttlæta fjárveitingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og sveitarfélögum sjálfum vegna þessara nemenda. Í skýslunni komast höfundar að þeirri niðurstöðu að þetta fyrirkomulag vinni gegn menntun fyrir alla þar sem það beinir fjármagni að einhvers konar sérúrræðum fyrir afmarkaðan hóp nemenda í stað þess að nýta það í þágu allra og byggja upp heilðrænar aðferðir við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda, þar sem sérfræðingar innan skóla (aðrir en almennir kennarar og stjórnendur), svo sem sérkennarar, iðjuþjálfar og þroskaþjálfar, vinna saman að stuðningi við nemendur og stofnanir utan skóla, svo sem skólaþjónusta, félagsþjónusta, barnavernd og heilbrigðiskerfi, eru samhæfðar í hliðstæðum tilgangi til stuðnings við nemendur og kennara (sjá til dæmis Manitoba Education and Advanced Learning, 2014; Sigrúnu Harðardóttur, 2015; Skoglund, 2014)

Í fundaröðinni kom fram sterkt ákall um samstarf af þessu tagi sem tengdust ytri umgjörð (og breyttum viðmiðum um nýtingu fjármagns), samstarfi, mannauði og stuðningi við nemendur (mynd 1).

Í ljósi þessa eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- 7.1 Að haldið verði áfram starfi sem þegar er í undirbúningi – og lögð er áhersla á í einni af lyftistöngunum sem fjallað er um í skýrslu Evrópumiðstöðvarinnar – við endurskoðun á þeim reglum sem nú gilda um aðgang skóla að fjármunum þannig að þeir séu í þágu menntunar fyrir alla og nýtist sem best við að efla samhæfingu og lausnir innan sem utan skóla til að stuðla að henni. Hafist verði handa við tilraunaverkefni með þátttöku sveitarfélaga sem miðar að þessu.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu liggur hjá þeim ráðuneytum sem fara með þá málaflokka sem hér eru til umfjöllunar, ásamt sveitarfélögum og samtökum þeirra og skólum.

- 7.2 Að unnið verði skipulega að því að koma á samhæfingu þeirra þjónustukerfa utan skólanna (skólaþjónustu, félags- og velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu) sem styðja einstaka nemendur, fjölskyldur og skóla við að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda á heilðrænan hátt.

Ábyrgð á framkvæmd þessarar tillögu liggur hjá mörgum stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga og krefst sameiginlegra ákvarðana og samhæfingar. Þau ráðuneyti sem fara með viðkomandi málaflokka þurfa, ásamt sambandi sveitarfélaga, að samhæfa ábyrgð sína.

- 7.3 Að skólar fái markvissan stuðning og kennslumiðaða ráðgjöf (e. school based consultation) (sjá Gutkin og Cyrtis, 1990) frá skólaþjónustu við að innleiða starfshætti sem samhæfa vinnu sérfræðinga innan skólans í málefnum einstakra nemenda og sérfræðinga utan hans.

Ábyrgð liggur fyrst og fremst hjá sveitarfélögum og skólum.

6. Lokaorð

Íslensk skólastefna setur metnaðarfull markmið um menntun fyrir alla. Samkvæmt niðurstöðum úttektar Evrópumíðstöðvarinnar (2017) er þó ýmislegt óunnið við að koma stefnunni í framkvæmd. Þessi skýrsla er hluti af metnaðarfullri viðleitni mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að byggja þróunarstarf í skólum á niðurstöðum skýrslunnar.

Með fundunum sem haldnir voru um allt land haustið 2018 var skapaður vettvangur til að hlusta á raddir skólasamfélagsins, stjórnarsýslu menntakerfisins og þeirra stofnana sem styðja skóla í því að framfylgja stefnunni, og samræma viðhorf þessara aðila þannig að þeir tali einum rómi um menntun fyrir alla.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir samantekt á niðurstöðum fundanna sem haldnir voru með fulltrúum skólasamfélagsins. Þessar niðurstöður eru síðan settar í fræðilegt samhengi og á þeim grundvelli gerðar tillögur um hvernig hægt er að horfa fram á veginn og stíga næstu skref. Tillögurnar endurspeglar jafnframt þær lyftistangir fyrir þróun menntakerfisins sem höfundar úttektarskýrslu Evrópumíðstöðvarinnar telja mikilvægastar.

Bandaríski menntunarfræðingurinn Bruce Joyce (1991) hefur líkt þeim skilyrðum sem skapa þarf þróunarstarfi í skólum við dyr sem ljúka þarf upp. Enginn getur lokið þeim upp öllum í einu og það skiptir í raun ekki öllu máli á hvaða dyrum er byrjað því þótt gangarnir að baki þeirra liggi í ýmsar áttir sameinast þeir að lokum og tengjast á einn eða annan hátt breytingum á menningu og starfsháttum skóla sem leiða til aukinna gæða starfsins.

Tillögunum sem gerðar eru í þessari skýrslu má líkja við dyrnar sem Joyce notar í líkingamáli sínu. Þeim verður vissulega ekki komið til framkvæmda öllum í einu en það skiptir þó meginmáli að hefjast handa og láta ekki staðar numið fyrr en öllum dyrunum hefur verið lokið upp og leiðirnar sem frá þeim liggja til að efla menntun fyrir alla hafa verið kortlagðar.

Heimildir

- Ainscow, M. og Miles, S. (2008). Making education for all inclusive: Where next? *Prospects*, 38(1), 15–34. doi:10.1007/s11125-008-9055-0
- Alexander, R. (2013). *Essays on pedagogy*. London: Routledge.
- Anderson, J., Boyle, C. og Deppeler, J. (2014). The ecology of inclusive education: Reconceptualising Bronfenbrenner. Í H. Zhang, P. W. K. Chan og C. Boyle (ritstjórar), *Equality in Education: Fairness and Inclusion* (bls. 23–34). Rotterdam: Sense Publishers.
- Andrade, H., Huff, K. og Brooke, G. (2012). *Assessing learning* [The Students at the Center Series]. Sótt af https://jfforg-prod-prime.s3.amazonaws.com/media/documents/Assessing_LearningPDF.pdf
- Andrews, J. og Yee, W. C. (2006). Children's 'funds of knowledge' and their real life activities: Two minority ethnic children learning in out-of-school contexts in the UK. *Educational Review*, 58(4), 435–449.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2007). Þróun einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla, veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2007/012/index.htm>
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2010). Professional Learning Community in Relation to School Effectiveness. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 54(5), 395–412.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólasterfi. Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 35–53). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Armstrong, F. (2011). Inclusive education: School cultures, teaching and learning. Í G. Richards og F. Armstrong (ritstjórar), *Teaching and learning in diverse and inclusive classrooms* (bls. 7–18). London: Routledge.
- Aspin, D. (2007). The ontology of values and values education. Í D. Aspin og J. Chapman (ritstjórar), *Values education and lifelong learning: Principles, policies, programmes* (bls. 27–47). Dordrecht: Springer.
- Avramidis, E. og Norwich, B. (2002). Teachers' attitudes towards integration/inclusion: a review of the literature. *European Journal of Special Needs Education*, 17(2), 129–147.
- Bára Hulda Beck. (2017). Lág laun og álag flæmir kennara burt úr skólum. *Kjarninn*. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/2017-12-14-lag-laun-og-alag-flaemir-kennara-burt-ur-skolum/>
- Birna Svanbjörnsdóttir. (2015). *Leadership and teamwork in a new school: Developing a professional learning community* (doktorsritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/20818>
- Birna Svanbjörnsdóttir. (2019). Teymisvinna og forysta: Birtingarmynd fimm árum eftir að innleiðingarferli faglegs lærdómssamfélags lauk. *Netla, veftímarit um uppeldi og menntun*. Í birtingarferli.
- Bolam, R., McMahon, A., Stoll, L., Thomas, S. og Wallace, M. (2005). *Creating and sustaining professional learning communities*. Research Report Number 637. London, England: General Teaching Council for England, Department for Education and Skills.
- Booth, T., Ainscow, M., Black-Hawkins, K., Vaughan, M. og Shaw, L. (2000). *Index for Inclusion: Developing Learning and Participation in School*. Bristol: Centre for Studies on Inclusive Education.
- Bray, B. og McClaskey, K. (2014). *Make learning personal: The what, who, WOW, where, and why*. Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

- Bucholz, J. L. og Sheffler, J. L. (2009). Creating a warm and inclusive classroom environment: Planning for all children to feel welcome. *Electronic Journal for Inclusive Education*, 2(4), 1–14.
- Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2014). Stjórnun og skipulag. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 87–112). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2018). Grunnskólastjórar á öndverðri 21. öld: Hlutverk og gildi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(2), 111–133. Sótt af <https://doi.org/10.24270/tuom.2018.27.6>
- Creemers, B. P. M., Kyriakides, L. og Antoniou, P. (2013). A dynamic approach to school improvement: main features and impact. *School Leadership and Management*, 33(2) 114–132.
- Darling-Hammond, L. og Richardson, N. (2009). Teacher learning: What matters? *Educational Leadership*, 66(5), 46–53.
- Davies, M. og Elliott, S. N. (2012). Inclusive assessment and accountability: Policy to evidence-based practices. *International Journal of Disability, Development and Education*, 59(1), 1–6.
- DuFour, R. og Fullan, M. (2013). *Cultures built to last: Systemic PLCs at work*. Bloomington: Solution Trees Press.
- Dwyer, C. og Wiliam, D. (2011). Using classroom data to give systematic feedback to students to improve learning. Sótt af <https://www.apa.org/education/k12/classroom-data>
- EACEA/Eurydice. (2009). *National testing of pupils in Europe: Objectives, organisation and use of results*. Sótt af http://www.forschungsnetzwerk.at/downloadpub/Austria_EN_pupils.pdf
- Edda Óskarsdóttir. (2017). *Constructing support as inclusive practice: A self-study* (doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Education Scotland. (2015). How good is our school? (4. útgáfa). Sótt af https://education.gov.scot/improvement/Documents/Frameworks_SelfEvaluation/FRWK2_NIHeditHGIOS/FRWK2_HGIOS4.pdf
- Elboj, C. og Niemela, R. (2010). Sub-communities of mutual learners in the classroom: The case of interactive groups. *Revista de Psicodidáctica*, 15(2), 177–189.
- Elhoweris, H. og Alsheikh, N. (2006). Teachers' attitude towards inclusion. *International Journal of Special Education*, 21(1), 1–12.
- European Agency for Development in Special Needs Education. (2013). Organisation of provision to support inclusive education. Literature review. Odense: Höfundur.
- European Agency for Special Needs and Inclusive Education. (2015). *Agency position on inclusive education systems*. Sótt af www.european-agency.org/about-us/who-we-are/position-on-inclusive-education-systems
- European Agency for Special Needs and Inclusive Education. (2018). *Key actions for raising achievement: Guidance for teachers and leaders*. Sótt af <https://www.european-agency.org/sites/default/files/Key%20Actions%20for%20Raising%20Achievement.pdf>
- Evans, D. (2015). Curriculum adaptations. Í A. Ashman og J. Elkins (ritstjórar), *Education for inclusion and diversity* (bls. 102–130). Frenchs Forest: Pearson Australia.
- Evrópumiðstöðin fyrir sérþarfir og menntun án aðgreiningar [European Agency for Special Needs and Inclusive Education]. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. (2009a). *Key principles for promoting quality in inclusive education: Recommendations for policy makers*. Odense: Höfundur.
- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. (2009b). *Fjölmenningsamfélag og sérkennsla: Yfirlitskýrsla* (A. Grünberger, M. Kyriazopoulou og V. Soriano, ritstjórar). Odense: Höfundur.
- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. (2010). *Skjót afskipti: Framfarir og þróun 2005–2010*. Odense: Höfundur.
- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. (2012). *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar*. Odense: Höfundur.
- Faghópur um gæðaviðmið í grunnskólastarfi. (2011). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Faghópur um gæðaviðmið í grunnskólastarfi. Sótt af <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Skjal-III-Vidmid-um-ytra-mat.pdf>
- Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara. (2016). *Kýrsla til mennta-og menningarmálaráðherra*. Sótt af <https://www.ki.is/skolamal/skolamalarad/samstarfsrad-um-starfsthroun-kennara-og-skolastjornenda>
- Florian, L. (2014). What counts as evidence of inclusive education? *European Journal of Special Needs Education, 29*(3), 286–294. doi:10.1080/08856257.2014.933551
- Florian, L. og Black-Hawkins, K. (2011). Exploring inclusive pedagogy. *British Educational Research Journal, 37*(5), 813–828. doi:10.1080/01411926.2010.501096
- Florian, L. og Spratt, J. (2013). Enacting inclusion: A framework for interrogating inclusive practice. *European Journal of Special Needs Education, 28*(2), 119–135. doi:10.1080/08856257.2013.778111
- Fullan, M. og Hargreaves, A. (2016). *Bringing the profession back in: Call to action*. Sótt af <http://learningforward.org/docs/default-source/pdf/BringingProfessionFullanHargreaves2016.pdf>
- Garner, P., Forbes, F., Fergusson, A., Aspland, T. og Datta, P. (2012). *Curriculum, assessment and reporting in special educational needs and disability: A thematic overview of recent literature – Australian curriculum: Students with disability*. Sótt af www.acara.edu.au/verve/_resources/ACARA_Research_for_Publication_Final.pdf
- Gonzalez, N., Moll, L. C. og Amanti, C. (2005). *Funds of knowledge*. New York: Routledge.
- Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason. (2016). Þróun skóla margbreytileikans í kjölfar Salamanca-yfirlýsingarinnar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 11–39). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Guðríður Arnardóttir. (2017). Alvarleg tíðindi fyrir samfélagið. Sótt af <https://ki.is/pistlar/3965-alvarleg-tidindi-fyrir-samfelagid>
- Gutkin, T. B. og Curtis, M. J. (1990). School-based consultation: Theory, techniques, and research. Í T. B. Gutkin og C. R. Reynolds (ritstjórar), *The handbook of school psychology* (2. útgáfa, bls. 577–611). Oxford: John Wiley & Sons.
- Hafðís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggt á auðlindum nemenda. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar/Learning spaces for inclusion and social justice*. Sótt af

http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf

- Hafdís Guðjónsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir. (2012). Preparing teachers for teaching a diverse group of learners in a changing world. Í J. R. Young, L. B. Erickson og S. Pinnegar (ritstjórar), *The Ninth International Conference on Self-Study Teacher Education Practices. Extending Inquiry Communities: Illuminating Teacher Education through Self-Study*. August 15–19, 2012. Herstmonceux Castle, East Sussex, England: Self-Study of Teacher Education Practices.
- Hafdís Guðjónsdóttir. (2005). Researching with teachers: Making responsive professional practice visible (and viable). Í F. Bodone (ritstjóri), *What difference does research make and for whom?* New York: Peter Lang.
- Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2011/011.pdf>
- Hall, G. og Hord, S. (2011). *Implementing change: Patterns, principles and potholes* (3. útgáfa). Boston: Pearson.
- Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri). (2015). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries: Report on main findings from Finland, Iceland, Norway, Sweden*. Sótt af http://lsp2015.hi.is/final_report
- Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama. (2018). Refugee children in Icelandic schools: Experiences of families and schools. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 82–104). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Hargreaves, A. (2007). Sustainable professional learning communities. Í L. Stoll, og K. Seashore Louis (ritstjórar), *Professional learning communities: Divergence, depth and dilemmas* (bls. 181–195). Maidenhead: Open University Press.
- Hargreaves, A. og Fullan, M. (2012). *Professional capital: Transforming teaching in every school*. New York: Teacher College Press.
- Hart, S., Drummond, M. J. og McIntyre, D. (2007). Learning without limits: Constructing a pedagogy free from determinist beliefs about ability. Í L. Florian (ritstjóri), *The Sage handbook of special education* (bls. 499–514). London: Sage.
- Hattie, J. A. C. (2009). *Visible learning: A synthesis of 800+ meta-analyses on achievement*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2016). Stefnur sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 41–65). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar.
- Hermína Gunnþórsdóttir. (2010). Kennarinn í skóla án aðgreiningar: Áhrifavaldar á hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2010/013.pdf>
- Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). „Mitt barn passar bara ekki inn í þetta kerfi“. Sjónarhorn mæðra barna sem þurfa mikinn stuðning til náms. *Glæður*, 26, 30–40.
- Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl. (2018). The education of students with immigrant background in Iceland: Parents' and teachers' voices. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 63(4), 605–616. doi: 10.1080/00313831.2017.1415966

- Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2014). Additional workload or a part of the job? Icelandic teachers' discourse on inclusive education. *International Journal of Inclusive Education*, 18(6), 580–600.
- Higgins, S., Katsipatakis, M., Kokotsaki, D., Coleman, R., Henderson, P., Major, L. E. og Coe, R. (2014). *The Sutton Trust-education endowment foundation teaching and learning toolkit*. London: Education Endowment Foundation.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). "Different Children – A Tougher Job": Icelandic teachers reflect on changes in their work. *European Educational Research Journal*, 5(2), 140–151.
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennsluhættir. Í Gerður Óskarsdóttir (ritstjórar), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 113–158). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir. (2019). *Starfsþróun grunnskólakennara í Reykjavík: Skýrsla*. Sótt af https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/160_1.1_starfsthroun_i_grunnskolum_reykjavikur_skyrsla_lokadrog_april_2019.pdf
- Joyce, B. (1991). The doors to school improvement. *Educational Leadership*, May, 59–62.
- Kefallinou, A. og Donnelly, V. (2016). Inclusive assessment: Issues and challenges for policy and practice. Í A. Watkins og C. Meijer (ritstjórar), *Implementing inclusive education: Issues in bridging the policy-practice gap* (International Perspectives on Inclusive Education, 8. bindi). Bingley: Emerald Group Publishing
- Kristín Dýrfjörð. (2017). Það sem veldur álagi í leikskólum. Sótt af <https://www.laupur.is/hvad-veldur-alagi-i-leikskolum>
- Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 197–216). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kulnun í starfi er vaxandi vandamál hjá kennurum (2018). *Morgunblaðið*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/27/kulnun_i_starfi_vaxandi_vandamal/
- Levin, B. (2000). Putting students at the centre in education reform. *Journal of Educational Change*, 1(2), 155–172.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um leikskóla, nr. 90/2008
- Macleod, S., Sharp, C. og Bernardinelli, D. ásamt Skipp, A. og Higgins, S. (2015). *Supporting the attainment of disadvantaged pupils: Articulating success and good practice*. London: Department for Education.
- Manitoba Education and Advanced Learning. (2014). *Supporting inclusive schools. A Handbook for Resource Teachers in Manitoba Schools*. Sótt af: https://www.edu.gov.mb.ca/k12/specedu/res_teacher/pdf/sis_resource_teachers_mb_schools.pdf
- Menntamálastofnun. (2018). *Gæðastarf í grunnskólum: Viðmið og framkvæmd ytra mats grunnskóla* (2. útgáfa). Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/gaedastarf_4.9.2018.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mincu, M. E. (2015). Teacher quality and school improvement: What is the role of research? *Oxford Review of Education*, 41(2), 253–269.

- Mitchell, D. (2014). *What really works in special and inclusive education: Using evidence-based teaching strategies*. London: Routledge.
- Muskin, J. A. (2015). Student learning assessment and the curriculum: Issues and implications for policy, design and implementation. *Current and critical issues in the curriculum and learning* [In-Progress Reflections No 1]. Sótt af http://www.ibe.unesco.org/sites/default/files/resources/ipr1-muskin-assessmentcurriculum_eng.pdf.
- Niemi, H. og Nevgi, A. (2014). Research studies and active learning promoting professional competences in Finnish teacher education. *Teaching and Teacher Education*, 43, 131–142.
- OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development). (2011). *PISA in Focus 2. Improving Performance: Leading from the Bottom*. March 2011. Paris: OECD Publishing
- OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development). (2012). *Equity and Quality in Education: Supporting Disadvantaged Students and Schools*. Paris: OECD Publishing. doi: [dx.doi.org/10.1787/9789264130852-en](https://doi.org/10.1787/9789264130852-en)
- OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development). (2013). *Executive Summary of Innovative Learning Environments*. Paris: OECD Publishing. doi: [dx.doi.org/10.1787/9789264203488-2-en](https://doi.org/10.1787/9789264203488-2-en) (Last accessed December 2016).
- Ólafur P. Jónsson. (2016). Democratic and Inclusive Education in Iceland: Transgression and the Medical Gaze. *Nordic Journal of Social Research*, Special Issue, 7, 77–92.
- Pijl, S. J. og Frissen, P. H. (2009). What policymakers can do to make education inclusive. *Educational Management Administration & Leadership*, 37(3), 366–377. doi:10.1177/1741143209102789
- Portela, A. (2013). Students and leadership for inclusion. Í E. M. Ruairc, E. Ottesen, og R. Percey (ritstjórar), *Leadership for inclusive education: Vision, values and voices* (bls. 163–173). Rotterdam: Sense Publishers.
- Racionero, S. og Padrós, M. (2010). The dialogic turn in educational psychology. *Revista de Psicodidáctica*, 15(2), 143–162.
- Rannveig Klara Matthíasdóttir, Amalía Björnsdóttir og Dóra S. Bjarnason. (2013). Skóli án aðgreiningar. Viðhorf sérkennara í grunnskólum til stefnunnar skóli án aðgreiningar. *Glæður*, 23, 58–68.
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010.
- Rósa Eggertsdóttir (ritstjóri), Gretar L. Marinósson (ritstjóri), Carles Sigalés, Ingibjörg Auðunsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, José Pacheco, ... Þóra Björk Jónsdóttir. (2002). *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólasterfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson. (2013). Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla. Í Rúnar Sigþórsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson og Rósa Eggertsdóttir (ritstjórar), *Fagmennska í skólasterfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 191–215). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rúnar Sigþórsson, Anna Lind Pétursdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2014). Nám, þátttaka og samskipti nemenda. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 161–196). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara. (2017). *Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla vegna úrvinnslubókunar 1 með kjarasamningi aðila*. Sótt af https://www.samband.is/media/kjaramal/FG-lokaskyrsla-samstarfsnefndar-2017_LOK.pdf

- Schleicher, A. (2016). Teaching excellence through professional learning and policy reform: Lessons from around the world. *International Summit on the Teaching Profession*. Paris: OECD Publishing.
- Sigríður Margrét Sigurðardóttir, María Steingrimsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2017). Forysta í Byrjendalæsi. Í Rúnar Sigbórsson og Gretar L. Marinósson (ritstjórar), *Byrjendalæsi. Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 331–359). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Daníelsdóttir. (2017). Velliðan í vinnunni – skólinn sem vinnustaður. (2017). Sótt af <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item32931/vellidan-i-vinnunni-skolinn-sem-vinnustadur>
- Sigrún Harðardóttir. (2015). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrg samfélags*. Reykjavík: Rannsóknar í barna- og fjölskylduvernd.
- Sigurður Arnar Sigurðsson. (2013). *Enginn fer neitt á því sem hann getur ekki en langt á því sem hann getur: Sýn foreldra á sérkennslu* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/16056>
- Skoglund, P. (2014). Fundamental challenges and dimensions of inclusion in Sweden and Europe: How does inclusion benefit all? *La nouvelle revue de l'adaptation et de la scolarisation*, 65(1), 311–325.
- Slee, R. (2011). *The irregular school: Exclusion, schooling and inclusive education*. London: Routledge.
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar: Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Svanborg R. Jónsdóttir. (2015). Emancipatory pedagogy: The pedagogy of innovation and entrepreneurial education. Í A. Kirketerp og A. Doneva (ritstjórar), *Conference Proceedings*. 1st European Networking Conference on Entrepreneurship Education, January 29–30. Horsens, Denmark: VIA University College.
- Todd, L. (2008). *Partnerships for inclusive education: A critical approach to collaborative working*. London: Routledge Falmer.
- Trausti Þorsteinsson og Amalía Björnsdóttir. (2016). Stjórnun og fagleg forysta í grunnskólum. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 12(2), 487–510. doi: dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2016.12.2.13
- Tübele, S. (2008). *The study course 'Introduction to Special Needs Education': A step towards teacher education for inclusive education at the University of Latvia*. Paper presented at CrossNational Invitational Symposium on Teacher Education for Inclusion, University of Aberdeen. 2–4 November 2008.
- Watkins, A. og Donnelly, V. (2014). Core values as the basis for teacher education for inclusion. *Global Education Review*, 1(1), 76–92.
- Watkins, A. og Meijer, C. J. W. (2016). Introduction. Í A. Watkins og C. J. W. Meijer (ritstjórar), *Implementing inclusive education: Issues in bridging the policy-practice gap* (8. bindi, bls. xiii–xvii). Bingley, UK: Emerald Group Publishing.
- White, J. M. og Jones, P. (2011). Creating school systems of inclusive leadership. Í P. Jones, J. R. Fauske, og J. F. Carr (ritstjórar), *Leading for inclusion: How schools can build on the strengths of all learners* (bls. 216–227). New York: Teachers College Press.
- Þóra Björk Jónsdóttir. (2018). *Ytra mat á grunnskólastarfi 2013 til hausts 2018: Niðurstöður mats með notkun fyrstu útgáfu Gæðastarfs í grunnskólum*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/samantekt_og_arsskyrsla_haust_2018.pdf

Fylgiskjal 1

Áfangaskýrsla með fylgiskjöllum

Menntun fyrir alla

Áskoranir og tækifæri

Niðurstöður umræðna sem fram fóru á fundum mennta- og menningarmálaráðuneytis með fulltrúum stjórnslu, sveitarfélaga, skólastjórnenda, kennara og foreldra um land allt haustið 2018

Áfangaskýrsla
unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
I. Morgunfundirnir	4
Helstu niðurstöður umræðna á morgunfundum	5
II. Síðdegisfundirnir	7
Hópverkefnið Múrin	9
Helstu efnisatriði sem listuð voru upp undir hverju þema	11
III. Lokaskýrsla – næstu skref	18
Heimildir	19
Fylgiskjöl	20

Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur sett af stað mótun menntastefnu til 2030. Leiðarljós nýrrar menntastefnu á öllum skólastigum er gæðamenntun fyrir alla. Eitt af markmiðum menntastefnunnar er að tryggja að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Í úttektarskýrslu Evrópumíðstöðvar (2017), um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi, kemur m.a. fram að efna þurfi til víðtækrar umræðu um inntak stefnunnar og innleiðingu hennar á meðal þeirra sem koma að uppeldi og menntun barna og ungmenna.

Á haustmánuðum 2018 var boðað til funda með fulltrúum allra sveitarfélaga í landinu til að ræða um menntun fyrir alla, sem lið í mótun nýrrar menntastefnu. Fundirnir voru skipulagðir af stýrihópi um menntun fyrir alla. Í hópnum eiga sæti fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, félags- og velferðarráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Háskóla Íslands (fyrir hönd kennaramenntunarstofnanna) og samtakanna Heimilis og skóla. Auk stýrihópsins komu GRUNNUR félag stjórnenda á skólaskrifstofum, tengiliðir á þjónustusvæðum fatlaðs fólks, landshlutasamtök sveitarfélaga og ráðgjafanefnd í heilbrigðisumdæmum að undirbúningi fundanna.

Haldinn var 41 fundur, 18 morgunfundir og 23 síðdegisfundir. Oftast var um að ræða tvo fundi á dag, nema í Reykjavík þar sem haldinn var einn morgunfundur og sex síðdegisfundir. Á morgunfundunum var fundað með forsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga og ábyrgðaraðilum mennta-, félags- og heilbrigðismála ásamt fulltrúum frá Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Menntamálastofnun, Heimili og skóla, kennaramenntunarstofnunum og aðilum úr stýrihópi um eftirfylgni úttektar um menntun fyrir alla. Á síðdegisfundunum var fundað með fulltrúum leik-, grunn- og framhaldskóla, frístundapjónustu, foreldra, skólapijónustu, skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu.

I. Morgunfundirnir

Markmið fundanna var:


- Að ræða helstu áskoranir er snerta samstarf sem styður við framkvæmd menntunar fyrir alla sem leiðarljós nýrrar menntastefnu.
- Að ræða samstarf allra aðila í heimabyggð er koma að menntun fyrir alla og leggja drög að myndun tengsla/samstarfsnets með tengingu við stýrihóp og aðrar áætlanir stjórnvalda.

Fyrirkomulag

Fundirnir fóru þannig fram að fundarmenn kynntu sig og tilgreindu hvers fulltrúar þeir væru. Fundarmenn lýstu skoðun sinni og upplifun á framkvæmd menntunar fyrir alla í þeirra heimbyggð og ræddu samstarf þeirra sem koma að mennta- og uppeldismálum á hverjum stað. Menntamálastofnun kynnti starfsemi sína og áherslur. Almenn umræða var um efni fundarins. Fundarstjóri var Ragnheiður Bóasdóttir, formaður stýrihóps um menntun fyrir alla og fundarritari var Ragnar Þorsteinsson, starfsmaður stýrihópsins.

Þátttaka

Frá þeim 72 sveitarfélögum sem boðin var þátttaka á fundunum mættu fulltrúar frá 52 sveitarfélögum. Frá 20 sveitarfélögum mætti enginn til fundar. Um 97% íbúa landsins búa í þeim 52 sveitarfélögum sem fundað var með.



Mynd 1. Fjöldi þátttakenda á morgunfundum á hverjum fundarstað

Þau sveitarfélög sem áttu ekki fulltrúa fundunum voru:

Akrahreppur*, Árneshreppur*, Borgarfjarðarhreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur
Fljótsdalshreppur, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Hveragerðisbær,
Kaldrananeshreppur, Kjósarhreppur*, Langanesbyggð, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur
Skorradalshreppur*, Strandabyggð, Svalbarðshreppur* Svalbarðsstrandarhreppur,
Sveitarfélagið Ölfus, Tjörneshreppur* og Vopnafjarðarhreppur.

Af þessum 20 sveitarfélögum eru 6 sveitarfélög (stjórnumerkt) sem ekki reka skóla, mörg sveitarfélaganna eru fámenn og standa utan skólaskrifstofa. Ætla má að fjarlægð frá fundarstað hafi einnig haft áhrif á þátttöku.

Helstu niðurstöður umræðna á morgunfundum

Við samantekt þessarar greinargerðar kom fljótt í ljós að keimlík umræðupemu þróuðust á fundunum og því var ákveðið að skilgreina umræðuna í fimm megin efnisflokkum:

Samstarf

Óhætt er að fullyrða að á öllum fundunum var mikil umræða um mikilvægi aukins samstarfs, bæði innan þess svæðis sem um var rætt og ekki síður á milli sveitarfélaga og milli ríkis og sveitarfélaga. Fram kom að á flestum stöðum má sjá vaxandi samstarf aðila er koma að mennta- og uppeldismálum og jákvæð þróun viðhorfa í þá veru. Til að bjóða gæðamenntun fyrir alla nemendur verði aðilar að taka saman höndum, menntakerfi, félagskerfi og ekki síst heilbrigðiskerfi og vinna þverfaglega saman. Auka verður formlegt samstarf og fækka gráum svæðum.

Stuðningur við skóla

Mikill samhljómur var meðal fundarmanna vítt um land að auka þurfi stuðning við skóla og þá sérstaklega í dreifðari byggðum. Fram kom að nokkur munur er á aðstöðu til náms og kennslu eftir því hvort um er að ræða skóla sem á aðild að skólaskrifstofu eða er í samstarfi við aðra skóla. Víða kom fram að erfitt væri að mæta þörfum allra nemenda vegna skorts á fagmenntuðu starfsfólki og stuðningur og ráðgjöf við væri ekki nægjanleg. Allir aðilar voru sammála um að afar brýnt væri að koma á skólaþjónustu við framhaldsskóla. Víða um land eru góð tækifæri til þess með því að samþætta skólaþjónustu leik- og grunnskóla við skólaþjónustu framhaldsskóla.

Mannauður og starfsþróun

Á fundum með fámennari sveitarfélögum var áberandi umræðan um skort á fagmenntuðu starfsfólki í leik- og grunnskólum. Erfitt getur verið að fá fólk til starfa og starfsmannaveita er víða mikil. Sérstaklega á þetta við sérhæfðari fagstéttir sem eru mikilvægar til stuðnings við nám og kennslu. Fram kom að valdefla þyrfti kennara, auka þekkingu þeirra og færni og sérfræðiþekking verði að byggjast upp á svæðum. Áhyggjur komu fram um að grunnenntun kennara búi þá ekki undir þær áskoranir sem kennarar standa frami fyrir í störfum sínum. Mikið var kallað eftir starfsþróunartækifærum frá kennaramenntastofnunum og áhyggjur settar fram af ójöfnum

tækifærum til starfspróunar á landinu. Efla þarf fjarnám og framboð náms fyrir stjórnendur og kennara.

Umræða um skólamál

Umræðan um skólamál tók eðlilega mið af áskorunum og sérstöðu hvers svæðis. Víða var mikil umræða um þær áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir er kemur að aðlögun og námi barna af erlendum uppruna. Snemmtæk íhlutun og öflugur þverfaglegur stuðningur við yngri börn var oft nefndur ásamt kröfu um aukið samstarf kerfa og samþættari þjónustu en nú er.

Krefjandi verkefni

Umræðan undir þessum lið var bæði almenn en tók jafnframt mið af þörfum hvers svæðis. Geðheilbrigðismál bar oft á góma auk stuðnings við tvítýngda nemendur. Tækifæri til framhaldsnáms í heimabyggð skipta miklu máli. Fjölbreytt námsframboð og aukinn sveigjanleiki sporna við brotthvarfi úr skóla og flutningi úr heimabyggð. Stuðningur við fjölskyldur með samþætttri og faglegri nálgun var mikið rædd.

Nánari upplýsingar um megininntak umræðu á morgunfundum á hverjum stað eru í fylgiskjali 1.

II. Síðdegisfundirnir

Markmið fundanna var:

- Að ræða sameiginlegan skilning á menntun fyrir alla sem leiðarljós nýrrar menntastefnu til umbóta í skólastarfi og auka þar með jöfnuð meðal allra hópa skólasamfélagsins.
- Að ræða mikilvægi lærdómssamfélags og tækifæri til samstarfs og starfsþróunar á hverjum stað.
- Að ræða þverfaglegt samstarf á sviði mennta-, félags- og heilbrigðismála og ráðgjöf við nemendur, starfsfólk og foreldra.
- Að ræða hvernig aðilar í heimabyggð setja verkefni sem tengjast menntun fyrir alla á dagskrá.

Fyrirkomulag


Dagskrá fundanna var eftirfarandi:

- Kynning á markmiðum fundarins og dagskrá
- Ávarp ráðherra
- Erindi frá fulltrúa samstarfsráðuneytis
- Erindi frá fulltrúa kennara
- Fræðsluerindi um inntak stefnunnar um menntun fyrir alla, flutt af sérfræðingum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri
- Kaffihlé
- Hópverkefnið Múrin – þátttakendum var skipti í 6-8 manna hópa (sjá nánar síðar)

Ragnar Þorsteinsson, starfsmaður stýrihópsins um menntun fyrir alla, annaðist kynningu á markmiðum og dagskrá fundarins. Ragnheiður Bóasdóttir, formaður stýrihópsins, flutti ávarp fyrir hönd ráðherra í þeim tilvikum þar sem hann átti ekki heimangengt. Fulltrúi kennara á fundunum kom ýmist úr röðum leik-, grunn- eða framhaldsskólakennara. Fræðsluerindi um inntak menntastefnu um menntun fyrir alla var í höndum starfshóps sem skipaður var sérfræðingum úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Í starfshópnum voru dr. Birna Svanbjörnsdóttir, lektor við HA, dr. Edda Kjartansdóttir, lektor við HÍ, dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við HA, Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar við HA, dr. Rúnar Sigþórsson, prófessor við HA og Trausti Þorsteinsson, dósent við HA. Erindið var í tveimur hlutum og flutningur hverju sinni í höndum tveggja fulltrúa hópsins.


Þátttaka

Alls fengu 2091 einstaklingur fundarboð, af þeim mættu samtals 1166 eða 56%. Þátttaka var hlutfallslega mest á fundi sem haldin var í Mosfellsbæ eða 88%. Auk heimamanna voru fulltrúar frá Seltjarnarnesbæ boðaðir á þann fund. Þátttaka var hlutfallslega minnst á Egilsstöðum eða 27%.



Mynd 2.1 Fjöldi þátttakenda á síðdegisfundum eftir fundarstað

Grunnskólinn átti alla jafna flesta fulltrúa á fundunum, þeir voru 367 eða 71% af þeim sem boðaðir voru, næst komu fulltrúar leikskóla en þeir voru samtals 259 eða 53% af þeim sem boðaðir voru. Fulltrúar frá framhaldsskólum mættu hlutfallslega best, frá þeim komu 97 fulltrúar eða 84% af þeim sem boðaðir voru. Þátttaka fulltrúa frá heilsugæslu var einna minnst, þaðan komu samtals 18 fulltrúar eða 38% af þeim sem boðaðir voru. Mynd 2.2 sýnir hlutfallslega skiptingu þátttakenda á síðdegisfundum eftir starfi/stöðu.



Mynd 2.2 Hlutfallsleg skipting þátttakenda á síðdegisfundum eftir starfi/stöðu

Hópverkefnið Múrinn

Verkefnið sem lagt var fyrir þátttakendur ber heitið *Múrinn* og var fyrirmyndin sótt í bókina *Bætt skilyrði til náms – Starfsþróun í heiltæku skólastarfi* (2002). Birna María Svanbjörnsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir löguðu verkefnið að viðfangsefni fundanna og Rúnar Sigþórsson skrifaði leiðbeiningar til þátttakenda, yfirskrift verkefnisins var *Menntun fyrir alla – Að ryðja hindrunum úr vegi*. Verkefnið er í fylgiskjali 2.

Markmið umræðuverkefnis var að gefa þátttakendum færi á að íhuga það sem þeir teldu að stæði í vegi fyrir því að skólastarf fæli í sér menntun fyrir alla og jafnframt að þeir gætu séð fyrir sér hvernig ryðja mætti hindrunum úr vegi eða gera þær óskaðlegar. Um leið þurftu þátttakendur að ígrunda og samræma hugmyndir sínar um hvað hugtakið menntun fyrir alla þýddi í raun og veru og hvers konar starfshættir samrýmdust skólastarfi sem hefði slíka menntun að leiðarljósi.

Í verkefninu var gengið út frá eftirfarandi skilgreiningu:

Með menntun fyrir alla er átt við opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglinga þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í slíku menntakerfi er litið á fjölbreytileika sem meginreglu og leitast við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu með merkingarbærri námskrá, skilvirkri kennslu og nauðsynlegum stuðningi.

Verkefnið var í þremur hlutum:

- Í fyrsta hluta unnu þátttakendur hver fyrir sig; íhuguðu skilgreininguna á menntun fyrir alla sem gengið var út frá í verkefninu og áttu að sjá fyrir sér þá þætti sem þeir teldu að stæðu í vegi fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu (þ.e. að skilgreina fyrir hvað steinarnir í múrnum stæðu).
- Í öðrum hluta unnu þátttakendur í pörum, samræmdu það sem þeir skráðu í I. hluta og ræddu og skráðu niður það sem þeir teldu unnt að gera til að ryðja hverri hindrun úr vegi eða gera hana óskaðlega (þ.e. brutu niður múrinn).
- Í þriðja hluta sameinaðist hópurinn og hvert par kynnti niðurstöður sínar úr II. hluta. Hópurinn kom sér síðan saman um tíu mikilvægustu aðgerðirnar til að efla menntun fyrir alla og raðaði þeim í forgangs röð (þ.e. byggðu vörðu).

Þátttakendur voru númeraðir og þeim skipað í 6-8 manna hópa. Tilviljun réði samsetningu hópanna. Fjöldi hópa á hverjum stað var á bilinu 2-10. Áður en vinnan hófst var hver hópur beðinn um að tilnefna umræðustjóra til að halda utan um vinnu hópsins og gæta að tímamörkum og ritara sem fékk tölvu og minnislykil til umráða og hafði það hlutverk að skrá lokaniðurstöðu hópsins í þriðja hluta verkefnisins (þ.e. uppbyggingu vörðunnar) og skila til fundarstjóra.

Greining upplýsinga úr hópverkefninu Múrinn

Eins og fyrr segir var fjöldi hópa á hverjum fundi á bilinu 2-10 talsins eða 126 alls. Þátttakendur voru áhugasamir um verkefnið og miklar umræður sköpuðust í hópunum.

Greining fór þannig fram að fyrst voru atriðin í vörðumyndum hópanna þemagreind eftir megináherslu í textanum. Öll efnisatriði sem hóparnir nefndu voru felld undir þemu og þau flokkuð nánar og loks talin saman, á endanum urðu þemun 10 talsins. Þar sem hóparnir nefndu gjarnan fleiri en eitt atriði undir einum og sama vörðusteinum var farin sú leið að bæta þeim atriðum við undir viðeigandi þema. Í kjölfarið urðu til tvær tíðnitölur þ.e. A (fjöldi efnisatriða) og B (fjöldi viðbótarefnisatriða). Með því að hafa þennan háttinn á var leitast við að halda til haga sem flestu af því sem hóparnir skráðu niður og töldu mikilvægt. Samanlagður fjöldi aðalefnisatriða (A) var 978 og viðbótarefnisatriða (B) var 622, samtals voru efnisatriðin því um 1600 talsins.

Með það að leiðarljósi að halda til haga forgangsröð efnisatriða í uppbyggingu á vörðumyndum hópanna voru þau efnisatriði sem hóparnir settu efst margfölduð með tölunni 4, þau atriði sem komu næst voru margfölduð með tölunni 3, atriði í næst neðsta lagi vörðunnar voru margfölduð með 2 og þau sem sett voru neðst með tölunni 1. Endanlegur fjöldi stiga er því samanlagður „vegin“ fjöldi efnisatriða undir hverju þema. Þemunum var að lokum raðað inn í vörðumyndina, og þeim skipað niður samkvæmt fyrrgreindum heildarfjölda stiga. Excelskjal sem sýnir fyrrgreinda talningu er í fylgiskjali 3.

Myndin hér fyrir neðan sýnir niðurstöðu greiningar á efnisatriðum í hópverkefninu.

VARÐAN

Niðurstöður úr hópavinnu (samanlagður fjöldi atriða „vegin“ með hliðsjón af uppbyggingu vörðunnar)



Mynd 2.4 Varðan, niðurstöður greiningar á efnisatriðum í hópverkefninu Múrin

Helstu efnisatriði sem listuð voru upp undir hverju þema

1. Umgjörð (706)

(fjármagn, aðstaða, álag, vinnutími, launakjör)

Fjárveitingar:

- Aukið fjármagn er forsenda breytinga.
- Auka fjárveitingar frá ríki til sveitarfélaga í þágu mennta- og velferðarmála, endurskoða þarf viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs.
- Úthlutun fjármuna vegna greininga mæti þörfum allra.
- Úthlutun fjármagns verði óháð greiningum, greiningar ekki forsenda fjárveitinga.
- Skilgreina forgangsröð varðandi notkun fjármuna og bæta upplýsingaflæði þar að lútandi.
- Gefa skólastjórum meira vald yfir ráðstöfun fjármagns í eigin skóla.
- Bjóða gjaldfrjálsa leikskóla.
- Öll skólastig færast undir einn rekstraraðila.

Bætt aðstaða og aðbúnaður:

- Huga vel að hönnun húsnæðis, húsnæði þarf að vera fjölbreytt, sveigjanlegt og rúmgott og henta vel breyttum starfsháttum.
- Tryggja gott aðgengi fyrir alla.
- Laga húsnæði og aðstöðu að ólíkum þörfum nemenda.
- Opnari kennslustofur.
- Jafna aðgengi milli skóla að tækjabúnaði m.a. að snjalltækjum.

Minna álag:

- Setja fjármagn í að fjölga starfsfólki.
- Fjölga kennurum/fagfólki í hverjum bekk/nemendahópi.
- Fækka nemendum á hvern kennara/starfsmann í bekk/nemendahópi.

Endurskoðun vinnutíma og vinnufyrirkomulags:

- Skilgreina vinnutíma kennara.
- Auka svigrúm/tíma til undirbúnings, einkum í leikskólum, undirbúningstími þarf að vera í samræmi við þarfir nemendahópsins.
- Tryggja tíma til samstarfs og samráðs með samkennurum, fagfólki og foreldrum.
- Auka tíma og svigrúm til starfsþróunar/endurmenntunar (einkum í leikskólum), til að móta og innleiða breytta starfshætti og þróa lærdómssamfélag.
- Minnka kennsluskyldu.
- Stytta vinnuvikuna.

Kjarasamningar:

- Bæta launakjör starfsfólks í skólum og gera þau samkeppnishæf.
- Jafna launakjör kennara þvert á skólastig.

- Einfalda kjarasamninga.
- Launaumræðan tekur athyglina frá fræðunum sem starfið byggir á.

Náms- og stundaskrár:

- Sveigjanlegri náms- og stundaskrár.
- Fjölbreyttara innra skipulag.

Annað:

- Tryggja jafnt aðgengi að þjónustu óháð búsetu.
 - Nota upplýsingatækni/fjarfundatækni til að efla stoðþjónustu á landsbyggðinni.
- Gera flugsamgöngur að raunhæfum samgöngumáta til að jafna aðstöðu vegna búsetu.
- Bæta upplýsingaflæði á milli allra hagsmunaaðila.

2. Samstarf (483)

(teymi, lærdómssamfélag, milli skóla, skólastiga og kerfa)

Teymiskennsla:

- Efla teymiskennslu í skólum.
- Skapa lærdómssamfélag.
 - Auka samstarf kennara innan skólans.
 - Efla þverfaglega samvinnu innan skólans.
- Efla samstarf starfsfólks og stjórnenda.

Samvinna:

- Auka og efla samvinnu með foreldrum almennt og foreldrum barna af erlendum uppruna.
- Auka og efla samstarf skóla við fagaðila/sérfræðinga s.s. þroska- og iðjuþjálfara, talmeinafræðinga, sálfræðinga og kennslu- og uppeldisfræðinga.
- Efla tengsl við nærsamfélagið.
- Auka samstarf á milli skóla og frístundar.
- Efla og formgera betur samstarf á milli skólastiga, einkum grunn- og framhaldsskóla, og framhaldsskóla og háskóla.
- Auka og forma betur samstarf á milli kerfa, þannig að kerfin tali meira og betur saman s.s. skólaþjónusta, félags-/fjölskyldu-/velferðarþjónusta, barnavernd og heilbrigðisþjónusta.
- Efla samstarf á milli landshluta og á milli sveitarfélaga m.a. um aðgengi að sérfræðiþjónustu.

Annað:

- Markvissara samstarf.
- Fjölga starfsdögum í leikskólum.
- Gefa meiri tíma fyrir samstarfið.
- Leggja áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð, dreifða forystu og gott upplýsingaflæði.

3. Fræðsla (463)

(inntak kennaramenntunar, fjölbreytt starfsþróun)

Menntun kennara:

- Endurskoða inntak kennaramenntunar með stefnuna um menntun fyrir alla að leiðarljósi.
- Auka þekkingu innan kennaramenntunarstofnanna á viðfangsefninu.
- Efla tengsl kennaramenntunar við vettvang skólastarfs (öflugt vettvangsnám/kandídatár).
- Auka þekkingu kennara á einstaklingsbundum þörfum nemenda.
- Auka fjölbreytni í menntun kennara og styðja betur við fagmennsku þeirra.

Starfsþróun:

- Fjölga tækifærum til starfsþróunar.
- Auka fjölbreytni í starfsþróunartilboðum t.d. varðandi þróunarverkefni og námskeið.
- Hvetja og styðja starfsfólk til að sinna eigin starfsþróun og auka ábyrgð þess á eigin starfsþróun.
- Skapa aukið svigrúm til starfþróunar/endurmenntunar (einkum í leikskólum).
- Styðja við faglega ígrundun og starfendarannsóknir.

Lærdómssamfélag:

- Efla teymiskennslu og styðja við lærdómssamfélag þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru – hvert með öðru.
- Allir þurfa að vera með, faglærðir jafnt sem ófaglærðir.

Annað:

- Fræða alla í skólasamfélaginu um inntak stefnunnar um menntun fyrir alla, með það að leiðarljósi að auka víðsýni og vinna gegn fordómum.
- Þjóða erlendu starfsfólki upp á íslenskukennslu á starfstíma skóla.
- Efla fræðslu til foreldra.
- Auka og efla upplýsingamiðlun á milli allra hagsmunaaðila.

4. Viðhorf (427)

(jákvæð viðhorf gagnvart stefnunni og breytingum)

Breytt viðhorf er forsenda breytinga

- Stuðla þarf að jákvæðu viðhorfi gagnvart stefnunni um menntun fyrir alla á meðal kennara, foreldra, nemenda, í skólasamfélaginu, nærsamfélaginu, samfélaginu í heild, hjá stjórnvöldum og í atvinnulífinu.
- Breyta þarf viðhorfum og væntingum til nemenda. Allir sem koma að uppeldi og menntun barna og ungmenna temji sér hugarfar vaxtar og þroska.
- Vinna markvist gegn rótgrónum hugmyndum/hefðum sem ganga gegn inntaki stefnunnar um menntun fyrir alla s.s.:
 - að bóknám sé mikilvægara/merkilegra en annað nám,

- að sumir skólar (einkum framhaldsskólar) séu fyrir suma nemendur en ekki aðra,
- íhaldssemi í kennsluháttum og námsmáti,
- íhaldssemi gagnvart breytingum almennt.
- Vinna gegn því að skólastigin tali hvert annað niður en vinni þessi í stað saman með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Leggja þarf sérstaka áherslu á eftirtalið:

- Að allir tilheyri.
- Samstöðu allra þeirra sem koma að skólastarfi.
- Faglegt frelsi/svigrúm kennara.
- Trú kennara á eigin hæfni og fagmennsku.
- Traust – treysta kennurum til að takast á við verkefnið.
- Viðurkenna mikilvægi kennarastarfsins (tiltrú samfélagsins).
- Auka virðingu og áhuga á skólastarfi í samfélaginu, tala starfið upp.
- Auka fjölbreytni og sveigjanleika í starfsháttum.
- Efla jákvæðni og víðsýni og vinna þannig gegn fordómum og neikvæðni.

5. Stuðningur (319)

(faglegur stuðningur og ráðgjöf á vettvangi skólastarfs)

Skólaþjónusta/ráðgjöf og stuðningur:

- Skólaþjónusta þarf að vera heildstæð, fjölbreytt og samhæfð og hverfast markvisst um viðkomandi barn/nemanda.
- Framhaldsskólinn njóti skipulagðrar skólaþjónustu, mjög mikilvægt að stuðla að því.
- Færa þarf stoðþjónustu í ríkara mæli inn í skólana sjálfa, sérfræðingar þurfa að vera sýnilegri á vettvangi og aðgengi kennara að þeim meira og betra.
- Auka/efla kennslufræðilegan stuðning við kennara og veita þeim meiri og markvissari handleiðslu í starfi (ekki síst nýliðum í starfi).
- Sérfræðingar vinni í meira mæli með nemendum.
- Efla og samhæfa stoðkerfin bæði innan og utan skólaþjónustunnar. Kerfin þurfa að tala meira og betur saman.
- Auka/efla sérfræðiráðgjöf og stuðning við kennara/nemendur/foreldra m.a. frá þroska- og iðjuþjálfum, félags-/fjölskylduráðgjöfum, sálfræðingum, uppeldisfræðingum, talmeinafræðingum og sérfræðingum hjá heilsugæslunni.
- Efla bjargir til að mæta betur fjölmenningsamfélaginu.
 - Efla túlkþjónustu og stuðning við kennara og foreldra barna af erlendum uppruna.
 - Virkja betur fólk af erlendum uppruna inni í skólunum.
- Vinna markvisst gegn ójafnræði í skólaþjónustu á grundvelli búsetu, nota tæknina til að bæta aðgengi skóla úti á landi að sérfræðingum.

6. Stefna og sýn (311)

(skerpa á sameiginlegri sýn, skýra markmið, innleiðingarferli og ábyrgðarmörk)

Stefna, sýn og markmið:

- Skapa þjóðarsátt um menntastefnu til lengri tíma.
- Tryggja skýra sýn og sameiginlegan skilning á inntaki stefnunnar um menntun fyrir alla.
- Skilgreina skýr markmið fyrir hvert skólastig, (tímasett og mælanleg).
- Hver skóli endurskoði skólanámskrá með stefnuna um menntun fyrir alla að leiðarljósi.
- Skilgreina betur hlutverk og ábyrgð/ábyrgðarmörk allra aðila.

Innleiðing:

- Innleiðing verði markvissari og henni fylgt eftir með vel skilgreindri aðgerðaáætlun.
- Setja fram skýra verkferla og verkfæri til að styðja sem best við innleiðingu stefnunnar.
- Auka sveigjanleika í kerfinu, breyta/einfalda kerfið þannig að það styðji betur við stefnuna.
- Auka sveigjanleika í römmum um skólastarfið t.d. í náms- og stundaskrá.
- Gefa breytingarferlinu góðan tíma, taka lítil skref og fagna hverjum áfanga.
- Aðlaga lög og reglugerðir að stefnunni.
- Ýta við kerfinu með uppbyggilegum hætti.
- Fylgja innleiðingu eftir með mælingum, mati og stuðningi.
- Meta/endurmeta stöðuna jafnt og þétt út frá niðurstöðum mats/mælinga.

Samstarf um framkvæmd stefnu:

- Auka samstarf á milli stofnana, skólastiga og kerfisins.
 - Kerfin þurfa að tala meira og betur saman og „spila með“ stefnunni þ.e. skólakerfið, félagslega kerfið og heilbrigðiskerfið.
- Auka samfellu og upplýsingaflæði á milli skólastiga.

7. Nemendur (291)

(mæta þörfum allra nemenda og hlusta á raddir þeirra)

Mæta fjölbreyttum þörfum nemenda:

- Koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda á öllum skólastigum.
- Tryggja að nemendur fá viðfangsefni við hæfi.
- Auka fjölbreytni og sveigjanleika í náms- og kennsluháttum þannig að hver nemandi fái sem best notið sín og hæfileika/styrkleika sinna.
- Þjóða nemendum í grunn- og framhaldsskólum aukið val um námsgreinar og námsleiðir.
- Þróa námsefni þannig að það mæti betur fjölbreyttum þörfum nemenda.
- Koma betur til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna, (efla íslenskunám og – kennslu).
- Fjölga úrræðum fyrir börn með mjög miklar sérþarfir og börn með geðrænan vanda.
- Efla meðferðarúrræði innan skólans í nánú samstarfi við sérfræðinga í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

- Koma betur til móts við bráðgera nemendur.

Greiningar og snemmtæk íhlutun:

- Leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, íhlutun á fyrri stigum.
- Horfa á þjónustubörf nemenda en ekki einungis greiningar, greiningar eiga ekki að vera forsenda þess að nemendur fái aðstoð.
- Vinna með nemendum á meðan beðið er eftir greiningum.
- Hætta að flokka börn (draga þau í dilka/setja í kassa/box).

Raddir nemenda:

- Hlusta betur á raddir nemenda.
- Auka frelsi nemenda og gefa þeim tækifæri til að hafa meira um nám sitt að segja.
- Auka valfrelsi nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.
- Efla nemendasjálfræði og sjálfstæði.
- Styrkja sjálfsmynd nemenda, félagsfærni og trú þeirra á eigin getu.

Annað:

- Hlúa að jákvæðu viðhorfi gagnvart nemendum.
- Tryggja að nemendur fái viðeigandi þjónustu óháð búsetu.
- Finna persónuverndarlögum þann farveg að þau hamli ekki hagsmunum nemenda.

8. Nám og kennsla (279)

(breyta kennsluháttum, auka fjölbreytni og sveigjanleika)

Kennsluhættir:

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- Breyta starfsháttum í skólum, tileinka sér dæmi um farsælar lausnir.
- Vinna gegn íhaldssemi, prófa nýjungar og auka gæði kennslunnar.
- Ígrunda eigin starfshætti og viðhorf.
- Auka sveigjanleika í skólastarfi og skapa svigrúm fyrir skólaþróun og breytta starfshætti.
- Leggja meiri áherslu á nám í gegnum leik í grunnskólum.
- Auka/efla fjarkennslu og vinna þannig gegn aðstöðumun vegna búsetu.

Námsefni:

- Horfa fyrst og fremst á markmiðin (hæfniviðmiðin) en ekki á kennslubækur/námsefni.
- Tryggja aðgengi að fjölbreyttu námsefni sem mætir þörfum nemenda á öllum skólastigum.
- Efla námsefnisgerð sem m.a. styður við stefnuna um menntun fyrir alla og nám og kennslu nemenda af erlendum uppruna.
- Heimila öllum nemendum aðgang að hljóðbókum.
- Nemendur sem njóta fræðluskyldu fái námsefni endurgjaldslaust.

Námskrá:

- Auka sveigjanleika í námskrám. Námskrár mega ekki stýra skólastarfi um of eða vera íþyngjandi þegar skólaþróun og innleiðing breytinga er annarsvegar.
- Námskrár þurfa að vera lifandi og í takti við samfélagsþróun.
- Auka sveigjanleika og efla samþættingu námsgreina á hverju skólastigi og innan greina þvert á skólastig
- Sameina skóla og frístund.

Nám:

- Auka og efla nám og kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna.
- Auka sveigjanleika í námi nemenda.
- Minka áherslu á bóknám.
- Auka áherslu á verk- og listgreinar.
- Auka sköpunarþáttinn í öllum námsgreinum.
- Auka áherslu á lífsleikni, lýðheilsu og velferð nemenda.

Námsmat:

- Auka einstaklingsmiðun í námsmati, samræmt námsmat getur hindrað slíka þróun.
- Auka fjölbreytni í námsmati.
- Leggja samræmd próf af og auka áherslu á skimunarpróf og greiningar.
- Samræma viðmið og mælingar og laga betur að styrkleikum nemenda.
- Samræma betur nýtt einkunnakerfi á milli skóla.

9. Mannauður (139)

(fjölga fagmenntuðum kennurum og sérfræðingum, auka fjölbreytni í starfsmannahópnum)

- Fjölga fagmenntuðu starfsfólki í kennslu á leik- og grunnskólastigi.
- Fjölga sérfræðingum í skólalþjónustu.
- Fjölga stöðugildum bæði kennara og fagfólks/sérfræðinga innan menntastofnanna.
- Leggja áherslu á að ráða til starfa fjölhæft starfsfólk með breiða menntun og reynslu.
- Stuðla sem best að stöðugleika í starfsmannahaldi í leik- og grunnskólum.
- Velja hæft fólk til starfa.

10. Forysta (99)

(fagleg, dreifð, markviss, jákvæð styðjandi og hvetjandi)

- Efla kennslufræðilega/faglega forystu.
- Stjórnendur þurfa að vera í fararbroddi með skýra sýn og skilning á inntaki stefnunnar.
- Dreifa forystu og styrkja/styðja bæði stjórnendur og kennara í forystuhlutverkinu.
- Forysta þarf að vera – markviss, sterk, jákvæð, styðjandi, hvetjandi og lausnamiðuð.
- Auka eftirfylgd með stjórnunarháttum.

III. Lokaskýrsla – næstu skref

Næstu skref í úrvinnslu niðurstaðna byggjast aðallega á tveimur þáttum:

- að bera þemun í vörðunni saman við fræðileg skrif á þessu sviði þar sem horft verður til íslenskra og að einhverju leyti erlendra rannsókna. Miðað verður við útgefið efni síðustu tíu ára.
- að setja saman tillögur/hugmyndir um það hvernig skólar, sveitarfélög og ráðuneyti geta unnið í anda menntunar fyrir alla á grunni þeirra þema sem varðan byggir á.

Ráðgert er að lokaskýrsla byggð á þessari samantekt komi út 11. júní 2019.

Heimildir

Rósa Eggertsdóttir og Grétar L. Marinósson (ritstjórar). (2002). *Bætt skilyrði til náms – Starfsþróun í heiltæku skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mru.is · menntamalaraduneyti.is

„VIÐ ÞURFUM AÐ NÁLGAST MENNTUN FYRIR ALLA ÚT FRÁ ÁHUGA NEMENDA, SKAPANDI STARFI OG ÁSTRÍÐU“

SAMANTEKT UMRÆÐU UM MENNTUN FYRIR ALLA Á FUNDUM MEÐ
SVEITARSTJÓRNARFÓLKI, FULLTRÚUM STJÓRNSÝSLUNNAR OG
ÖÐRUM SÉRFRÆÐINGUM.

HAUST 2018

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Árborg, Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi.
- Fjarverandi voru fulltrúar Hveragerðisbæjar og sveitarfélagsins Ölfuss.
- Á fundinn mættu 25 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Lykillinn að auknum árangri er samstarf aðila í mennta- og uppeldismálum.
 - Bæta þarf flæði og upplýsingastreymi á milli skólastiga.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Jafna þarf aðstöðumun á milli skóla og skólastiga bæði hvað varða fjölda fagmenntaðra og gæði námsumhverfis.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Kennarastarfið er orðið það viðamikið að mikilvægt er að fá fjölbreyttari fagaðila til starfa í skólakerfinu.
 - Álag á kennara er of mikið, verkefni eru of mörg og oft utan þeirra starfslýsingar. Huga verður að auknum tækifærum til ígrundunar og nýsköpunar.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Mikilvægt er að skólakerfið og stoðþjónustan bregðist snemma við vanda barna.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Jákvæð viðhorf foreldra til náms barna sinna og gott samstarf heimila og skóla er lykilatriði.
 - Kennaramenntunarstofnanir verða að sjá til þess að kennarar hafi staðgóða þekkingu og jákvæð viðhorf til að sinna menntun fyrir alla. Huga þarf að grunnnámi, starfsþróun og stuðningi á vettvangi.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Ásahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Vestmannaeyjabær.
- Fjarverandi: Fulltrúar Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.
- Á fundinn mættu 8 einstaklingar.

- ✓ **Samstarf**
 - Mikið og gott samstarf kerfa, vaxandi samstarf er milli starfsstaða.
 - Gott samstarf er á milli skóla og félagsþjónustu.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Þarf að styðja skólastjóra og kennara betur og meira.
 - Efla þarf starfsþróun allra.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Vantar sárlega sérkennara.
 - Erfitt að fá fagfólk til starfa.
 - Þarf að sinna börnum af erlendum uppruna miklu betur í framhaldsskólum.
 - Fjölbreyttara námsframboð þarf í framhaldsskólum.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Efla þarf umræðu um menntun fyrir alla.
 - Þurfum að setja okkur markmið sem samfélag.
 - Við höfum burði til að gera betur.
 - Atvinnulífið þarf að koma meira að menntakerfinu.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Of lítil þjónusta við tvítýngda nemendur.
 - Fósturbörn fá ekki fullnægjandi þjónustu.
 - Þarf að sinna börnum af erlendum uppruna miklu betur í framhaldsskólum.
 - Fjölbreyttara námsframboð þarf í framhaldsskólum.
 - Lítil þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttá- og tómstundastarfi.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.
- Fjarverandi: Fulltrúar Skorradalshrepps.
- Á fundinn mættu 16 einstaklingar.

- ✓ **Samstarf**
 - Efla þarf samstarf fagaðila og þá sérstaklega við heilsugæsluna.
 - Þverfaglega teymisvinnu þarf í kringum barnið/nemendann.
 - Austfjarðarmódelið nefnt sem skilvirkt úrræði.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Fjármagnið á að þjóna en stýrir of miklu.
 - Efla þarf innra starf skóla og veita kennurum frelsi til athafna.
 - Vantar víða stuðning inn í bekki.
 - Stuðningsfulltrúaleiðin og greiningaleiðin hafa misheppnast.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Þarf að valdefla kennara svo þekkingin einangrist ekki hjá sérfræðingum.
 - Fagfólk þarf að styrkja og treysta.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Menntun fyrir alla er ekki einungis bundin við skólamál.
 - Ræða þarf vel og ígrunda hvað menntun fyrir alla þýðir í raun og veru.
 - Alvarlegur viðhorfsvandi er gagnvart menntun fyrir alla.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Efla þarf samstarf kerfa þannig að barnið fá heildstæðan stuðning.
 - Vinna þarf með foreldrum en ekki einungis að setja ábyrgðina á þau.
 - Ekki eiga öll börn allstaðar greiðan aðgang að frístundastarfi.
 - Þar sem frístundin er lykilþáttur í lífi barna þarf gott samstarf milli skóla og frístundaheimila.
 - Styðja þarf fjölskyldur sem hafa ekki burði til að styðja börn sín.
 - Greiningar geta tekið nemendann frá kennurunum.
 - Í stefnumörkun og námskeiðslýsingum hjá menntavísindasviði H.Í. kemur ekki nógu skýrt fram að menntun fyrir alla sé á dagskrá í kennaranáminu.
 - Sérkennsla og vinna með börnum með sérþarfir er kennt á sérnámskeiðum.

GRUNDARFJÖRÐUR 11 . SEPTEMBER 2018

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær.
- Fjarverandi: Fulltrúar Eyja- og Miklaholtshrepps.
- Á fundinn mættu 10 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Efla þarf samstarf vegna fækkunar nemenda.
 - Of mikið af árekstrum á milli kerfa – grá svæði.
 - Þarf að þróa leiðir til að koma sem best til móts við alla nemendur.
 - Kennarar þurfa að vinna meira saman.
 - Heilsugæslan þarf að koma meira að skólaþjónustunni.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Erfitt að mæta öllum nemendum með sérþarfir vegna vöntunar á sérfræðingum.
 - Algjör bylting er að fá skólaþjónustuna inn í leik-, grunn- og framhaldsskólann.
 - Auka þarf stuðning við kennara.
 - Vantar skólasálfræðing í framhaldsskólann.
 - Auka þarf verulega stuðning við börn af erlendum uppruna.
 - Efla þarf snemmtæka íhlutun í leikskólum.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Kennarar eru of uppteknir af greiningum og hafa því ekki nægan tíma til kennslustarfa.
 - Fagfólk þarf að styrkja og treysta.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Námskrá um leikskóla og grunnskóla var ekki innleidd sem skyldi.
 - Framhaldsskólinn skiptir öllu fyrir samfélagið á Snæfellsnesi.
 - Fleiri félagslega lægri staddir nemendur fara nú í framhaldsnám en áður.
 - Fleiri nemendur fara í háskólanám og snúa til baka í heimabyggð en áður.
 - Menntunarstig Vesturlands hefur hækkað mikið.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Kenna þarf nemendum að þekkja styrkleika sína og vinna með þá.
 - Menningarmunur er milli þjóðarbrotta um mikilvægi menntunar og þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi.
 - Ekki eiga öll börn allstaðar greiðan aðgang að frístundastarfi.
 - Efla þarf geðheilbrigðismál barna og ungmenna og þá sérstaklega í framhaldsskólum.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Tálknafjörður, Vesturbyggð og Reykhólahreppur.
- Fjarverandi: Fulltrúar Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps.
- Á fundinn mættu 23 einstaklingar.

- ✓ **Samstarf**
 - Efla þarf samstarf félagsþjónustu, barnaverndar og menntayfirvalda.
 - Auka þarf samstarf um geðheilbrigðismál og gera samning milli heilbrigðisþjónustunnar og menntaskólans.
 - Próa þarf leiðir til að koma sem best til móts við nemendur af erlendum uppruna.
 - Gott samstarf kerfa er mikilvægur snertiflötur við foreldra.
 - Þegar heilbrigðiskerfið kemur inn þá gerast góðir hlutir.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Erfitt er að mæta öllum nemendum með sérþarfir vegna vöntunar á sérfæðingum.
 - Mikil áskorun er að mæta erfiðustu og veikustu nemendum.
 - Auka þarf stuðning við kennara.
 - Efla þarf móttöku nemenda af erlendum uppruna í skólakerfinu.
 - Auka þarf verulega stuðning við börn af erlendum uppruna.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Nemendur af erlendum uppruna og nám þeirra er stærsta áskorunin.
 - Skólakerfið á Vestfjörðum er fjölbreytt en tekur samt ekki alltaf utan um stærstu áskoranirnar.
 - Endurskoða þarf hlutverk menntastofnana varðandi þjónustu við mikið fatlaða nemendur.
 - Líðan barna í skólanum er mikilvægasta verkefnið.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Fagfólk þarf að styrkja og treysta.
 - Samþætta þarf kerfi í heimabyggð til stuðnings við börn og ungmenni.
 - Vantar fjölbreyttari mannauð í skólakerfið.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Þarf að styrkja foreldra barna af erlendum uppruna og fá þau með í samstarfið.
 - Menningarmunur er milli þjóðarbrotta um mikilvægi menntunar og þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi.
 - Vestfirðir er kjörið svæði til að skilgreina þjónustu frá vöggu til grafar.
 - Setja þarf ramma um samþættingu skóla og skólastiga.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Fjarverandi: Fulltrúar Akrahrepps, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra.
- Á fundinn mættu 16 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Mikilvægt er að samræma kerfin með frumkvæði og aðstoð stjórnvalda.
 - Menntun fyrir alla er í samræmi við menntastefnu Skagafjarðar.
 - Nýlega hafnar samræður við heilsugæsluna um aukið samstarf.
 - Landmikil sveitarfélög í dreifbýlinu eru stór áskorun hvað varðar samstarf.
 - Gott samstarf í A-Hún, sameiginlegur fræðslu- og félagsmálastjóri.
 - Aukið ákall eftir sérfræðipjónustu kallar á aukið samstarf.
 - Efla þarf til muna samstarf við heilsugæsluna.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Efla þarf stuðningsþjónustu í framhaldsskólanum.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Starfsþróun kennara og stjórnenda er mikil áskorun.
 - Mikilvægt er að gefa kennurum tíma til ígrundunar.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Vel haldið utan um fjölbreyttar þarfir nemenda í grunnskólum.
 - Takmörkuð úrræði eru til að mæta þörfum nemenda í framhaldsskólanum.
 - Greiningar eru í sjálfu sér aðgreining, líta þarf á skóla sem samfélag.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Fjarvera nemenda úr skóla er áhyggjuefni.
 - Þverrandi hollusta nemenda við nám og skólastarf er áhyggjuefni.
 - Efla þarf seiglu nemenda.

EYJAFJÖRÐUR 1. OKTÓBER 2018

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur.
- Fjarverandi: Fulltrúar Svalbarðsstrandarhrepps.
- Á fundinn mættu 13 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Gott samstarf Akureyrarbæjar við nágrannasveitarfélög.
 - Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð eru í samstarfi með félagsþjónustu.
 - Heilsugæslan er að koma í aukið samstarf við Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.
 - Bráðvantar þjónustu við börn með hegðunarerfiðleika.
 - Vantar skólaþjónustu við framhaldsskólann.
 - Tilhneiging heilsugæslunnar að ýta málum til félagsþjónustunnar.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Efla þarf stuðningsþjónustu við framhaldsskólann.
 - Vantar sameiginlega krafta til að auka skólaþróun.
 - Þjónusta við kennara er það sem skiptir máli.
 - Efla þarf lærdómssamfélög fagfólks.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Þarf að efla þekkingu kennara og færni til að vinna með nemendum með miklar tilfinningalegar- og hegðunarlegar raskanir.
 - Þarf að efla kennara í notkun mælitækja.
 - Rannsóknir sýna að ekki er næg kennslufræðileg þekking til staðar og því er mikil eftirspurn eftir sérfræðingum.
 - Ekki virðist vera hægt að mæta menntunarbörf kennara í grunnnámi þeirra.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Kennarar ekki nógu duglegir að sækja þá símenntun sem er í boði.
 - 18 mánaða bið eftir læsiráðgjafa frá Menntamálastofnun.
 - Meistararitgerð um hlutverk skólaþjónustu – Friðrik Arnarson, Dalvík; [https://skemman.is/bitstream/1946/28104/1/MPR0240_Fri%
b0rik_Arnarson.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/28104/1/MPR0240_Fri%c3%b0rik_Arnarson.pdf).
 - Börn af erlendum uppruna eru oftast ekki með neinn grunn í tungumálinu þegar þau hefja nám í framhaldsskólanum.
 - Menntamálastofnun þarf að hafa bækistöð á Norðurlandi.
 - Áhyggjur af auknum fjarvistum nemenda.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Sveitarfélög þurfa að efla fjölskylduráðgjöf.
 - Efla þarf til muna skólaþróun á Eyjafjarðarsvæðinu með samstarfi við HA.

AKUREYRARBÆR 2. OKTÓBER 2018

- Eftirtaldir fulltrúar Akureyrarbæjar voru boðaðir til fundarins: Bæjarstjóri, fulltrúar úr fræðsluráði, fulltrúar úr frístundaráði, sviðsstjórar fræðslu- og samfélagssviðs, fulltrúar úr velferðarráði, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri búsetusviðs.
- Á fundinn mættu 21 einstaklingur.

- **Samstarf**
 - Þarf að skapa öfluga samstarfsmenningu í skólum.
 - Áhyggjuefni að heilsugæslan er ekki lengur á umráðasvæði Akureyrarbæjar.
 - Heilsugæslan hefur áhyggjur af samstarfsleysi.
 - Draga þarf úr miðlægri sérfræðiráðgjöf og efla samstarf á vettvangi.
 - Óformlegt samstarf er gott en mikilvægt er að formgera það.
 - Ekki nóg að tala bara saman við þurfum að framkvæma meira.
 - Akureyrarbær stendur vel í málefnum fatlaðra nemenda í leik- og grunnskólum, bæta má þjónustuna í framhaldsskólum.

- **Stuðningur við skóla**
 - Helstu áskoranir snúa að því hvernig við ætlum að styðja kennara.
 - Þarf að reyna eins og kostur er að fjölga menntuðum kennurum í stað fjölgun stuðningsfulltrúa.
 - Auka þarf vellíðan nemenda og foreldra.

- **Mannauður og starfsþróun**
 - Minni sérkennsla er í leikskólum á Akureyri vegna betri mönnunar.
 - Atgervisflótti er úr kennarastarfi, of fáir menntaðir kennarar.

- **Umræða um skólamál**
 - Skólakerfið hefur brugðist ungum drengjum.
 - Niðurskurður á sérkennslu á kreppuárunum er að koma fram núna.
 - Skólakerfið hefur alla burði til að mæta áskorunum samfélagsins.
 - Þarf að standa aukinn vörð um og efla verk-, tækni- og listgreinar.
 - Efla þarf þátttöku foreldra í skólastarfinu.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Horfast þarf í augu við þá staðreynd að um helmingur kennara er með neikvæð viðhorf gagnvart skóla án aðgreiningar.
 - Innleiðing stefnunnar hefur liðið fyrir stöðuga endurskoðun á regluverkinu á liðnum árum.
 - Breyta þarf úthlutunum til stuðnings við nemendur, stöðug aukning hefur verið á fjármagni til stuðnings.
 - Vantar heildstæða og samþætta stefnu um málefni barna af erlendum uppruna.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins:
Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit.
- Fjarverandi: Fulltrúar Langanesbyggðar, Svalbarðshrepps og Tjörneshrepps.
- Á fundinn mættu 16 einstaklingar.

- **Samstarf**
 - Aukið samstarf er grundvöllur menntunar fyrir alla.
 - Gott samstarf Norðurþings og Skútustaðahrepps um skóla- og félagsþjónustu.
 - Þingeyjarsveit er ekki með samstarfssamning um skólaþjónustu við Norðurþing.
 - Vinna þarf markvisst að því að efla samstarf kerfa.
 - Þverfaglegt samstarf skiptir mjög miklu máli.
 - Stilla þarf kerfislæga hvata þannig að þeir beinist allir í sömu átt.

- **Stuðningur við skóla**
 - Stuðningur við nemendur og kennara í framhaldsskólum er of lítill.
 - Fjármagn til stuðnings í framhaldsskólum er of lítið.
 - Skólaþjónustan í Norðurþingi er að fara úr því að vera greinanadi skrifstofufólk í það að verða faglegir ráðgjafar.
 - Rafræn samskipti skipta öllu er kemur að þjónustu við dreifðar byggðir.

- **Mannauður og starfsþróun**
 - Kennaramenntunin þarf að vera fjölbreyttari.
 - Kennarinn þarf í auknum mæli að líta á sig sem leiðtoga.
 - Kennaramenntastofnanir þurfa að stækka verkfærakistu kennara.
 - Áleitin spurning er hvernig háskólar og stuðningskerfin eigi að styðja kennara betur.

- **Umræða um skólamál**
 - Skólakerfið er að breytast í þá átt að laga sig að þörfum nemenda.
 - Efla þarf markmiðasetningu í menntakerfinu.
 - Skólakerfið þarf að koma með fræðslu í notkun snjalltækja.
 - Tveir ólíkir framhaldsskólar eru á svæðinu sem skipta miklu fyrir sveitarfélögin.
 - Sameining framhaldsskóla yrði glapræði.

- **Krefjandi verkefni**
 - Áskoranir svæðisins eru fáir nemendur.
 - Tækifærin felast í aukinni samvinnu allra sem koma að málefnum barna og ungmenna.
 - Megum ekki gleyma hinum almenna nemenda.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins:
Grindavíkurbær, Suðurnesjabær, Reykjanesbær, Vogar.
- Á fundinn mættu 17 einstaklingar.

- **Samstarf**
 - Gott samstarf Fjölbrautaskóla Suðurnesja við grunnskóla á svæðinu.
 - Skólaþjónusta í Vogum er sótt til Hafnarfjarðar.
 - Félagspjónusta í Vogum er í samstarfi við Suðurnesjabæ.
 - Samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu er gott.
 - Efla þarf samstarf heilsugæslu og menntakerfisins.
 - Samþætt félags- og skólaþjónusta er í Grindavík.
 - NETIÐ er samstarfsverkefni í Grindavík; <http://grindavik.is/v/18720>
 - FLUGIÐ er samstarfsverkefni í Suðurnesjabæ.
 - Stefna ber að sameiginlegu þjónustusvæði, helst eitt sveitarfélag vestan Straums.

- **Stuðningur við skóla**
 - Einn af grunnþáttum menntunar er heilbrigði og velferð og því verður ríkið að efla skólaþjónustu í framhaldsskólum.
 - Mjög gott forvarnarstarf sem byggir á snemmtækri íhlutun er í Grindavík.

- **Mannauður og starfsþróun**
 - Sveitarfélögin á svæðinu standa saman að framboði til starfsþróunar fagfólks.
 - Sérstaða svæðisins er að stór hluti íbúa er af erlendu bergi og þurfa meiri þjónustu en hægt er að veita.
 - Nýliðun leikskólakennara er of hæg.

- **Umræða um skólamál**
 - Námskostnaður framhaldsskólanemenda er verulega íþyngjandi.
 - Auka þarf fjármagn til að efla fjölbreytt námsframboð og sveigjanleika í framhaldsskólum.
 - Jöfnunarsjóður þarf að koma með meira fjármagn inn á svæðið vegna sérstöðu þess.
 - Svárið við auknum gæðum í menntamálum er aukið samstarf.
 - Fullorðinsfræðslan er mikilvæg.

- **Krefjandi verkefni**
 - Of lítið upplýsingastreymi er á milli grunnskóla og framhaldsskóla.
 - Mikil áskorun er að koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna.
 - Nemendur af 18 þjóðernum eru í fjölbrautaskólanum.
 - Um 23% íbúa í Reykjanesbæ eru af erlendum uppruna.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins:
Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur.
- Fjarverandi: Fulltrúar Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps.
- Á fundinn mættu 12 einstaklingar.

- **Samstarf**
 - Ágætt samstarf er á Héraði um stoðþjónustu.
 - Samstarfsverkefnið Austurlandslíkanið (<https://www.samband.is/media/fjarmalaradstefna-2018/Julia.pdf>), brýtur múra og byggir brýr.
 - Samstarfsverkefnið hefur leitt til þess að mál eru oftast leyst á frumstigi og þar af leiðandi eru færri tilvísanir til sérfræðinga og barnaverndar.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Efla þarf stuðning við kennara.
 - Ákall á sérfræðinga inn í skólana er aukið álag á kennara, finna þarf tíma til samstarfs.
 - Umsjónarkennara skortir tíma til að sinna nemendum eins og vera ber.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Sérhæfing kennara hefur minnkað, grafið hefur verið undan sérkennslumenntun.
 - Menntun kennara skilar sér ekki nægjanlega vel á vettvang.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Framhaldsskólinn þarf að víkka veggj sína og auka sveigjanleika og forðast að loka nemendum inni á starfsbrautum.
 - Efla þarf samstarf við foreldra, sérstaklega af erlendum uppruna.
 - Þjóða þarf eldri borgurum að koma inn í skólana og vinna að læsi með börnum og ungmennum.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Efla þarf námsefnisgerð fyrir alla nemendur.
 - Efla þarf fullorðinsfræðslu ekki síst meðal einstaklinga af erlendum uppruna.
 - Útbúa þarf móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna, sem skýrir út hvernig kerfið virkar.
 - Austurlandslíkanið lofar mjög góðu varðandi samþætta þjónustu og betri nýtingu fjármuna.
 - Efla þarf samtal og samstarf á milli grunn- og framhaldsskóla.
 - Fjarvistir nemenda er áhyggjuefni, vinna er að hefjast við skólaforðun.

REYÐARFJÖRÐUR 23. OKTÓBER 2018.

- Fulltrúar frá Fjarðabyggð voru boðaðir til fundarins.
- Á fundinn mættu 14 einstaklingar.

- **Samstarf**
 - Aðilar í Fjarðabyggð eru áfjáðir um að koma til móts við grunngildi stefnunnar um menntun fyrir alla.
 - Stærsta áskorunin er samstarf kerfa.
 - Gott samstarf er á svæðinu bæði innan skólakerfis og milli kerfa.
 - Fjölskyldustefna Fjarðabyggðar er samnefnari samstarfsins.
 - Lítið samfélag verður að hafa brýrnar á milli þjónustukerfa opnar.
 - Sameining sveitarfélaga á Austurlandi hefur styrkt byggðina á öllum sviðum.
 - Við erum eitt samfélag, þeir sem halda öðru fram vinna gegn því.

- **Stuðningur við skóla**
 - Vantar öflugra stoðkerfi utan um framhaldsskólana, sérstaklega af hendi heilsugæslunnar.
 - Gott stoðkerfi er innan skólanna.
 - Ríkisvaldið þarf að styðja framhaldsskólana í að bjóða fjölbreyttara nám.

- **Mannauður og starfsþróun**
 - Mikil barátta er að fá fagfólk til starfa.
 - Um 90% kennara í grunnskólum eru með kennsluréttindi.
 - Um 20% af starfsfólki leikskóla eru með leikskólakennararéttindi.
 - Efla þarf fjarnám bæði í grunnnámi og starfsþróun.
 - Hí hefur ekki staðið sig sem háskóli allra landsmanna er kemur að fjarnámi.
 - Allt grunnnám við HA er tekið upp og engin mætingaskylda er.

- **Umræða um skólamál**
 - Framhaldsskólinn þarf oft að fella niður iðn- og starfsnám vegna fjárskorts.
 - Mat á námsframboði í framhaldsskólum tekur of mikið mið af þörfum þéttbýlis.

- **Krefjandi verkefni**
 - Þjónusta við börn af erlendum uppruna er stór áskorun.
 - Endurskipuleggja þarf kennsluna svo hún nýtist börnum af erlendum uppruna betur.
 - Allir kennarar verða að líta á sig sem íslenskukennara.
 - Efla þarf samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna.
 - Efla þarf samstarf við Austurbrú og atvinnulífið varðandi fullorðinsfræðslu.
 - Virk móttökuáætlun er til staðar en vantar fjölmenningsstefnu.

HAFNARFJÖRÐUR 29. OKTÓBER 2018

- Eftirtaldir fulltrúar Hafnafjarðarbæjar voru boðaðir til fundarins: Bæjarstjóri, fulltrúar úr fræðsluráði, fulltrúar úr íþrótt- og tómstundanefnd, sviðsstjórar fræðslu- og frístundaþjónustu, fulltrúar úr fjölskylduráði, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu.
- Á fundinn mættu 22 einstaklingar.

- **Samstarf**
 - Verið að auka samstarf fræðslu- og fjölskyldusviðs.
 - Eigum við að samþætta fræðslu- og fjölskyldusvið?
 - Efla þarf samstarf á milli grunnskóla og framhaldsskóla.
 - Efla þarf samstarf við heilbrigðiskerfið um málefni barna og ungmenna.
 - Kerfið á fyrst og fremst að þjóna íbúum.

- **Stuðningur við skóla**
 - Efla þarf stuðning við kennara og annað fagfólk.
 - Mikilvægt er að endurskipuleggja kennaramenntun.

- **Mannauður og starfsþróun**
 - Efla þarf faglegt forystuhlutverk skólastjóra.
 - Mikilvægt er að efla ólíkar fagstéttir í skólakerfinu.

- **Umræða um skólamál**
 - Menntamál er mikilvægasti málaflokkur sveitarfélagsins.
 - Er vinnudagur barna of langur?
 - Erum við að hanna og skapa aðstæður fyrir alla nemendur?
 - Skólakerfið er of upptekið af veikleikum nemenda.
 - Of mikið er um greiningar á börnum sem taka of langan tíma.

- **Krefjandi verkefni**
 - Forgangsmál er að vinna að snemmtækri íhlutun, sjá <http://vidivellir.leikskolinn.is/Frettir/almennt/Hafnarfjardarlikanid>.
 - Hafnarfjarðarbær er að verða barnvænt samfélag í samstarfi við UNICEF.
 - Þarf að úthluta fjármagni á skilvirkari hátt.
 - Þurfum að virkja áhugahvöt og styrkleika nemenda.
 - Of mikið er talað of lítið framkvæmt.
 - Erum við með of mörg olúskip og of fáar skútur? Erum við með sjóræningjakort er kemur að menntun kennara? Erum við í hafvillum og bíðum eftir að finna gullkistuna?

- Eftirtaldir fulltrúar Garðabæjar voru boðaðir til fundarins: Bæjarstjóri, fulltrúar úr skólanefnd grunnskóla, fulltrúar úr leikskólanefnd, fulltrúar úr íþrótt- og tómstundaráði, forstöðumaður fræðslu- og frístundapjónustu, fulltrúar úr fjölskylduráði, forstöðumaður fjölskyldupjónustu.
- Á fundinn mættu 16 einstaklingar.

- ✓ **Samstarf**
 - Mikilvægt er að efla samstarf kerfa.
 - Heilsugæslan þarf að koma í meira samstarf.
 - Heildstæð þjónusta skiptir miklu máli.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Þurfum öflugt fólk inn í skólana og fleiri í kennaranám.
 - Ekki má gleyma vellíðan nemenda.
 - Auka þarf áherslu á siðfræði og samskiptafærni nemenda.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Þarf að valdefla kennara.
 - Finna þarf leiðir til að kalla fram og virkja þann kraft sem býr í fólki.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Áhyggjur að greiningar tefji þjónustu við börn.
 - Pólitík og peningar er eitru hugum foreldra.
 - Barnið á rétt á þjónustu og á að fá hana.
 - Sífellt þarf að skoða inntak menntunar.
 - Skoða þarf ástæður þess hve margir eru með greiningar á Íslandi.
 - Efla þarf úrræði innan skóla sem taka við af greiningum.
 - Ef barnið passar ekki inn í boxið þá er eitthvað að boxinu.
 - Ungt fólk þarf að koma meira að umræðunni.
 - Hvernig finnst ungu fólki best að læra?

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Stærstu áskoranir í framhaldsskólum eru brotthvarf og nemendur af erlendum uppruna.
 - Er fræðsluskylda að virka innan framhaldsskólans?
 - Námsgögn í framhaldsskóla þurfa að vera nemendum að kostnaðarlausu.
 - Þarf að horfa heildstætt á einstaklinginn allan daginn svo hægt sé að fylgja honum eftir hvar sem honum er þjónað.
 - Efla þarf sjálfstæði skóla, kerfið getur verið sem helsi á fólki.

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins:
Sveitarfélagið Hornafjörður og Djúpvogshreppur.
- Á fundinn mættu 26 einstaklingar.

- ✓ **Samstarf**
 - Gott formlegt samstarf er á milli mennta-, félags- og heilbrigðiskerfis.
 - Samstarf skiptir miklu máli, „Hornafjörður er eyja í sandhafi“.
 - Gott samstarf er á milli skólanna á Höfn.
 - Austurlandslíkanið er góð fyrirmynd.

- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Skortur er á fagfólki í leikskólanum.
 - Þarf að auka fjarnámskeið sem lið í starfsþróun.
 - Kvíði og streita eru vaxandi, þörf er á sálfræðiþjónustu.
 - Starfsþróun er mikilvægasti þátturinn í að efla fagmennskuna.

- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Erfitt er að fá sérfræðinga til starfa.
 - Þarf að bæta fjarkennslu frá HÍ.
 - Höfum áhyggjur af mönnun skólanna hvað varðar fagfólk.
 - Framhaldsskólinn þarf skólaþjónustu.
 - Vantar fleiri fagstéttir inn í grunnskólann.

- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Vantar hvatningu til nemenda til að fara í iðnnám.
 - Mikil tækifæri felast í samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla.
 - Leikskólinn er að verða of bóknámsmiðaður.
 - Reiknilíkan framhaldsskóla veitir sérstöku fjármagni til sérúrræða og ýtir þar með undir aðgreiningu.
 - Ákvæði um lágmarksfjölda eininga í íslensku í framhaldsskólanámi mismunar nemendum af erlendum uppruna.

- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Áskorunin er að vinna með hverjum nemenda.
 - Við erum ekki að bjóða upp á nám sem hentar drengjum.
 - Fjölmennung er mikil áskorun.
 - Mikilvægt að ná til foreldra af erlendum uppruna.
 - Þarf að auka tækifæri foreldra af erlendum uppruna til starfsþróunar

- Eftirtaldir fulltrúar Kópavogsbæjar voru boðaðir til fundarins: Bæjarstjóri, fulltrúar úr menntaráði, fulltrúar úr leikskólanefnd, fulltrúar úr velferðarráði, fulltrúar úr íþróttaráði, forstöðumenn/sviðsstjórar málaflokka.
- Á fundinn mættu 25 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Efla þarf samstarf heilsugæslunnar og skólakerfis, vöntun er á hjúkrunarfræðingum.
 - Heilsugæslan ræðir um erfitt aðgengi að mörgum grunnskólum.
 - Fækka þarf gráum svæðum á milli barnaverndar og skólakerfis.
 - Fækka þarf gráum svæðum á milli málefna fatlaðra og skólakerfis.
 - Verið er að styrkja samstarf milli kerfa, formlegt samstarf er á milli fræðslumála og velferðarmála.
 - Ekki vantar fjármagn til stuðnings og aukins samstarfs.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Úthlutun til stuðnings við nemendur fer ekki einungis eftir greiningum, þær eru hafðar til hliðsjónar.
 - Þarf að þjónusta börn betur sem eru með flókinn geðrænan vanda.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Of lítil nýliðun er meðal starfsfólks.
 - Hlutverk skólastjórnenda er orðið of flókið.
 - Oft eru ekki nægjanlega jákvæð viðhorf í garð menntunar fyrir alla.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Ánægja er með spjaldtölvuvæðingu í grunnskólum.
 - Mikilvægt að greiningar séu ekki forsenda íhlutunar eða einstaklingsþjónustu við nemendur.
 - Vinna við mótun menntastefnu er að hefjast þar sem snemmtæk íhlutun er áhersluatriði.
 - Framhaldsskólastigið hefur ekki fylgt eftir þróun sem átt hefur sér stað í grunnskólum.
 - Brautakerfi framhaldsskólans er hindrun fyrir marga nemendur, starfsbrautir virka eins og sérdeildir.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Áskorun felst í því að fá börn af erlendum uppruna til að taka þátt í frístunda- og íþróttastarfi.
 - Þjónusta við börn af erlendum uppruna er almenn áskorun sem snertir öll kerfi.
 - Keppnismenning íþróttafélaganna hamlar þátttöku margra barna.
 - Fjölga þarf fagmenntuðu starfsfólki í leikskólum.
 - Helsta áskorunin er að breyta kennsluháttum og menningu skólanna í átt að einstaklingsmiðaðra námi.
 - Skólarnir þurfa að vera viðbragðssnjallir og sjálfstæðir.
 - Skoða þarf nýtingu fjármagns.

MOSFELLSBÆR 6. NÓVEMBER 2018

- Fulltrúar frá eftirtöldum sveitarfélögum voru boðaðir til fundarins: Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ.
- Á fundinn mættu 27 einstaklingar.
- ✓ **Samstarf**
 - Vaxandi gott samstarf er á milli velferðarkerfis og fræðslukerfis.
 - Gott samstarf er innan höfuðborgarsvæðisins er kemur að fræðslumálum.
 - Hvatar í öllum kerfum verða að vinna í sömu átt.
 - Þurfum að byggja brýr og traust á milli kerfa.
- ✓ **Stuðningur við skóla**
 - Þarf að laga stuðning að nemendum en ekki alltaf nemendur að áherslum skólans.
 - Mikilvægt er að búa nemendur undir líf á þessari öld en ekki bara á síðustu öld.
 - Kennarar geta ekki mætt öllum nemendum og því vex þörfin fyrir viðbótarstuðning.
- ✓ **Mannauður og starfsþróun**
 - Allir kennarar en ekki bara sumir þurfa að eiga hlutdeild í menntun fyrir alla.
 - Mikið álag er á kennurum, þeir þurfa að vinna betur saman.
 - Lærdómssamfélag er lykilhugtak.
- ✓ **Umræða um skólamál**
 - Afstaða til menntunar fyrir alla er önnur í framhaldsskólum en grunnskólum.
 - Þarf að auka vægi skapandi greina í grunn- og framhaldsskólum.
 - Ekki má gleyma þeim duglegu, þarf líka að hvetja þau.
 - Kerfið á að búa til persónulega sigurvegara.
 - Vinna þarf í auknum mæli með styrkleika barna.
 - Samkeppni milli foreldra um námsárangur og árangur í íþróttum er mein.
 - Sveitarfélögin eru að setja mikið fjármagn til skólamála.
 - Nýr Helgafellsskóli verður samþættur leik- og grunnskóli með 200 daga skólaár.
- ✓ **Krefjandi verkefni**
 - Efla þarf þátttöku foreldra í námi og námstilhögun barna þeirra.
 - Vaxandi kvíði og depurð ungmenna er stór áskorun.
 - Tenging skólakerfis og tómstundakerfis er mikilvæg.
 - Markmiðið er að barn sem útskrifast úr grunnskóla geti tekist á við samfélagið frekar en að vera með hæstu einkunn í námsgrein.

REYKJAVÍKURBORG 10. DESEMBER 2018

- Fulltrúar frá Reykjavíkurborg sem voru boðaðir til fundarins: Kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði, velferðarráði og Barnavernd Reykjavíkur, embættismenn á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Kjósarhreppur.
- Fjarverandi: Fulltrúar Kjósarhrepps.
- Á fundinn mættu 34 einstaklingar.

Ragnheiður Bóasdóttir, formaður stýrirljóps um menntun fyrir alla, kynnti verkefni stýrirljópsins. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs og Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, kynntu ný samþykkt menntastefnu borgarinnar til 2030. Regína Ásvaldsdóttir kynnti starfsemi og áherslur velferðarsviðs, þ.m.t. skólaþjónustu borgarinnar sem hýst er á velferðarsviði. Skólaþjónustan er samþætt annarri velferðarþjónustu borgarinnar.

✓ **Samstarf**

- Rætt var um samstarf Reykjavíkurborgar og stýrirljóps um menntun fyrir alla varðandi vinnu um endurskoðun reglna um ráðstöfun fjármuna.
- Reykjavíkurborg væntir góðs samstarfs við Heilsugæsluna við innleiðingu nýrrar menntastefnu til 2030.
- Samtalið á milli kerfa þarf að byrja miklu fyrr á æviskeiði barnsins.
- Reykjavíkurborg hefur samþykkt sérstaka frístundastefnu (https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sfs_fristundastefna_2017_web.pdf) sem er hluti af menntastefnunni (https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_rvk_20x20_prent.pdf)

✓ **Stuðningur við skóla**

- Í borginni eru tvö farteymi sérfræðinga sem styðja við nemendur og starfsfólk.
- Fjölga á talmeinafræðingum og hegðunarráðgjöfum í skólum borgarinnar.
- Mikilvægt er að sveitarfélögin byggja upp heildstæðan stuðning í skólamálum.

✓ **Mannauður og starfsþróun**

- Stöðugildi í skólaþjónustu borgarinnar eru um 56 þar af um 15 stöðugildi sálfræðinga.

✓ **Umræða um skólamál**

- Mikilvægt er að funda með nemendum og fá fram skoðanir þeirra á áherslum í menntamálum.

✓ **Krefjandi verkefni**

- Heilsugæslan er ánægð með nýja menntastefnu borgarinnar og lýsir yfir vilja til samstarfs við að efla geðheilbrigði reykvískra barna og ungmenna.

Menntun fyrir alla: Að ryðja hindrunum úr vegi

Í erindinu *Menntun fyrir alla – fræði og framkvæmd* var meðal annars fjallað um nauðsyn þess að skapa sammæli allra sem hlut eiga að máli um skilning á hugtakinu *menntun fyrir alla* og starfsháttum sem samrýmast menntastefnu sem slíka menntun að leiðarljósi.

Markmið þessa umræðuverkefnis er að gefa þátttakendum færi á að íhuga það sem þeir telja að kunni að standa í vegi fyrir því að skólastarf feli í sér *menntun fyrir alla* og jafnframt að sjá fyrir sér hvernig ryðja má hindrunum úr vegi eða gera þær óvirkar. Um leið þurfa þeir að ígrunda og samræma hugmyndir sínar um hvað hugtakið *menntun fyrir alla* þýðir í raun og veru og hvers konar starfshættir samrýmast skólastarfi sem hefur slíka menntun að leiðarljósi.

Í verkefninu er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningu:

Með menntun fyrir alla er átt við opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglinga þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í slíku menntakerfi er litið á fjölbreytileika sem meginreglu og leitast við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu með merkingarbærri námskrá, skilvirkri kennslu og nauðsynlegum stuðningi.

Verkefnið er í þremur hlutum:

- Í fyrsta hluta vinna þátttakendur hver fyrir sig; íhuga skilgreininguna sem gengið er út frá í verkefninu og sjá fyrir sér hvað þeir telja að standi í vegi fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu.
- Í öðrum hluta vinna þátttakendur í pörum, samræma það sem þeir skráðu í I. hluta og ræða og skrá það sem þeir telja unnt að gera til að ryðja hverri hindrun úr vegi eða gera hana óvirka.
- Í þriðja hluta sameinast hópurinn og hvert par kynnir niðurstöður sínar úr II. hluta. Hópurinn kemur sér síðan saman um tíu mikilvægustu aðgerðirnar og raðar þeim í forgangs röð.

Áður en vinnan hefst er hver hópur beðinn að tilnefna *umræðustjóra* til að halda utan um vinnu hópsins og gæta að tímamörkum; einnig *ritara* en hann fær tölvu og minnislykil til umráða og hefur það hlutverk að skrá lokaniðurstöðu hópsins í III. þrepi og skila til fundarstjóra.

I. hluti – Múrinn (10 mínútur)

Vinnið nú hvert fyrir sig. Gerið ykkur í hugarlund að hindranir fyrir *menntun fyrir alla* séu múr sem þarf að rífa niður, stein fyrir stein, til að tryggja virka þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu. Íhugið skilgreininguna á *menntun fyrir alla* í inngangi verkefnisins og veltið fyrir ykkur hvað kemur í veg fyrir að hún geti orðið að veruleika á öllum skólastigum. Skráið þessar hindranir á múrsteinana í veggnum. Athugið að þið þurfið ekki endilega að skrá eitthvað á alla steinana.

II. hluti – Að ryðja hindrunum úr vegi (20 mínútur)


Vinnið nú í pörum innan hópsins. Samræmið hugmyndir ykkar um hindranirnar sem þið skráðuð á steinana í múrnunum í I. hluta. Sameinið skilning ykkar, samræmið það sem er efnislega líkt o.s.frv. og hefjist handa við að rífa niður múrinn. Þið getið rífið niður stein með því að ryðja úr vegi hindruninni sem þið skráðuð á hann eða með því að gera hana óvirka og koma í veg fyrir hún hafi áhrif. Þannig rífið þið niður múrinn þangað til þið hafið jafnað hann við jörðu.

Þættir sem hindra	Það sem unnt er að gera til að ryðja hindruninni úr vegi eða gera hana óvirka
1.	
2.	
3.	
4.	

5.	
6.	
7.	
8.	
9.	
10.	
11.	
12.	
13.	
14.	

III. hluti – Varðan (30 mínútur)

Sameinið nú hópinn á ný og kynnið niðurstöður hvers pars úr II. hluta um hindranir og lausnir. Komið ykkur saman um tíu mikilvægustu lausnirnar. Forgangsráðið að lokum lausnunar og byggjið vörðu úr þeirri forgangsröðun þannig að mikilvægasta lausnin sé á toppi vörðunnar og síðan koll af kalli. Myndin af vörðunni er fyrst og fremst fyrir augað en þættina þarf að skrá í töfluna fyrir neðan.



1	
2	
2	
3	
3	
3	
4	
4	
4	
4	

MÚRINN/VADÐRAN

Niðurstöður úr þemagreiningu

VARÐA	Flokkun	Viðhorf		Fræðsla		Stuðningur		Stefna/sýn		Samstarf		Umgjörð		Nemendur		Forysta		Mannauður		Nám og kennsla			
		Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls	Fjöldi atriða	* Alls
I	A	47	4 188	23	4 92	9	4 36	11	4 44	4	4 16	18	4 72	4	4 16	4	4 12	3	4 12	3	4 12	1	4 4
	B	7	4 28	7	4 28	12	4 48	9	4 36	15	4 60	14	4 56	7	4 28	7	4 28	4	4 16	4	4 16	2	4 8
	SAMTALS	54	4 216	30	4 120	21	4 84	20	4 80	19	4 76	32	4 128	11	4 44	10	4 40	7	4 28	7	4 28	3	4 12
II	A	29	3 87	44	3 132	20	3 60	27	3 81	24	3 72	56	3 168	3	3 9	3	3 9	12	3 36	12	3 36	17	3 51
	B	5	3 15	14	3 42	19	3 57	8	3 24	38	3 114	20	3 60	27	3 81	5	3 15	4	3 12	4	3 12	15	3 45
	SAMTALS	34	3 102	58	3 174	39	3 117	35	3 105	62	3 186	76	3 228	30	3 90	8	3 24	16	3 48	16	3 48	32	3 96
III	A	20	2 40	46	2 92	26	2 52	16	2 32	43	2 86	88	2 176	21	2 42	7	2 14	11	2 22	11	2 22	41	2 82
	B	14	2 28	20	2 40	15	2 30	28	2 56	42	2 84	15	2 30	27	2 54	7	2 14	12	2 24	12	2 24	17	2 34
	SAMTALS	34	2 68	66	2 132	41	2 82	44	2 88	85	2 170	103	2 206	48	2 96	14	2 28	23	2 46	23	2 46	58	2 116
IV	A	33	1 33	26	1 26	16	1 16	24	1 24	29	1 29	74	1 74	40	1 40	5	1 5	15	1 15	15	1 15	39	1 39
	B	8	1 8	11	1 11	20	1 20	14	1 14	22	1 22	70	1 70	21	1 21	2	1 2	2	1 2	2	1 2	16	1 16
	SAMTALS	41	1 41	37	1 37	36	1 36	38	1 38	51	1 51	144	1 144	61	1 61	7	1 7	17	1 17	17	1 17	55	1 55
		163	427	191	463	137	319	137	311	217	483	355	706	150	291	39	99	63	139	63	139	148	279
Röð í vörðumynd			4		3		5		6		2		1		7		10		9				8

